

**SKOÐUN** Ari Trausti Guðmundsson skrifar um ómöguleikhúsið og lýðræði. 25



**MENNING** Ljóðlympíuleikar eru sko alvöru ljóðaslamm. 34



**LÍFIÐ** Söngkonan Karin Sveinsdóttir tróð upp með Björk og Patti Smith. 58





**SPORT** Ítarleg úttekt á úrslitakeppni Dominos-deildar karla sem hefst í kvöld. 54

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT
1011


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
20. mars 2014
67. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



## Annríki á saumastofum

Blússandi gangur er hjá saumastofum eftir mögur ár fyrir hrun. Mikið er um að laga þurfi föt sem pöntuð eru í gegnum netið. 18

**Samningalota** Landsvirkjun hefur gert tvo raforkusamninga við kísilver á tveimur dögum. 4

**Dótturfélag í forvali** Dótturfélag Isavia tekur þátt í forvali Isavia um aðstöðu í Leifsstöð. 6

**Vilja leggja niður ÍLS** Selja mætti lánasafn Íbúðalánasjóðs til að eyða óvissu um fjárframlög ríkissins vegna sjóðsins samkvæmt nýrri skýrslu. 8





24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | NA | 18 |
| Akureyri | 0° | N | 9 |
| Egilsstaðir | 3° | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | NA | 4 |
| Reykjavík | 4° | NA | 7 |

**Hvassviðri eða stormur** N- og NV-til og hvessir V-lands með deginum. Snjókoma N-til en rigning eða slydda A-lands. Úrkomuminna syðra. Hvessir SA- og A-til í kvöld. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk







NÝTT HÓTEL Hjartagarðurinn í miðbæ Reykjavíkur tekur stakkaskiptum á næstunni og verður ekkert í líkingu við það sem hann er nú. Framkvæmdir eru hafnar við nýtt glæsihótel. Á hótelinu verða annað á hundrað herbergi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 35% fengu bótarétt sinn viðurkenndan

Tilkynningum um heilsutjón vegna sjúkdómsmeðferðar hefur fjölgað mikið frá því ný lög tóku gildi árið 2001. Af 110 málum árið 2012 var 91 synjað eða vísað frá.

**HEILBRIGÐISMÁL** Aðeins um þriðjungur þeirra sem tilkynna líkamlegt eða geðrænt tjón vegna læknisrannsókna eða sjúkdómsmeðferða fær tjón sitt bætt. Tilkynningum um slíkt heilsutjón hefur fjölgað mjög frá því lög um sjúklingatryggingu voru sett 2001.

Málin eru tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) vegna meðferðar á opinberum heilbrigðisstofnunum, en tjón sem verða á einkareknum stofnunum eru tilkynnt til vátryggingafélaga.

Tilkynnt hefur verið um 1.153 mál á 13 árum. Alls hafa 948 mál verið afgreidd og þar af hafa 339 sjúklingar fengið mál sín samþykkt og greiddar bætur.

Berglind Ýr Karlsdóttir, deildarstjóri hjá SÍ, segist gera ráð fyrir að fjölgun tilkynninga sé vegna þess að fólk sé meðvitaðra um réttindi sín en ekki að atvikum sé að fjölga.

„Það er líka misjafnt eftir árum hversu hátt hlutfall mála er samþykkt. Þessi mál eru lengi í meðhöndlun og því mögulegt að afgreiðsla og niðurstaða komi á öðru ári en tilkynningin,“ segir Berglind.

**➜ Afgreiddum málum fjölgar verulega**





Að meðaltali fá um 35 prósent sjúklinga greiddar bætur. „Ástæðan fyrir háu hlutfalli synjana gæti tengst því að fólk, sem fær ekki fullan bata en átti von á því, hefur ekki endilega forsendur fyrir því að átta sig á hvort meðferð hafi verið veitt með réttum hætti eða ekki. Það er mjög skiljanlegt.“

Til að sækja rétt sinn í gegnum sjúklingatryggingu þurfa ekki að hafa orðið mistök í strangasta skilningi og ekki er nauðsynlegt að sanna sök starfsmanns heldur er málið byggt á læknisfræðilegu mati. Minni sönnunarbyrði, ásamt því að hámark bóta er tíu milljónir króna, gerir því sjúklingatryggingu frábrugðna skaðabótatryggingu. -ebg

Háir tollar á frönskum:

## Verja ekki hagsmuni neytenda

**VIÐSKIPTI** Ekki er hægt að halda því fram að verið sé að vernda hagsmuni neytenda með háum tollum á innfluttar franskar kartöflur að mati Félags atvinnurekenda. Eini innlendi framleiðandinn annar um 5 prósentum af eftirspurninni. Tollur á franskar kartöflur er mun hærri en á innfluttar kartöflur. - fbj / sjá síðu 22







## SPURNING DAGSINS



Gauji, getur þú ekki verið til friðs?

**„Jú, en það þarf að gera fortíðinni skil og gleyma því ekki hversu mikilvægt er að vera friðsæll.“**

Guðjón Sigmundsson, Gauji litli, var tökustaðarstjóri stríðsmyndarinnar Dead Snow II sem tekin var upp á Íslandi. Hann er einnig staðarhaldari Hernámssetursins í Hvalfirði.

Náttúrufræðistofa Kópavogs rannsakar vistgerð ferskvatna hér landi:

# Fundu tvo nýja kransþörunga

**NÁTTÚRUFAR** Tvær nýjar tegundir kransþörunga hafa fundist hér á landi. Þær bera fræðiheitin Tolypella canadensis og Chara aspera en hafa ekki fengið íslensk heiti.

Þóra Hrafnsdóttir, líffræðingur hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs, segir að kransþörungar séu í hópi grænþörunga og ljóstillífi líkt og háplöntur. Þeir eru stórvaxnastir allra þörunga sem lifa í ferskvatni. Nafn sitt draga kransþörungar af greinakrönsum sem sitja með reglulegu millibili á grönnum stönglum. Þeir eru algengir í tjörnum og stöðuvötnum og mynda oft stórar breiður á botninum.

Tolypella canadensis lifir í köldum og næringarsnauðum vötnum og virðist bundin við hálendisvötn. Chara aspera lifir bæði í fersku og ísöltu vatni. Til þessa hefur tegundin aðeins fundist í Skúmsstaðavatni í Vestur-Landeyjum.

Náttúrustofa Kópavogs hefur kannað gróður í 72 stöðuvötnum og 16 straumvötnum hér á landi frá árinu 2012. - jme



**ÞÖRUNGUR** Þörungurinn Chara Aspera hefur fundist í einu vatni á Íslandi, Skúmsstaðavatni í Vestur-Landeyjum. MYND/NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA KÓPAVOGS

Apple lækkar snjallsímaverð:

# Ódýrari iPhone

**TÆKNI** Raftækjarisinn Apple svipti hulunni af ódýrari útgáfu snjallsímans iPhone 5C í vikunni. CNN greinir frá.

Tim Cook, forstjóri Apple, viðurkenndi í janúar að fyrirtækið hefði ofmetið eftirspurn eftir litríka símanum iPhone 5C. Í kjölfarið svipti Apple hulunni af nýrri gerð símans.

Sá nýi hefur aðeins 8GB minni og er því nokkuð ódýrari. Í Englandi kostar hann 429 pund, eða um 80.000 krónur. Til samanburðar kostar 16GB iPhone 5C jafnvirði 88.500 króna. - kóh



**JAFNAÐ VIÐ JÖRÐU** Ísraelsmenn fyrirskipuðu að tvö hús yrðu jöfnuð við jörðu í hverfinu Beit Hanina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelsmenn jafna tvö hús Palestínumanna við jörðu:

# Segja að byggingarleyfi hafi skort

**ÍSRAEL Hús tveggja palestínskra fjölskyldna í hverfinu Beit Hanina, austur af Jerúsalem, voru lögð í rúst af jarðýtum Ísraela í gær. Ástæðan sem var gefin fyrir eyðileggingunni var sú að húsin hefðu verið byggð án þess að byggingarleyfi væri fyrir hendi.** - fb, jme

Deildi á norskan ráðherra:

# Vildi ekki ræða athafnir Rússa

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, mótmælti því í gær að aðstoðarutanríkisráðherra Noregs notaði vettvang Norðurskautsráðsins til að gagnrýna athafnir Rússa í Úkraínu.

Ráðherrann Ingvild Næss Stub sagði á ráðstefnu ráðsins, sem nú stendur yfir í Bodø í Noregi, að Norðmenn styddu Úkraínu og fordæmdi háttsemi Rússlands á Krímskaga.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segist á Facebooksíðu sinni sammála forsetanum. Alþjóðadeilum hafi verið haldið utan Norðurskautsráðsins. - sko

Nægur svefn er mikilvægur:

# Svefnleysi banar heilafrumum

**VÍSINDI** Rannsóknir sýna að langvarandi svefnleysi getur drepið allt að fjórðung heilafrumna í músum samkvæmt frétt BBC.

Tilraunamúsum var haldið vakandi svo svefnvenjur þeirra líktust aðstæðum svefnleysis í mannlífinu. Eftir þriggja daga svefnleysi, líkt því sem tíðkast hjá fólki sem vinnur næturvinnu, höfðu mýsnar glatað fjórðungi heilafrumna sinna. Höfðu mýsnar þá fengið þriggja til fjögurra tíma svefn á þremur dögum.

Dag einn verður mögulega hægt að þróa lyf sem ver heilann fyrir áhrifum svefnleysis, segja rannsakendurnir. - kóh



**1000 ÁRA AFMÆLI** Systkinin frá Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlíð eru samtals þúsund ára gömul og fögnuðu þeim áfanga í vikunni. Þau eru afkomendur Láru Stefánsdóttur og Hrafnkels Elíassonar. MYND/MYNDSMIÐJAN

# Hallgeirungar áttu 1000 ára afmæli

**Eftirlifandi börn hjónanna Láru Stefánsdóttur og Hrafnkels Elíassonar frá Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlíð fögnuðu því í vikunni að samtals eru þau orðin 1000 ára gömul. Eitt barnanna segir afmælishátíðahöldin hafi verið vegleg í ár.**

**EGILSSTAÐIR** Systkinahópurinn frá Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlíð fagnaði þúsund ára afmæli í vikunni, þegar einn bróðirinn, Dvalinn, átti 74 ára afmæli.

„Það var hann sem velti okkur í eitt þúsund árin,“ segir yngri systir hans, Alda Hrafnkelsdóttir.

Systkinin eru fimmtán, það elsta er 78 ára en það yngsta er 54 ára. Upphaflega voru þau sextán en einn bróðirinn, Auðunn Hlíðar, er látinn.

„Strákarnir eru fleiri eða níu, við erum sex stelpurnar,“ segir Alda. „Þetta var skemmtilegur og eftirminnilegur dagur.“

„Í tilefni dagsins klæddum við systurnar okkur upp á í þjóðbúninga og bræðurnir klæddust jakkafötum. Svo var haldið á ljósmyndastofu þar sem teknar voru myndir af hópnum,“ segir Alda.

Deginum var að öðru leyti varið í að taka lagið, rifja upp gamlar minningar og skoða gamlar myndir af þeim systkinum á ýmsum aldursskeiðum. Um kvöldið fór svo allur hópurinn ásamt mökum út að borða.

„Þetta voru stærri og veigameiri afmælishátíðhöld en venjulega enda áfanginn stór,“ segir Alda og hlær. Hún segir að það sé afar gaman að tilheyra svo stórum systkinahópi. „Það var alltaf gott samband á milli okkar og maður átti alltaf félagsskap vísan.“

Alda segir að hópurinn hittist reglulega. Tólf Hrafnkelsbarna búa á Héraði en fjögur í öðrum landshlutum. johanna@frettabladid.is




Flugmaður týndu malasísku flugvélarinnar er undir smásjá yfirvalda:

# Eyddi gögnum úr flughermi

**MALASÍA** Gögnum hefur verið eytt úr flughermi annars af flugmönnum malasísku þotunnar sem hvarf sporlaust fyrir tæpum tveimur vikum. Þetta kom í ljós við rannsókn á flugherminum, að því er fram kom í máli Hishammuddin Hussein, samgönguráðherra Malasíu, á fundi með fjölmiðlafólki í gær, samkvæmt frétt CNN.

Hussein upplýsti þó ekki um hverjir hafi getað eytt þeim né hvaða gögnum hefði verið eytt.

Flughermar geyma iðulega upplýsingar um fyrri notkun svo hægt sé að fara yfir fyrri frammistöðu að sýndarflugi loknu. Áhugamenn um flugherma nýta sér upplýsingarnar til að mæla árangur sinn og kunnáttu.

Sérfræðingar segja óvenjulegt að gögnum sé eytt, enda sjaldnast nokkur ástæða til þess. Gagnaeyðslan felur þó ekki endilega í sér illan ásetning, enda er gögnum eytt úr tölvum um heim allan á hverjum degi. Hussein segir sérfræðinga rannsaka herminn í von um að geta endurheimt gögnin sem flugmaðurinn eyddi.

Farþegaþotunnar hefur nú verið leitað sleitulaust í 13 daga. Þrátt fyrir að stór floti skipa og flugvéla fínkembi umliggjandi höf í leit að braki eru björgunarsveitir engu nær um brotthvarf vélarinnar og farþeganna 239. - kóh



**RANNSÓKN** Hishammuddin Hussein, samgönguráðherra Malasíu, ræðir flughermi annars flugmannsins við fjölmiðlafólk í gær. NORDICPHOTOS/AFP


Nýtt kortatímabil
KRINGLUKAST
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
NÝJAR VÖRUR
20-50%
AFSLÁTTUR
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

## SVONA ERUM VIÐ



**100 laxveiðiár eru taldar vera á Íslandi, en kannski um 60 sem gefa að jafnaði góða veiði.**

**Silungsveiðiár reynir ekki nokkur maður að telja, hvað þá að viðbættum stöðuvötnum sem geyma silung.**

Verð á grásleppuhrognum er mjög lágt á heimsmarkaði um þessar mundir:

# Lítill áhugi á grásleppuveiðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Grásleppukarlar norðanlands og -austan og við Reykjanes mega hefja veiðar í dag. Aðrir, nema þeir sem veiða við innanverðan Breiðafjörð, verða að bíða með veiðarnar til 1. apríl.

Landssamband íslenskra smábátasjómanna segir fremur lítinn áhuga á grásleppuveiðum í ár, hrognaverð hafi hrunið og ekki líti vel út með sölu á hrognum í ár. Því til viðbótar vita grásleppukarlar ekki hversu margir veiðidagarnir verða í ár, það ræðst af útkomunni í togararalli Hafrannsóknastofnunar.

Veiðarnar hafa dregist verulega saman síðustu misseri. Í fyrra var saltað í 8.600 tunnur af grásleppuhrognum en 12.200 árið áður. Útflutningsverðmæti saltaðra grásleppuhrogna og kavíars sem búinn er til úr hrognunum lækkaði um 900 milljónir króna á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs miðað við sama tímabil 2012. Útflutningurinn skilaði 1,3 milljörðum króna í fyrra en 2,2 milljörðum árið áður. **- jme**



**MEGA VEIÐA** Samkvæmt reglugerð um hrognkelsaveiðar mega grásleppukarlar halda til veiða í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umboðsmaður skuldara:

# 100 sækja um fjárhagsaðstoð

**FJÁRMÁL** Um eitt hundrað umsóknir um fjárhagsaðstoð við gjaldþrot hafa borist Umboðsmanni skuldara. Í byrjun þessa árs tóku gildi lög um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.

Lögunum er ætlað að auðvelda einstaklingum í verulegum greiðsluörðugleikum að fara fram á gjaldþrotaskipti. Sé umsókn samþykkt hefur það í för með sér að skiptakostnaður við gjaldþrot greiðist af ríkinu. **- jme**



**RANNSÓKNIR** Náttúrufræðistofnun fær 8,5 milljónir til að rannsaka rjúpur úr Veiðikortasjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úthlutað úr veiðikortasjóði:

# 8,5 milljónir í rjúpurannsóknir

**NÁTTÚRUFAR** Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur úthlutað úr Veiðikortasjóði til rannsókna á stofnum villtra fugla og villtra spendýra. Fimmtán umsóknir að fjárhæð um 60 milljónir króna bárust. Til úthlutunar voru um 30 milljónir króna.

Hæstan styrk fékk Náttúrufræðistofnun Íslands, 8,5 milljónir vegna vöktunar rjúpnastofnsins. Háskóli Íslands fékk næsthæsta styrkina, 3,9 milljónir í rannsóknir á fuglabjörgum og 3,6 milljónir til lundarannsókna. **- jme**

Skýrsla um sparisjóðina:

# Vill sjá skýrslu fyrir kosningar

**ALPINGI** Helgi Hjörvar Samfylkingunni spurðist fyrir um sparisjóðaskýrsluna á Alþingi í gær. „Ég kvaddi mér hér hljóðs vegna skýrslunnar eða öllu heldur skýrsluleysið um sparisjóðaspillinguna,“ sagði Helgi og minnti á að skýrslan hefði átt að vera tilbúin fyrir tveimur árum.

Helgi sagði skýrsluna varða ýmis bæjar- og sveitarfélög. Hann kvaðst því leggja gríðarlega áherslu á að skýrslan verði lögð fram hið fyrsta þannig að upplýsingar um starfsemi sparisjóða séu öllum kjósendum kunnar þegar að kosningum kemur í vor. **- jme**

# Landsvirkjun semur við tvö kísilver á þremur dögum

Landsvirkjun hefur gert raforkusölusamninga við fyrirtæki sem hyggjast byggja hér kísilmálmverksmiðjur. Gerjun á heimsmarkaði skýrir hraða þróun. Skýrist fyrir lok maí hvort áform í Helguvík ganga eftir.

**ORKUMÁL** Landsvirkjun hefur á þremur fyrstu dögum vikunnar tilkynnt um undirritun raforkusölusamninga við tvö ótengd fyrirtæki sem hyggjast byggja upp kísilmálmverksmiðjur hér á landi; á Bakka við Húsavík og í Helguvík.

„Við erum mjög ánægð með að ná auknum fjölbreytileika í viðskiptavinahóp okkar og bjóðum PCC Bakki Silicon og kísilmálmiðnaðinn velkomin í viðskipti til okkar. Við erum viss um að kísilmálmiðnaður muni dafna á Íslandi til langs tíma,“ sagði Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, eftir undirritun raforkusölusamnings við PCC á mánudaginn. Nær samhljóma fréttatilkynning var send út í gær eftir undirritun við United Silicon.

Það er engin tilviljun að undirritun tveggja samninga við fyrirtæki í kísilmálmiðnaði fellur saman, eins og nú. Það munu vera aðstæður, og horfur, á mörkuðum með kísilmálm sem ráða öllu um hraða atburðarás. Hafa hagsmunaaðilar verið að bíða þess að „glugginn opnist“, eins og það er orðað, og þá ekki síst að þeir sem kaupa kísilmálm séu tilbúnir að gera langtímasamninga. Nú hafa skapast þær aðstæður á heimsmarkaði.

Uppbygging á kísilmálmverksmiðjum einskorðast þessa dagana heldur ekki við Ísland; til dæmis hefur verið um verkefni í Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Þá hefur United Silicon síðastliðið ár metið nokkrar mögulegar staðsetningar um heiminn fyrir uppsetningu og rekstur verksmiðju, meðal annars í Miðausturlöndum og Malasíu.

Raforkusölusamningarnir eru undirritaðir með vissum fyrirvörum sem skal uppfylla síðar á árinu, þ.m.t. um tilheyrandi leyfisveitingar, fjármögnun og tækjakaup.

Auðun Helgason, stjórnarmaður í United Silicon, segir stór skref hafa verið stigin, en fjármögnun verkefnisins er enn ólokið þó hún sé langt komin. Hann segir ótímabært að gefa upplýsingar um þá tvo erlendu fjárfesta úr evrópska kísilmálmiðnaðinum sem að baki íslenska félaginu standa, en það verði gert fyrir lok maí.

Auðun játar því að markaðsaðstæður ráði miklu um þróun mála og eftirspurn eykst. „Menn eru að taka við sér, og það hefur verið kreppa víðar en á Íslandi,“ segir Auðun en bætir við að hér heima sé kannski meira svigrúm fyrir minni fyrirtæki í iðnaðaruppbyggingu, eins og kísilmálmverksmiðjur sem ekki eru eins umdeildar og stærri og orkufrekari verksmiðjur.

**svavar@frettabladid.is**



**HELGUVÍK** Það liggur endanlega fyrir í lok maí hvort United Silicon byggir kísilver í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Annasöm vika hjá Landsvirkjun

Á mánudag tilkynnti Landsvirkjun um undirritun raforkusölusamnings við PCC Bakki Silicon hf., og mun útvega rafmagn fyrir kísilmálmverksmiðju sem PCC Bakki Silicon áformar að reisa við Bakka við Húsavík. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan hefji starfsemi snemma á árinu 2017 og muni framleiða allt að 36 þúsund tonn af kísilmálmi og nota 58MW af afli.

Á þriðjudag tilkynnti Landsvirkjun að tilboða verði leitað í 45 MW vélasamstæðu og tilheyrandi búnað fyrir jarðvarmavirkjun á Þeistareykjum með valrétti um kaup á viðbótarvélbúnaði fyrir allt að 90 MW virkjun.

Á miðvikudag [í gær] tilkynnti Landsvirkjun um undirritun raforkusölusamnings við United Silicon hf. Samkvæmt samningnum mun Landsvirkjun útvega rafmagn fyrir kísilmálmverksmiðju sem United Silicon áformar að reisa í Helguvík. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan hefji starfsemi á fyrri helmingi ársins 2016 og noti 35 MW af afli.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Friedrichshafen | 20° | New York | 12° |
| Aþena | 20° | Gautaborg | 12° | Orlando | 25° |
| Basel | 19° | Kaupmannahöfn | 12° | Ósló | 11° |
| Berlín | 18° | Las Palmas | 20° | París | 19° |
| Billund | 15° | London | 15° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 20° | Mallorca | 20° | Stokkhólmur | 8° |



**Á MORGUN** 10-23 m/s

**LAUGARDAGUR** 10-18 m/s A- til, annars hægari

**NA HVASSVIÐRI EÐA STORMUR** N- og NV-til í dag og um mestallt land á morgun. Lægir á laugardag, þó allhvasst A-til. Snjókoma N-til næstu daga. Kólnar fram á laugardag, þá verður frost 3-13 stig.



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Veruleg lækkun rekstrarkostnaðar Landsbankans

## Traust fjárhagsstaða




Eiginfjárhlutfall bankans er langt umfram kröfur eftirlitsstofnana sem nú er 16,7%.

## Lækkandi rekstrarkostnaður

**10,1%**

Raunlækkun rekstrarkostnaðar á árinu 2013 var 10,1% sem skilar sér í betri kjörum til viðskiptavina.

## Aukinn hagnaður




Rekstrarhagnaður jókst um 13% milli ára og nam 28,8 milljörðum króna eftir skatta á árinu.



*Hagkvæmni í rekstri er forsenda þess að bankinn geti með ábyrgum hætti boðið viðskiptavinum betri kjör.*

***Það er stefna Landsbankans** að vera til fyrirmyndar á íslenskum fjármálamarkaði. Með því að ávinna okkur traust og ánægju viðskiptavina, stunda hagkvæman en arðsaman rekstur, vera hreyfiafl í íslensku samfélagi og byggja á góðu siðferði náum við því markmiði.*

**Uppgjör Landsbankans** fyrir árið 2013 endurspeglar traustan rekstur. Hagnaður er góður sem helgast af hækkandi tekjum og lækkandi rekstrarkostnaði. Mikill árangur hefur náðst við hagræðingu í rekstri og áfram verður haldið á þeirri braut.

Sterk fjárhagsstaða Landsbankans skiptir máli. Öðruvísi getur hann ekki verið sú burðarstoð í íslensku efnahagslífi sem honum er ætlað að vera. Við leggjum áherslu á að skila viðskiptavinum okkar, eigendum og samfélaginu öllu ávinningi með okkar starfi.

Lækkandi kostnaðarhlutfall, aukin arðsemi eigin fjár, sterk lausafjárstaða, lækkandi vaxtamunur, traustara eignasafn og mikið eigið fé bera vitni um hagkvæman rekstur þar sem áhættu er stillt í hóf. Þetta hefur gert bankanum kleift að bæta kjör viðskiptavina sinna.

**Kostnaðarhlutfall Landsbankans***




Mikill árangur við hagræðingu í rekstri náðist á árinu 2013 sem skilar sér í lægri rekstrarkostnaði.

*Kostnaðarhlutfall = rekstrargjöld alls að frátalinni gjaldfærslu vegna hlutabréfatengdra launaliða / (hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvenær er stefnt að því að vistvænn íslenskur kjúklingur komi á markað?
**2.** Hvaða fyrirtæki skoðar lóðir undir tvö þúsund fermetra gagnaver?
**3.** Hvaða körfuboltamaður er 20 stiga kóngur vetrarins?

**SVÖR:**
**1.** Í sumar. **2.** Advania. **3.** Sveinbjörn Claessen.

Ýmiss konar mælitækjum í kringum Heklu hefur verið fjölgað mikið á undanförnum árum:

# Mæla gasið sem stígur upp úr kviku Heklu

**ELDGOS** Gasmælingum við Heklu hefur verið fjölgað undanfarna átján mánuði. Gastegundirnar sem stíga upp úr kvikunni eru mældar uppi á fjallinu.

„Kvika í eldfjöllum losar venjulega eitthvað gas og eitt af því sem menn gera þegar eldfjöll eru vöktuð er að mæla gasútstreymi frá eldfjöllum. Það gefur upplýsingar um dýpi og eðli kvikunnar og getur gefið upplýsingar sem skjálftamælar og GPS-mælar gefa ekki,“ segir Benedikt Ófeigsson, jarðeðlisfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Hekla hefur þanist jafnt og þétt út frá því mælingar hófust.

Benedikt segir að kerfisbundnar gasmælingar í kringum íslensk eldfjöll hafi lítið sem ekkert verið stundaðar í gegnum árin. „Það er frekar erfitt að mæla gas og nota gasmæla sem vöktunartæki á Íslandi. Það eru ýmis ljón í veginum fyrir því, meðal annars veðurfarsleg, en menn hafa verið að fikra sig í þessa átt.“

Mælitækjum í kringum Heklu hefur verið fjölgað mjög á undanförnum árum, þar á meðal jarðskjálfta- og GPS-mælum. „Mikilvægasta viðbótin er kannski sú að það er orðið talsvert þétt net af GPS-mælum,“ segir Benedikt.

„Við erum búnir að vera viðbúnir Heklugosi í talsvert mörg ár. Þetta endar í gosi, spurningin er hvenær. Það er ekki sjálfgefið að það verði á næstu árum en það er það sem við gerum ráð fyrir og búumst við.“

- fb



**MÆLIR Í KOFA** Gasmælirinn frá Veðurstofunni er í þessum kofa sem var reistur á Heklu. MYND/VEÐURSTOFA ÍSLANDS





*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ


# Dótturfélagið tekur þátt í forvali Isavia

Samtök verslunar og þjónustu eru ósátt við þátttöku Fríhafnarinnar í forvali um aðstöðu í Leifsstöð. Gagnrýna rekstur á „undirfataverslun ríkisins“. Markmið forvalsins að auka samkeppni, segir stjórnarformaður Isavia. Óttast lítinn áhuga.

**VERSLUN** „Þarna er í raun og veru verið að viðurkenna að það sé allt í lagi að Fríhöfnin reki tískuvöruverslun og undirfataverslun ríkisins,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ).



**ANDRÉS MAGNÚSSON**



**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON**

Samtökin gagnrýna þátttöku Fríhafnarinnar í forvali Isavia um aðstöðu til verslunar- og veitingareksturs í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Fríhöfnin er dótturfyrirtæki ríkishlutafélagsins Isavia. Fyrirtækið rekur fataverslunina Duty Free Fashion og snyrtivöru- og undirfataverslunina Victoria‘s Secret í flugstöðinni. Rekstur undirfataverslunarinnar verður ekki boðinn út í forvalinu en Fríhöfnin hyggst bjóða í Duty Free Fashion.

„Við tókum við versluninni af Icelandair og það er líklegt að Fríhöfnin bjóði í hana og það fyrst og fremst vegna þess að það eru væntanlega ekki margir sem munu hafa áhuga á því. Ef aðrir hafa áhuga á að gera það og borga hærri leigu þá að sjálfsögðu taka þeir það,“ segir Þórólfur Árnason, stjórnarformaður Isavia og Fríhafnarinnar ehf. Hann vill ekki svara því hvort Fríhöfnin ætli að leggja fram önnur tilboð í forvalinu.

Þórólfur segir verslunarrými í flugstöðinni dýr og að fyrirtæki þar þurfi að halda uppi háu þjónustustigi.

„Menn hafa skilað plássum og ekki verið tilbúnir til að hafa opið allan sólarhringinn. Isavia hefur verið að efla aðkomu fleiri flugfélaga með sérstöku hvatakerfi og fá þannig fleiri til þess að koma á Keflavíkurflugvöll. Við erum að vona að með þessari auknu arðsemi af væntanlega fleiri viðskiptavinum, þá sé þar með þetta svæði eftirsóttara heldur en áður, þannig að við vonumst eftir góðum tilboðum í þessi verslunarrými,“ segir Þórólfur.



**Í LEIFSSTÖÐ** Fríhöfnin hefur rekið verslunina Victoria‘s Secret frá árinu 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Menn eru svolítið að gefa sér það fyrirfram að það sé ekki eftirspurn eftir þessu,“ segir Andrés. „Það hlýtur að vera eftirspurn eftir því að reka verslun sem höfðar mjög til ferðamannsins á svona stað þar sem allur þessi fjöldi fer í gegn. Af hverju getur ríkið ekki setið hjá og leyft einkaaðilum að bjóða einum í rekstur fataverslunar,“ segir Andrés. Hann segir ákveðna sátt ríkja um þá ákvörðun að Fríhöfnin sitji ein að verslun með „hefðbundnar fríhafnarvörur“, eins og áfengi, tóbak og sælgæti.

„Það er hins vegar mjög gagnrýnivert að ríkið sé farið að fikra sig inn á aðrar slóðir. Það dettur engum í hug að ríkið fari að reka undirfataverslun í Reykjavík. Af hverju ætti ríkið að vera í sambærilegum rekstri þó þetta heiti Flugstöð Leifs Eiríkssonar,“ segir Andrés.

### ➜ Ferlið hófst í gær

Á annað hundrað fulltrúar innlendra og erlendra rekstraraðila sóttu kynningu Isavia vegna forvalsins í gær. Forvalið nær eingöngu til sérverslana og veitingastaða. Isavia stefnir einnig að breytingum á brottfararsal flugstöðvarinnar og áætlað er að þeim ljúki vorið 2015.

Þórólfur segir forvalið hafa verið kynnt Samkeppniseftirlitinu. Stefnt sé að því allir verði sáttir við ferlið og því hafi það verið kynnt á opnum fundi í Hörpu í gær.

„Isavia áskilur sér allan rétt í forvalinu til að taka hverju sem er og hafna hverju sem er. En sjónarmið Isavia er að opna markaðinn, auka samkeppni og þjónustu við flugfarþega,“ segir Þórólfur.

haraldur@frettabladid.is

Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands fá rúmar 17 milljónir í sinn hlut:

# Vilja samstöðu um náttúruvernd

**NÁTTÚRUVERND** 35 milljónir söfnuðust til styrktar Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands á tónleikunum Stopp! Gætum garðsins á þriðjudag.

Náttúrusjóður Pálma Jónssonar styrkti verkefnið um 24 milljónir króna.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að þeim hluta fjárins sem kom úr styrktarsjóði Pálma verði varið að mestu til verkefnisins Hálendið – hjarta landsins.

„Orkufyrirtækin hafa beðið um að fimmtán svæði verði sett í nýtingu á hálendinu. Við viljum reyna að fá Íslendinga til að sameinast um að þarna förum við ekki inn með stórframkvæmdir. Verkefnið núna er fyrst og fremst að koma í veg fyrir að það verði ráðist í allar þessar framkvæmdir,“ segir Guðmundur Ingi.



**GUÐMUNDUR I. GUÐBRANDSSON**



**ÁRNI FINNSSON**

Hann segir að fénu verði þó ekki ráðstafað öllu í einu. „Sem heild er hálendið verðmætt en þegar búið er að kroppa innan úr því tapar það þessum heildarbrag.“

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að fénu verði við varið „því verður ráðstafað til náttúruverndar og ekki til neins annars.“

- ssb

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM DÖMUFATNAÐI**
**OG DÖMUSKÓM**
20.-24. MARS.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 24. mars.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

Fólk í fjármálafyrirtækjum:

## Samþykkja kjarasamning

**VINNUMARKAÐUR** Kjarasamningar Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir í allsherjaratkvæðagreiðslu í gær.

Samningurinn byggir á sáttatillögu Ríkissáttasemjara sem lögð var fyrir stéttarfélög á almennum vinnumarkaði í febrúar, en samningurinn er að öðru leyti sambærilegur við þá samninga sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði. **- jme**

Áslaug Friðriksdóttir segir flókið félagslegt kerfi búa til fátæktargildrur og efla þurfi húsnæðisúrræði:

# Telur meirihlutann tefja húsnæðismálin

**REYKJAVÍK** Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir erfitt fyrir fólk að komast út úr félagslega kerfinu.

„Fólk verður óöruggt um að geta ekki aflað tekna ef það missir bæturnar," segir Áslaug og tekur þannig undir orð Bjarkar Vilhelmsdóttur sem sagði marga festast í fátæktargildru Fréttablaðinu í gær.

Áslaug segir lausnina fólgna í einfaldara félagslegu kerfi, því að hátt flækjustig búi frekar til fátæktargildrur.

„Í stað þess að hafa sérstakar húsaleigubætur og félagsíbúðir fyrir þá sem eru með minnstu tekjurnar þyrfti að vera hærri almennar húsaleigubætur sem koma til móts við tekjuleysið. Þá komumst við hjá því að flokka fólk innan félagslega kerfisins."

Áslaug segir að til þess að þessi leið sé greið þurfi að vera nóg framboð af leiguhúsnæði og að lítið þurfi annað en pólitískan vilja til að hefja uppbyggingu.

„Einkaaðilar bjóða þrjátíu fermetra íbúðir á 80 þúsund á mánuði á meðan sambærilegar félagsíbúðir eru á 60 til 100 þúsund krónur, sem sagt samkeppnishæft verð. Meirihluti borgarstjórnar tefur þetta brýna húsnæðismál með miðstýringu á verkefninu og nefndarstörfum, en ætti þess í stað að ræða við einkaaðilana sem hafa kunnáttuna og lausnirnar." **- ebg**



**BORGARFULLTRÚI** Áslaug Friðriksdóttir vill að einkaaðilar fái að hefja uppbyggingu húsnæðis í Reykjavík. MYND/KRISTINN MAGNÚSSON



**KJARNORKA** Þóríum er langtum hentugri orkugjafi en úran. NORDICPHOTOS/GETTY

Kínverjar bylta kjarnorku:

## Þóríumkljúfar fyrir 2024

**KÍNA** Kínversk stjórnvöld hafa stytt þann tíma sem hópur vísindamanna hefur til að hanna nýja gerð kjarnorkuvera úr 25 árum í tíu ár. South China Morning Post greinir frá þessu.

Vísindamenn í Shanghaí hafa unnið að hönnun kjarnakljúfs sem gengur fyrir geislavirka frumefninu þóríum í stað úrans. Þóríum er afkastameira, hreinna og öruggara en úran.

Allt að 70 prósent orku sem notuð er í Kína fæst úr jarðefnaeldsneyti. Kínversk yfirvöld eygja þá von að draga úr mengun með þóríumkjarnakljúfum. **- kóh**

Dómsátt í Bandaríkjunum:

## Toyota borgar 135 milljarða

**BANDARÍKIN** Dómsátt hefur náðst milli Toyota og bandaríkskra yfirvalda vegna bíla Toyota sem skyndilega juku hraðann án vilja ökumanna, sem leiddi til margra dauðsfalla.

Toyota greiddi andvirði 135 milljarða króna í dómsátt. Svo virðist sem Toyota hafi falið kvartanir sem fyrirtækinu bárust vegna þessa galla. Fyrirtækið innkallaði yfir tíu milljón bíla á árunum 2009 og 2010. Viðgerðir bílanna fólust í því að skipta um bensínfetil, gólfmottur og húgbúnað sem stjórnar hemlun. **- ft**

# Selja á Íbúðalánasjóð eða leggja hann niður

Eyða mætti óvissu um fjárframlög ríkisins vegna Íbúðalánasjóðs með því að selja lánasafn hans. Í nýrri skýrslu er lagt til að hér verði komið á húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd. Líklegt er að til verði að minnsta kosti 4 til 5 húsnæðislánafélög.

**EFNAHAGSMÁL** Lagt er til að Íbúðalánasjóður (ÍLS) verði lagður niður í núverandi mynd og lánasafn hans látið renna út eða selt, í nýrri skýrslu ráðgjafarfyrirtækjanna KPMG og Analytica til verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála. Skýrslan, sem kynnt var í gær, er innlegg í vinnu verkefnisstjórnarinnar sem stefnir að því að skila ráðherra félags- og húsnæðismála lokatillögum sínum í lok næsta mánaðar.

KPMG og Analytica leggja til að hér verði útfært nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd, þar sem húsnæðislán verði veitt af húsnæðislánafélögum. „Þau félög verða starfsleyfisskyld fjármálafyrirtæki og sett um þau lög," segir í samantekt. Félögin megi svo eingöngu lána til húsnæðiskaupa og fjármagna útlán með útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem skráð verða á markaði, en stunda ekki aðra starfsemi. „Eiginfjárkröfur byggi á sama grunni og gildir fyrir önnur fjármálafyrirtæki, en þó má gera ráð fyrir að eiginfjárkrafa til húsnæðislánafélaga verði lægri en nú er gerð til viðskiptabanka vegna minni áhættu."

Í skýrslunni er talið líklegt að stóru viðskiptabankarnir þrír stofni hver og einn sitt félag, auk þess sem ætla megi að minni fjármálastofnanir komi sér saman um stofnun slíks félags. Sama gæti gilt um lífeyrissjóðina. „Þannig er líklegt að til verði að minnsta kosti fjögur til fimm húsnæðislánafélög."

Í skýrslu KPMG er lagt til að ÍLS verði skipt upp í tvo hluta. Annar verði Húsnæðisstofnun sem taki við félagslegu hlutverki sjóðsins og öðrum veigamiklum þáttum sem snúi að húsnæðisstefnu stjórnvalda. Hinn annist umsjón með núverandi safni útlána og skulda þar til það sé runnið út eða hugsanlega selt. Sjóðurinn hætti alveg nýjum útlánum.

„Með því að ÍLS hætti nýjum lánveitingum yrði áhætta sjóðsins takmörkuð við útistandandi útlán. ÍLS myndi því áfram bera útlánaáhættu, standi lántakendur ekki í skilum, og vaxtaáhættu vegna uppgreiðslna og lágrar ávöxtunar lausafjár."

Með því að selja lánasafn ÍLS í heild eða hluta mætti svo lágmarka óvissu um fjárhagslega þróun lánasafnsins og þar með óvissu um frekari fjárþörf af hálfu ríkissjóðs. Þannig er þó ljóst að ríkið muni raungera tap við sölu lánasafnanna." **olikr@frettabladid.is**



**STEYPUVINNA** Í nýrri skýrslu er lögð til gagnger uppstokkun á skipulagi íbúðalána hér á landi og opinberum stuðningi við félagslegt húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ASÍ fagnar stuðningi við dönsku leiðina

ASÍ fagnar að í nýrri skýrslu um framtíðarskipan húsnæðismála til ráðgjafahóps félags- og íbúðamálaráðherra skuli tekið undir hugmyndir sambandsins um nýtt húsnæðislánakerfi hér á landi að danskri fyrirmynd.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, tekur hins vegar ekki undir hugmyndir um að Íbúðalánasjóður hverfi alfarið af lánamarkaði og vill að danska leiðin verði einnig farin varðandi uppbyggingu félagslegs húsnæðis. „Okkar tillögur voru að aðrar eignir Íbúðalánasjóðs, húsbréf og aðrar eignir sem eru uppgreiðanlegar í sjálfu sér, verði settar í sérstakt hlutafélag. Það verði eitt af þessum fjórum fimm húsnæðislánafélögum sem starfi á almennum markaði," segir Gylfi.

Þá segir hann að miðað við reynslu Dana síðustu 220 ár geti fyrirkomulag húsnæðislánanna tryggt meiri stöðugleika og gert að verkum að lánakjörin verði betri en ella. Lánakjör ráðist hins vegar líka af gjaldmiðlinum. **- óká, hmp**

SFR felldi kjarasamning

## Örfáir nýttu atkvæðisrétt

**VINNUMARKAÐUR** Félagar í SFR, stéttarfélagi í almannaþjónustu, hafa fellt nýgerðan kjarasamning félagsins við Reykjavíkurborg. Samningurinn var undirritaður á þriðjudag í síðustu viku en atkvæaðgreiðslu lauk í dag.

Af 196 félögum tóku einungis 19 þátt í atkvæðagreiðslunni. Fjórtán þeirra sögðu nei, fjórir sögðu já. Eitt atkvæði var ógilt. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er því sú að samningurinn hefur verið felldur með miklum meirihluta. **- sks**



**FALDAR SPRENGJUR** Gamlar sprengjur leynast víða. STÖÐ2/EGILL

Tveir látnir eftir sprengingu:

## Sprengjan var úr fyrra stríði

**BELGÍA** Sprengja sem hefur legið grafin í jörðu í Ypres í Belgíu síðan í fyrri heimsstyrjöldinni sprakk í gær. Tveir létust í sprengingunni og tveir eru særðir, samkvæmt BBC. Sprengjan sprakk þegar iðnaðarmenn reyndu að grafa hana upp úr byggingarsvæði.

Ypres í vestanverðri Belgíu var mikilvæg í heimsstyrjöldinni fyrri, og létu Þjóðverjar sprengjum rigna yfir borgina. Enn finnast þar gamlar, virkar sprengjur frá stríðinu. Sérstök teymi grafa upp hundruð sprengja ár hvert og gera þær óvirkar, en margar verða þó mönnum að bana. **- kóh**




Andaðu með nefinu

2í1

Loft innan fárra mínútna

Ilmur af mentól og eukalyptus




Otrivin Menthol ukonserveret, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan púls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Otrivin


DEBENHAMS
Vorsprengja
Gerðu lífið skemmtilegra
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM
GILDIR ÚT SUNNUDAG
OPIÐ Í TIL 23:00 Í KVÖLD
OFURTILBOÐ
40% AF VÖLDUM VÖRUM
AÐEINS Í DAG, FIMMTUDAG*
40% afsláttur af dömu og herraskóm frá Red Herring og Mantaray
sloggi
40% afsláttur af Maxi, 3 í pakka
40% afsláttur af völdum kápum
40% afsláttur af úrvali brjóstahaldara, 2 í pakka. Stærðir 32aa – 40F
Mantaray
40% afsláttur af öllum herrafötum frá Mantary
40% afsláttur af buxum frá Thomas Nash
40% afsláttur af sokkabuxum frá Red Herring og Jasper Conran
40% afsláttur af völdum leikföngum
*Á meðan birgðir endast
NÝTT KORTATÍMABIL
DEBENHAMS SMÁRALIND

# Hefur brugðist við 16,7% beiðna

Heilbrigðisráðherra hefur brugðist við sjö af átta beiðnum sem á kjörtímabilinu hefur verið til hans beint um sérstakar umræður á Alþingi. Fjármálaráðherra hefur brugðist við 11 af 17 beiðnum. Forsætisráðherra er gagnrýndur harðlega fyrir að bregðast seint við beiðnum.

**ALÞINGI** Með því að taka þátt í sérstakri umræðu um stöðu aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið um miðjan janúar hefur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra brugðist við 16,7 prósentum beiðna þingmanna sem beint hefur verið til hans um þátttöku í sérstökum umræðum á þinginu á yfirstandandi kjörtímabili. Lægra svarhlutfall er bara að finna hjá Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra, núll prósent, en hann hefur ekki orðið við einu beiðninni sem beint var til hans.

Langhæst svarhlutfall er hjá Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra, 87,5 prósent, en hann hefur verið til svara í sjö umræðum af þeim átta sem hann hefur verið beðinn um að vera viðstaddur.

Athygli vakti í fyrradag þegar Guðmundur Steingrímsson, þingmaður og formaður Bjartrar framtíðar, kvaðst ekki bíða lengur eftir að forsætisráðherra brygðist við beiðni um umræðu frá honum og beindi erindi sínu frekar til fjármálaráðherra.

„Árni Páll fékk hann til að mæta í sérstaka umræðu um stöðu aðildarviðræðna við ESB 16. janúar. Hann bíður hins vegar enn eftir að Sigmundur svari hvort hann ætli að mæta í umræðu um kjarasamninga, sem Árni Páll bað um fyrir margt löngu,“ segir Guðmundur. Sjálfur segist hann hafa beðið í fimm mánuði eftir að forsætisráðherra mætti í umræðu um fullveldishugtakið áður en hann gafst upp. Þingmenn geta bara lagt fram eina beiðni í einu um sérstaka umræðu. Guðmundur lagði í framhaldinu fram beiðni um sérstaka umræðu um gjaldeyrishöftin, en beindi henni svo til Bjarna Benediktssonar í staðinn.



**NÆST LÆGSTUR** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur tekið þátt í einni sérstakri umræðu á kjörtímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Að auki bíður Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, sérstakrar umræðu um menningarminjar í tengslum við styrki til húsverndar og Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, umræðu um hleranir.

Annars segist Guðmundur telja að það ætti að vera Sigmundi Davíð áhyggjuefni hversu fáar fyrirspurnir hann fái, til dæmis borið saman við fjármálaráðherra. „En þar sem þær eru ekki fleiri hefði maður haldið að hann hefði tíma til að svara.“ olikr@frettabladid.is

## ➜ Þátttaka í sérstökum umræðum á þingi




## SÉRSTAKAR UMRÆÐUR Á KJÖRTÍMABILINU

| Ráðherra | Fjöldi beiðna | Sinnt | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Kristján Þór Júlíusson | 8 | 7 | 87,5% |
| Sigurður Ingi Jóhannsson | 10 | 7 | 70,0% |
| Bjarni Benediktsson | 17 | 11 | 64,7% |
| Hanna Birna Kristjánsdóttir | 13 | 7 | 53,8% |
| Eygló Harðardóttir | 6 | 3 | 50% |
| Ragnheiður Elín Árnadóttir | 6 | 3 | 50% |
| Illugi Gunnarsson | 15 | 7 | 46,7% |
| Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | 6 | 1 | 16,7% |
| Gunnar Bragi Sveinsson | 1 | 0 | 0,0% |
| | Alls: 82 | 46 | 56,1% |

*Heimild: Málaskrá Alþingis*

## ➜ Forsætisráðherra fær síður beiðnir

Sigurður Már Jónsson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, bendir á að Björt framtíð hafi beðið um 12 sérstakar umræður við ráðherra, fengið átta og þrjár hafa verið kallaðar aftur. „Það er því aðeins ein beiðni BF um sérstakar umræður við ráðherra sem bíður. Beiðnum BF um sérstakar umræður við ráðherra hefur því í heild verið mjög vel sinnt,“ segir hann.

Í almennu samhengi sé einnig mjög eðlilegt að forsætisráðherra fái fæstar beiðnir um sérstakar umræður þar sem hann fari með fæsta málaflokka. Í því ljósi geti tæplega talist sanngjarnt að setja mál fram með þeim hætti að forsætisráðherra hafi bara tekið þátt í einni af 46 sérstökum umræðum sem farið hafi fram á kjörtímabilinu.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Alþingis hafi nú bara beðið forsætisráðherra beiðni Guðmundar Steingrímssonar um umræðu um afnám gjaldeyrishafta og samninga við erlenda kröfuhafa gömlu bankanna. „Hún hefur nú verið afturkölluð og færð á fjármálaráðherra enda hefði málshefjandi mátt vita að hún væri betur vistuð þar, eða vissi hann ekki að forræði afnáms gjaldeyrishafta er hjá fjármálaráðherra?“ segir Sigurður Már.





**SAMNINGUR** Starfsgreinasambandið hefur samið fyrir hönd lanbúnaðarverkamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Almenn landbúnaðarstörf:

# Byrjunarlaun 216 þúsund

**VINNUMARKAÐUR** Starfsgreinasambandið hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Bændasamtök Íslands fyrir hönd starfsfólks sem vinnur almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum.

Auk þess falla ráðskonur og matráðar á bændabýlum undir samninginn.

Helstu atriði hins nýja samnings eru að byrjunarlaun eru nú 216.500 krónur og hækka eftir því sem starfsfólk vinnur lengur. Þá hækka laun um allt að tvo launaflokka ef starfsmaður hefur lokið námi sem nýtist í starfi.

- jme



**SÆTAFERÐIR** Samningur um ferðamannavagninn var undirritaður í gær.

Ferðaþjónusta sumarsins:

# Ferðamenn fá far í Kópavogi

**KÓPAVOGUR** Í sumar verður starfræktur ferðamannavagn á vegum Kópavogsbæjar, ferðamönnum að kostnaðarlausu.

Ferðamannavagninn fer fjórar ferðir daglega frá upplýsingamiðstöð ferðamanna í Aðalstræti og stoppar í Hamraborg og Smáralind. Ferðirnar hefjast föstudaginn 15. maí en síðasta ferð verður farin sunnudaginn 31. ágúst.

Það eru Hópbílar Teits Jónassonar sem sjá munu um aksturinn.

- ssb



**EITT PUND** Svona mun framhlið pundsins líta út. NORDICPHOTOS/AFP

Bretar hanna nýja mynt:

# Nær ómögulegt að falsa pundið

**VIÐSKIPTI** Nýtt breskt pund er væntanlegt árið 2017 og á þessi nýja mynt að vera sú mynt sem erfiðast verður að falsa.

Peningurinn á að hafa tólf horn og skarta vangamynd Elísabetar Bretlandsdrottningarinnar.

Efnt verður til samkeppni um hönnun á bakhlið peningsins.

Gamla pundið þykir of auðvelt í fölsun en áætlað er að 45 milljónir falsaðra punda af gömlu gerðinni séu í umferð. Nýja pundið verður tæknilega fullkomnasta mynt sem slegin hefur verið. - ssb

Útgerðir uppsjávarveiðiskipa að gera sig klárar á kolmunnaveiðar eftir litla loðnuveiði í erfiðu tíðarfari:

# Vonir um vestangöngu loðnu brugðust

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuafli skipa HB Granda á nýafstaðinni vertíð var alls tæplega 24.000 tonn, miðað við 86.000 tonn á vertíðinni í fyrra. Loðnuvertíðin fjaraði út frá og með 10. mars og lítið hefur veiðst eftir þann tíma.

Vonir voru bundnar við vestangöngu loðnu, sem fyrst varð vart við út af Ísafjarðardjúpi undir lok vertíðarinnar, en þær urðu að engu eftir mælingar Hafrannsóknastofnunar.

Að sögn Garðars Svavarssonar, deildarstjóra hjá HB Granda, í frétt á heimasíðu fyrirtækisins, var áhersla lögð á að nýta aflann sem best til manneldis. Heilfryst var fyrir Rússlands- og Japansmarkað auk þess sem unnin voru loðnuhrogn fyrir kaupendur í A-Evrópu og Asíu.

Albert Sveinsson, skipstjóri á Faxa RE, segir að vertíðin hafi verið óvenju erfið, kvótinn lítill og slæmt tíðarfar. Komið hafi á óvart hvað loðnan gekk dreift með landinu og hver hraðinn var á göngunni.

Útgerðir huga nú að kolmunnaveiðum. Aflabrögð hafa verið ágæt síðustu vikur á miðunum um 250 sjómílur vestur af Írlandi. - shá



**FAXI RE** Vertíðin hefur einkennst af stöðugum brælum og öðrum leiðindum. MYND/HBGRANDI


# Fljótlegt að skila framtali

Skilafrestur er til **21. mars**

Opna framtalið → Yfirfara upplýsingar → Breyta ef þarf → Staðfesta

**Skilafrestur**
Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars.**
Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 1. apríl.
Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

**Upplýsingar á framtali**
Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

**Auðkenning**
Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum á debetkorti, rafrænum skilríkjum í gsm síma og með veflykli RSK.
Veflykla má fá senda í heimabanka eða með bréfapósti.

**Símaþjónusta í 442-1414**
Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.
Dagana 21. mars, 31. mars og 1. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

**skattur.is**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30

Nánari upplýsingar á **rsk.is**

Miniborgarar

SMÁ HUGMYND FYRIR VEISLU EÐA FUNDI



Smáborgarar fyrir stórborgara

Ef það er veisla eða fundur framundan þá eru veislubakkarnir frá American Style skemmtileg og bragðgóð tilbreyting á veisluborðið.

Allar pantanir fara fram á www.americanstyle.is
Mikilvægt er að panta tímanlega

American Style

# Réðust inn í bækistöðvar sjóhersins

Grímuklæddir rússneskumælandi hermenn réðust inn í bækistöðvar úkraínska sjóhersins á Krímskaga. Tugir þúsunda hermanna undir stjórn Rússa á svæðinu.

**KRÍMSKAGI,AP** Grímuklæddir rússneskumælandi hermenn hertóku bækistöðvar úkraínska sjóhersins á Krímskaga eftir að hópur vopnaðra aðgerðarsinna hafði áður ráðist þangað inn.

Yfirvöld á Krímskaga tóku einnig til fanga yfirmann úkraínska sjóhersins og eru einnig sögð hafa komið í veg fyrir að varnarmálaráðherra Úkraínu og aðrir embættismenn ríkisstjórnarinnar gætu ferðast þangað.

Úkraínski herinn, sem er fámennari en sá rússneski á Krímskaga, hefur verið undir miklum þrýstingi síðan svæðið varð að nafninu til hluti af Rússlandi á þriðjudaginn eftir að atkvæðagreiðsla fór fram.

Nokkur hundruð vopnaðra aðgerðasinna mættu engri mótspyrnu þegar þeir réðust inn í bækistöðvar sjóhersins í borginni Sevastopol, þar sem floti Rússa í Svartahafi er með heimahöfn. Alls hafa tugir þúsunda hermanna undir stjórn Rússa náð yfirráðum á Krímskaga.

Vladimir Pútín, forseti Rússlands, bætti í gær Krímskaga við opinbert kort af Rússlandi. „Í hugum almennings hefur Krímskagi alltaf verið mikilvægur hluti af Rússlandi,“ sagði Pútín í ávarpi.

Anders Fogh Rasmussen, aðalritari NATO, sagði í ræðu sinni í gær að framrás Rússa í Úkraínu væri mesta ógnin við öryggi í Evrópu síðan í kalda stríðinu. Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, varaði við því að Bandaríkin og Evrópa muni beita frekari refsiaðgerðum gegn Rússlandi. Nú þegar hefur refsiaðgerðum verið beitt gegn hópi rússneskra og úkraínskra embættismanna fyrir að hafa stutt atkvæðagreiðsluna um að Krímskagi slíti sig frá Úkraínu. „Ef Rússland heldur áfram að skipta sér af Úkraínu erum við tilbúnir með frekari refsiaðgerðir,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti. freyr@frettabladid.is

## Refsiaðgerðir gegn rússneskum embættismönnum

**Evrópusambandið, Bandaríkin og Kanada hafa komið á ferðabanni og fryst eignir rússneskra og úkraínskra embættismanna sem hafa átt stóran þátt í því að losa Krímskaga undan yfirráðum Úkraínu**

**ESB** (21 manneskja í banni) **Bandaríkin** (11) **Kanada** (10)




Athugasemd: Valdir embættismenn SSR = Samveldi sjálfstæðra ríkja

Myndir: AP, Getty Images, Western Military District press service, A. Savin, Facebook © GRAPHIC NEWS

> **Í hugum almennings hefur Krímskagi alltaf verið mikilvægur hluti af Rússlandi.**
>
> *Vladimir Pútín, forseti Rússlands*

Konukvöld í Smáralind
fimmtudaginn 20. mars 2014

Frumsýning á NORÐURLJÓS nýjustu
IceCold silfur línunni okkar



ICECOLD
JÓN & ÓSKAR

jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind




# LANCÔME DAGAR Í HAGKAUP

## KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SPÖNGINNI, AKUREYRI OG SELFOSSI

## 20. – 26. MARS.

### 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME FÖRÐUM.



**30% AFSLÁTTUR**
AF DREAMTONE SERUM-
KREMUNUM Á KYNNINGU.

Kaupaukinn þinn* þegar
þú kaupir Lancôme
vörur fyrir 9.000 krónur
eða meira.



*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast, einn kaupauki á viðskiptavin.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# KONUKVÖLD ÁRSINS

## 20. MARS KL. 19.30 – 23.00

**KONUKVÖLD**
**SMÁRALINDAR OG K100,5**
**MEÐ SVALA OG SVAVARI**

**FRÁBÆR SKEMMTIATRIÐI OG KYNNINGAR Á GÖNGUGÖTUNNI**

**Dagskrá kl. 20.00 – 22.30**

- Hákon Guðni
- Steinar
- Hártískusýning frá Modus hárstofu
- Kaleo
- Jónsi
- Sigga Beinteins og Grétar Örvars
- Dregið í happdrætti

BAÐHÚSIÐ ÚRVAL·ÚTSÝN K100,5

ALLAR UPPLÝSINGAR ERU BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

**20% afsláttur**
af töskum og klútum

SIX

**25% afsláttur**
af öllum vörum

PANDORA
ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK

**20% afsláttur**
af öllum vörum

D.

**20% afsláttur**
af öllum vörum, nema hörðum ferðatöskum

Drangey

**20% afsláttur**
af Karmellusveiflu og Sviss Mokka

Kaffitár

**20% afsláttur**
af verði allra vörutegunda

THE BODY SHOP

**20% afsláttur**
af öllum Bed Head, D:fi, SP, Wella og Sebastian hárvörum

MODUS Hárstofa SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af öllum vörum

JÚNÍK

**5** fyrir **4!**
**1 verð = 298 kr.**

MegaStore

**20% afsláttur**
af öllum vörum

BOYS®

**20% afsláttur**
af öllum vörum

ORGINAL

**20% afsláttur**
af öllum vörum

smárar

**20% afsláttur**
af öllum vörum

KITCHEN LIBRARY

**20% afsláttur**
af öllum vörum

Ice in a bucket

**20% afsláttur**
af öllum vörum

MOA

**20% afsláttur**
af öllum vörum

CORNER

**25% afsláttur**
af öllum kvenvörum

Levi's®

**25% afsláttur**
af öllu í dömudeild

UNITED COLORS OF BENETTON.

**Coloud Boom**
heyrnartól fylgja ókeypis með hverjum Smart mini snjallsíma, verð **14.990** kr.

vodafone

**20% afsláttur**
af öllum vörum

TOPSHOP

**20% afsláttur**
af öllum vörum

DOROTHY PERKINS

**20% afsláttur**
af öllum vörum

evans.

**20% afsláttur**
af öllum vörum

KAREN MILLEN

**20% afsláttur**
af öllum vörum

HOLLAND & BARRETT
we're good for you

**15% afsláttur**
af öllum vörum og vel valin tilboð

VILA CLOTHES

SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

# ÓMÓTSTÆÐILEG TILBOÐ

**GLÆSILEGT HAPPDRÆTTI**

- Ferðavinningur frá Úrval Útsýn
- Árskort í Baðhúsið
- 20.000 kr. Gjafakort Smáralindar

Auk fjölda aukavinninga.

**20% afsláttur**
af öllum skóm
Kaupfélagið

**20% afsláttur**
af öllum vörum
focus

**15% afsláttur**
af öllum vörum
VERO MODA

**15% afsláttur**
af öllum vörum
JACK & JONES

**15% afsláttur**
af öllum vörum í herradeild
**20% afsláttur**
af öllum vörum í dömudeild
SELECTED FEMME / HOMME

Snæfell women's parka
**39.900 kr.**
áður 49.900 kr.
66° NORÐUR

**20% afsláttur**
af öllum vörum og vel valin tilboð
name it

**30% afsláttur**
af öllu tei í lausu
TE & KAFFI

Roberto Cavalli
**50% afsláttur**
Ray Ban
**25% afsláttur**
PLUSMINUS OPTIC

Mexico kjúklingasalat og Satay kjúklingalundir í speltbrauði
**1.590 kr. hvert réttur**
CAFÉ ADESSO RESTAURANT

**20% afsláttur**
af dömu æfingarfatnaði og skóm
ÚTILÍF

**20% afsláttur**
af snyrtivörum
**25% afsláttur**
af öllum öðrum vörum
DEBENHAMS

ALLAR UPPLÝSINGAR ERU BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

**20% afsláttur**
af öllum vörum
KARAKTER
KONUR

**20% afsláttur**
af öllum vörum
Bata

**25% afsláttur**
af tímaritum og ferðatöskum
Eymundsson

**25% afsláttur**
af öllum aukahlutum
**20% afsláttur**
af rauðum Samsung Galaxy S4
Síminn

**20% afsláttur**
af öllum vörum
meba | rhodium

Somersby Apple Cider
**Tilboð 600 kr.**
energia
RESTAURANT - KAFFI - BAR

**20% afsláttur**
af Icecold skartgripalínunni og Michael Kors úrum
JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

**20% afsláttur**
af öllum glösum
**20% afsláttur**
af öllum vörum í nýja Rain litnum frá Iittala
Líf & List
SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af dömufatnaði
ESPRIT

**20% afsláttur**
af öllum vörum
Optical Studio

**20% afsláttur**
af Crabtree & Evelyn handáburði
**10% afsláttur**
af öðrum vörum
DÚKA

**25% afsláttur**
af dömuveskjum og töskum frá Gyðja Collection
CARAT
HAUKUR GULLSMIÐUR

**15% afsláttur**
af öllum skóm
BOSSANOVA

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum
LYFJA
- Lifið heil

**20% afsláttur**
af öllum vörum
**25% afsláttur af**
3ja laga skeljum
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

**20% afsláttur**
af öllum skóm
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

**20% afsláttur**
af öllum skóm
ecco

**20% afsláttur**
af öllum skóm
skór.is

**Tax-Free**
af snyrtivöru
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**Tax-Free**
af dömufatnaði
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**20% afsláttur**
af öllum vörum
gs skór

**20% afsláttur** af öllum dömuvörum
gallerí sautján

Komdu í KK klúbbinn, gull- eða platínumáskrift og þú færð Vera Design armband að gjöf.
BAÐHÚSIÐ

12" bátur og gos
**1.390 kr.**
Hlölla bátar
ALLTAF FERSKIR
SÍÐAN 1986

**20% afsláttur**
af völdum vörum
BJARKARBLÓM

SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook



**ÁTÖK Í ÞINGINU** Tilraunir lögreglu til að endurheimta þinghúsið úr höndum mótmælenda hafa ekki borið árangur. NORDICPHOTOS/AFP

Órói vegna samnings:

# Þing í höndum mótmælenda

**TAÍVAN** Hundruð nemenda og aðgerðasinna hafa ráðist inn í og hertekið taívanska þinghúsið. Aðgerðir lögreglu til endurheimtar þinghússins hafa reynst árangurslausar að sögn BBC.

Ástæða mótmælanna er verslunarsamningur milli Kína og Taívan sem ríkisstjórn Taívan vill samþykkja. Mótmælendur segja samninginn geta haft slæm áhrif á taívanskt hagkerfi og kalla eftir að hver klausa hans verði grannskoðuð.

Samningurinn myndi heimila ríkjunum tveimur að fjárfesta frjálslegar í þjónustumörkuðum hvort annars. - kóh

Mæla árangur í stærðfræði:

# Um 94% þurfa ekki stuðning

**MENNTUN** Niðurstöður úr Talnalykli, stærðfræðiskimun 3. bekkjar grunnskóla, liggja nú fyrir.

Markmið skimunarinnar er að finna þá nemendur sem líklegir eru til að eiga erfitt með stærðfræðinám.

Um 94 prósent nemenda í 3. bekk teljast ólíklegir til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræðináminu en hlutfall þeirra sem þurfa stuðning er 5,8 prósent.

Skimunin var lögð fyrir 36 reykvíska skóla í nóvember, en niðurstöður eru einar þær bestu frá 2003. - kóh

**EGILSSTAÐIR**

### Aðgerðir vegna kattaplágu

Skipulags- og mannvirkjanefnd Fljótsdalshéraðs hefur samþykkt samhljóða með handauppréttingu að bregðast við athugasemdum um lausagöngu katta og gera átak í því að fækka villiköttum í þéttbýli í sveitarfélaginu.

Akademískt starfsfólk Háskóla Íslands skilar að meðaltali ríflega einni ritrýndri grein á ári:

# Rannsóknarstarf stundað af kappi í háskólum

**HÁSKÓLINN** Alls voru 1.064 ritrýndar greinar eftir starfsmenn Háskóla Íslands birtar árið 2012. Þá voru 732 akademískir starfsmenn starfandi við stofnunina. Þetta kemur fram í svari mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Haraldi Benediktssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokks, um rannsóknir akademískra starfsmanna háskólanna.

Heilbrigðisvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið fengu flestar greinar birtar, eða 375 á hvora deild.

Rannsóknarstofnanir Háskóla Íslands skrifuðu fæstar ritrýndar greinar, eða aðeins 30. Mjög ólíkar hefðir eru varðandi form rannsókna eftir deildum. Í sumum deildum tíðkast styttri ritrýndar greinar en í öðrum tíðkast umfangsmeiri verk.

Árið 2012 var rannsóknarvinna 42 prósent af vinnuskyldu dósenta og lektora en 40 prósent af vinnuskyldu prófessora.

Um síðustu áramót breyttist vinnuskylda annarra akademískra starfsmanna en prófessora á þann hátt að nú þurfa lektorar og dósentar að stunda rannsóknir til helmings á móti kennslu. Þjónustuhlutverk þeirra hefur verið skorið niður á móti. - ssb



**GREINAR** Rúmlega 700 akademískir starfsmenn HÍ skrifuðu yfir 1.000 ritrýndar greinar árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fleiri með flíkur í viðgerð á saumastofum eftir hrun

Fyrir hrun var lítið að gera á saumastofum þar sem landinn virtist heldur kaupa sér nýja flík en að láta gera við gamla. Nú er blússandi gangur hjá saumastofum, ekki síst við að breyta flíkum sem pantaðar hafa verið í gegnum erlendar sölusíður. Það margborgar sig að láta gera við flíkurnar segir eigandi saumastofu.

**NEYTENDUR** Fyrir tíu árum rak Stefanía M. Aradóttir verslun og flutti hún allar vörur inn. Eftir hrun breyttist landslagið og hefur hún nóg að gera við að taka við flíkum í viðgerðir á Saumastofu Íslands og sauma ullarflíkur fyrir túristabúðir.

„Fólk lét ekkert gera við flíkur fyrir hrun enda var hlutfallslega ódýrara að kaupa sér nýja flík þá en núna,“ segir Stefanía. „Fólk henti bara fötunum ef þau rifnuðu eða það vantaði rennilás. Í dag margborgar sig að láta gera við flíkina.“

Mjög margir leita til saumastofunnar með vörur sem þeir hefur pantað sér í gegnum erlendu sölusíðuna Aliexpress. „Þá þarf að stytta kjóla, breyta hlýrum eða þrengja og víkka. Við finnum sérstaklega fyrir þessu fyrir jólin, ætli fólk sé ekki að koma með jólafötin sem það hefur pantað sér.“

Síðustu ár hefur einnig orðið mikil aukning á sölu ullarvarnings til ferðamannaverslana. „Nýframleiðslan hefur aukist mikið með auknum túrisma á landinu. Við saumum til dæmis húfur, grifflur og hettukjóla úr ull sem eru mjög vinsælir hjá ferðamönnum.“

Nýtni landans er greinilega orðin mun meiri eftir hrun því

> **Nýframleiðslan hefur aukist mikið með auknum túrisma á landinu.**
>
> *Stefanía M. Aradóttir eigandi Saumastofu Íslands*

fyrir utan fataviðgerðir er nóg að gera við viðgerðir á alls kyns tjöldum. „Það eru margir sem koma með tjöldin sín, fortjöld á fellihýsum og annað slíkt til að láta gera við. Enda eru þetta rándýrar vörur og því töluverð útgjöld að endurnýja ef óhapp gerist.

Þessa dagana er vertíð á saumastofunni vegna dimissjónbúninga framhaldsskólanema. Stefanía segir þó margar pantanir vera í bið vegna kennaraverkfallsins. „Já, það er smá bið núna því við vitum ekki hvernig verkfallið fer. Fyrstu hóparnir eiga að dimittera 11. apríl og þeir búningar eru tilbúnir. Vonandi leysist fljótt úr verkfallinu svo krakkarnir fá tækifæri til að nota búningana. Við erum bara í startholunum með að byrja á næstu búningum um leið og staðfesting fæst frá krökkunum um að þau ætli að dimittera.“

erlabjorg@frettabladid.is



**DIMISSJÓN** Þessa dagana eru dimissjónbúningar saumaðir af miklum móð á saumastofunni þótt nokkrar pantanir séu í bið vegna óvissunnar sem fylgir kennaraverkfallinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Utanríkisráðherra boðar frekari uppsagnir á árinu:

# Samstarf um rekstur íslenskra sendiráða

**UTANRÍKISMÁL** Á næstu mánuðum verður unnið mat á hagsmunum Íslands af EES-samningnum og verður áherslan lögð á að styrkja samstarf við Noreg og Liechtenstein á grundvelli EES-samningsins. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra til Alþingis. Skýrslan verður rædd á þingi í dag.

Í skýrslunni segir að mikilvægt sé að undirstrika að Evrópustefnunni fylgi sérstök aðgerðaáætlun um EES-samninginn, sem felur í sér að gert verði átak í greiningu löggjafar á vettvangi EES.

Þá kemur fram í skýrslunni að það eigi að gera úttekt á skipulagi þróunarsamvinnu, friðargæslu og mannúðar- og neyðaraðstoðar á vegum utanríkisráðuneytisins. Markmiðið er að efla árangur og skilvirkni í málaflokkum.

Frekari uppsagnir starfsmanna í utanríkisráðuneytinu eru boðaðar. Gera á úttekt á húseignum ráðuneytisins erlendis og meta hvort hagstætt er sé að selja fleiri eignir og finna ódýrari úrræði.

Því er velt upp hvort hægt verði að efla samstarf við önnur Norðurlönd um fyrirkomulag sendiráða undir sama þaki. - jme



**SKÝRSLA UTANRÍKISRÁÐHERRA** Ekkert annað mál er á dagkrá Alþingis í dag en skýrsla utanríkisráðherra um utaníkismál. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL.




**TOP SAFETY PICK 2014**
— Bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS

**BÍLL ÁRSINS Í JAPAN 2012-2013**
— ein virtustu verðlaun bílgreinarinnar

**BESTI SPORTJEPPINN 2014**
— L'Annuel de l'automobile

**AUTOMOBILE ALL-STAR 2013**
— The Best Cars in America, AUTOMOBILE

**MESTA ÁNÆGJAN**
— J.D. Power | 2013

MAZDA CX-5 er sigurvegarinn í sínum flokki í ánægjukönnun J.D. Power en niðurstöðurnar byggja á svörum frá 83.000 eigendum nýrra bíla.

**LÆGSTI 5 ÁRA REKSTRARKOSTNAÐURINN**
— Kelleys Blue Book

Mazda bílar hafa lægsta 5 ára rekstrarkostnaðinn skv. könnun Kelley Blue Book.

**BESTI SPORTJEPPINN 2013**
— Best Crossover, Auto Express

**BESTI SPORTJEPPINN**
— Best SUV, Green Awards WHATCAR

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 er vel að þessum verðlaunum kominn. Hann er búinn SKYACTIV spartækni MAZDA, er einstaklega fallegur á að líta og með miklum staðalbúnaði: skynvætt fjórhjóladrif (4WD), snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjari, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framrúðu. Dráttargetan er 1800-2000 kg og veghæðin er 21 cm. Komdu í reynsluakstur.

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. og 5,5 l/100 km. með sjálfskiptingu og 2,2 lítra SkyActiv dísilvél.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á



**FJÖLMENNING** Myndin er tekin á fjölmenningardegi í Ráðhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjallað um réttindi barna:

## Bæklingur fyrir rússneskumælandi foreldra

Mannréttindaskrifstofa hefur gefið út bækling fyrir rússneskumælandi foreldra um barnauppeldi, foreldrahlutverkið og annað sem viðkemur skyldum foreldra og réttindum barna. Sams konar bæklingur er þegar til á ensku, pólsku og filippseysku, en hvert eintak er jafnframt á íslensku, að því er segir í frétt á vef Reykjavíkurborgar.

Meðal þess sem fjallað er um eru barnaverndarlögin, réttindi barna og viðbrögð við ofbeldi gegn börnum. Þá eru gefin góð ráð um árangursríkar leiðir í barnauppeldi og vísað til þess hvar megi sækja sér félagslega ráðgjöf og aðstoð.

Niðurstöður komu á óvart:

## Hormónaraskandi efni í tyggigúmmíi

Af 68 mismunandi tegundum af tyggigúmmíi sem keyptar voru í verslunum í Noregi nú í febrúar síðastliðnum innihéldu 36 tegundir efnið BHA sem er á lista Evrópusambandsins yfir hormónaraskandi efni. Þetta sýnir könnun á vegum norsku neytendasamtakanna.

Haft er eftir sérfræðingi hjá samtökunum að niðurstaðan komi á óvart og valdi vonbrigðum. Auðvelt sé að framleiða tyggjó án efna sem raska hormónastarfsemi.

Á vef samtakanna, forbrukerradet.no, má sjá lista með tegundunum sem kannaðar voru. - ibs

# Algjör tímaskekkja að birta ekki árangur nemenda

Réttlæta verður hækkun launapotta með birtingu gagna um árangur, segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi. Skortur á upplýsingum vinnur gegn kostum sjálfstæðra skóla samkvæmt greiningu PISA.

Ef stjórnvald tekur ákvarðanir um að hækka til dæmis launapotta hjá ákveðnum grunnskólum sem eru í vandræðum verður að vera hægt að réttlæta þær ákvarðanir með birtingu gagna um árangur. Þetta segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, og bætir því við að það sé algjör tímaskekkja að opinbera ekki niðurstöður um árangur nemenda.

Hún tekur fram að borgarfulltrúar og skólaskrifstofa geti séð hvernig allir skólarnir standa sig. Skólarnir sjálfir sjá ekki í gögnum hjá Námsmatsstofnun, Skólavoginni og Skólapúlsinum hvernig aðrir skólar standa sig en þeir sjái hvar þeir eru sjálfir í röðinni.

Þorbjörg bendir á að þótt öll gögn um samræmd könnunarpróf hafi verið opinber frá aldamótum séu þau sett fram í pdf-formi hjá Námsmatsstofnun. Þess vegna sé erfitt að draga saman upplýsingar fyrir þá sem eru að rýna til umbóta eða gagns. „Aðgengi að þessum upplýsingum mætti laga enda eru þær mjög mikilvægar til að geta gert betur. Í þeim er hægt að sjá sveiflur hjá skólum til langs tíma og hvort miðstigið stendur sig betur eða verr.“

Skólavogin og Skólapúlsinn, sem eru fyrirtæki í einkaeigu, selja sveitarfélögunum aðgang að gögnum um árangur, að því er Þorbjörg greinir frá. „Þar eru þessar upplýsingar settar upp í töflur sem er auðveldara að vinna með en pdf-gögnin hjá Námsmatsstofnun. Þó er ekki hægt að segja að þar sé hægt að keyra saman allar breytur og því líka takmörkunum háð hvaða gögn maður getur séð. Til dæmis koma ekki fram tölur aftur í tímann auk þess sem erfitt er að gera samanburð milli skóla yfir langan tíma sem er algjörlega nauðsynlegt ef menn ætla að reyna að nota gögn til að bæta árangur.“



**Í PRÓFI** Takmarkanir á aðgengi að gögnum um árangur nemenda takmarka verulega þau úrræði sem þeir sem úthluta fjármunum geta gripið til til að styrkja og styðja kerfið, að mati Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er mat Þorbjargar að takmarkanir á aðgengi að gögnum takmarki verulega hvað þeir sem úthluta fjármunum geta gert til að styðja og styrkja kerfið, eins og hún orðar það. Sé árangurinn gerður opinber sé auðveldara að réttlæta hvernig fjármununum er varið.

Þorbjörg getur þess einnig að nýjustu niðurstöður PISA-könnunarinnar sýni að sjálfstæði skóla sé mikilvægt. „Það er staðreynd að á Íslandi eru skólar mjög sjálfstæðir. Í greiningum PISA á niðurstöðunum kemur þó fram mjög mikilvægt atriði, nefnilega, að ef upplýsingar um árangur og markmið séu ekki opinberar vinni sú staðreynd gegn kostum sjálfstæðra skóla. Ef við snúum þessu við þá er í raun betra að miðstýra skólunum meira. Þetta er alveg á skjön við það sem við viljum, það er að auka sjálfstæði skóla og minnka afskiptin svo að fjölbreytnin fái að njóta sín.“ ibs@frettabladid.is



> **Þetta er alveg á skjön við það sem við viljum, það er að auka sjálfstæði skóla og minnka afskiptin svo að fjölbreytnin fái að njóta sín.**
>
> *Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi*






Norsk rannsókn sýnir að karlar drekka enn mest:

## Aukin drykkja hjá eldri konum

Fjöldi Norðmanna á aldrinum 50 til 70 ára drekkur hálfa flösku af léttvíni nokkrum sinnum í viku. Áfengisneysla kvenna hefur einkum aukist mikið þótt karlarnir drekki enn mest. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar vísindamanna í Noregi.

Greint hefur verið frá því á vefnum forskning.no að vísindamenn hafi fylgt eftir 3.500 einstaklingum eldri en 40 ára um fimma ára tímabil. Þar er haft eftir vísindamanninum Britt Slagsvold að vegna þess fjölda sem drekkur mikið áfengi megi gera ráð fyrir mikilli aukningu sjúkdóma af völdum drykkjunnar.

Á aldrinum 50 til 59 ára drekkur 12,1 prósent kvennanna hálfa flösku af léttvíni eða samsvarandi magn af áfengi að minnsta kosti tvisvar til þrisvar í viku. Þetta er fjórum sinnum meira magn en hjá konum á aldrinum 30 til 39 ára.

Af körlum á aldrinum 60 til 69 ára drekka 16,7 prósent hálfa léttvínsflösku eða samsvarandi magn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar í viku en aðeins 8,5 prósent af körlum á aldrinum 30 til 39 ára.

Neyslan sem greint er frá er talin miklu minni en hún er í raun og veru. Aðrar rannsóknir hafi leitt í ljós að þegar fólk er spurt hversu mikið það drekkur segir það að neyslan sé minni en hún er. Slagsvold segir að líklega eigi það helst við um þá sem drekka mikið. - ibs



**RAUÐVÍN** Af norskum konum á aldrinum 50 til 59 ára drekka um 12 prósent hálfa léttvínsflösku að minnsta kosti tvisvar til þrisvar í viku.

# FERÐAFÉLAGI FYRIR HEIMINN



## FERÐATÖSKUR GABOL ARTIC

Verð frá:

**17.999 KR.**

Fáanlegir litir:

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn

Eymundsson
Stofnað frá 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsi ngar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

L'ORÉAL PARIS



HÁRLITA RÁÐGJÖF

Fáðu aðstoð við val á réttum litatón og leiðbeiningar um réttu skrefin við heimahárlitun.

Fimmtudagur 20. mars
kl. 12-17
Lyfjum&heilsu Austurveri

Föstudagur 21. mars
kl. 12-17
Hagkaup Kringlunni

Laugardagur 22. mars
kl. 13-18
Hagkaup Smáralind



Heiðar Jónsson

Förðunarfræðingur og Image designer kennari frá First Impressions í Bretlandi.

Diplómagráða í litafræðum frá L'Oréal Paris.


Of mikið verðbil var á milli tilboða í krónuútboði og gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands í fyrradag:

# Vildu fá of mikið fyrir aflandskrónurnar

Seðlabanki Íslands ákvað að hafna öllum tilboðum í gjaldeyrisútboðum bankans í fyrradag þegar eigendur aflandskróna vildu talsvert meiri gjaldeyri fyrir sínar krónur en í síðasta útboði bankans í byrjun febrúar. Það leiddi til þess að of mikið verðbil var á milli tilboða í krónuútboði bankans og gjaldeyrisútboðinu.

Þetta sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri á kynningarfundi bankans í gær þar sem farið var yfir vaxtaákvörðun bankans.

„Í raun og veru hefði einungis verið hægt að para einn milljarð króna,“ bætti Már við og tók fram að þátttaka í útboðinu, svokallaðri fjárfestingarleið Seðlabankans, hefði verið góð.

Seðlabankanum bárust alls 98 tilboð, samtals að fjárhæð 33,1 milljón evra, í tveimur útboðum um kaup á evrum. Alls 24 tilboð að fjárhæð 16,2 milljarðar króna bárust í útboði um kaup á krónum fyrir evrur.

„Við vitum af því að það er talsverð samþjöppun á aflandskrónumarkaðnum. Það getur stuðlað að strategískri hegðun. Það kann að hafa verið staðan nú,“ sagði Már.

Hann minnti á að þrjú gjaldeyrisútboð eru á dagskrá dagana 14. maí, 24. júní og 2. september. **- hg**



**Í SEÐLABANKANUM** Már fór yfir ákvörðun peningastefnunefndar um að halda stýrivöxtum óbreyttum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ofurtollar á innfluttum frönskum

Aðeins eitt fyrirtæki framleiðir franskar kartöflur hérlendis og annar innan við fimm prósentum af eftirspurn. Samt sem áður er 76 prósenta tollur á innfluttar franskar. Lögfræðingur Félags atvinnurekenda segir um ofurtolla að ræða.

Háir tollar eru lagðir á innfluttar franskar kartöflur, eða 76 prósent, samkvæmt núgildandi tollalögum. Á sama tíma er talið fullnægjandi að leggja 30 prósent toll á innfluttar kartöflur, sem ætla má að séu hið eiginlega verndarandlag landbúnaðarins. Aðeins eitt fyrirtæki, Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar, framleiðir franskar kartöflur hér á landi.

Samkvæmt tölum frá Capacent selur umrætt fyrirtæki árlega í kringum 200 tonn af frönskum kartöflum, sem er innan við tvö prósent af heildarframleiðslu kartaflna hérlendis ef miðað er við síðastliðin fimm ár. Þá er aðeins hluti af þeim frönsku kartöflum búinn til úr íslensku hráefni, þar sem Þykkvabær flytur einnig inn kartöflur erlendis frá til að mæta vaxandi eftirspurn neytenda, og notar þær í framleiðslu sína.

Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur hjá Félagi atvinnurekenda, telur þessa álagningu ekki réttlætanlega.

„Samkvæmt okkar útreikningum nemur framleiðsla Þykkvabæjar á frönskum kartöflum, sem unnin er úr íslensku hráefni, innan við 5 prósentum af árlegri innanlandsneyslu á frönskum kartöflum. Það þýðir í raun að 76 prósenta ofurtollur er lagður á rúmlega 95 prósent af neyslu Íslendinga á frönskum kartöflum, undir því yfirskyni að verið sé að vernda þau fimm prósent sem eftir standa,“ segir Björg Ásta.

Að mati Bjargar Ástu er ekki unnt að halda því fram að verið sé að vernda hagsmuni neytenda með þessu. Bendir hún á að hærri tollar leiði til hærra vöruverðs og að í tilfelli franskra kartaflna sé verðið um það bil 45 prósentum hærra fyrir íslenska neytendur en það væri ella. Þær séu því umtalsvert dýrari.

„Við hjá Félagi atvinnurekenda höfum lagt áherslu á að menn rugli ekki saman hagsmunum neytenda og einstakra framleiðenda. Í þessu tilfelli lýtur verndin að starfsemi eins fyrirtækis, sem vinnur vöru sína að stórum hluta úr erlendu hráefni. Íslenskir neytendur njóta ekki góðs af því, það eru þvert á móti þeir sem borga brúsann,“ segir Björg Ásta að lokum. **fanney@frettabladid.is**



**NEYTENDUR TAPA** Félag atvinnurekenda segir neytendur borga brúsann af ofurtollum á franskar kartöflur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**„Í þessu tilfelli lýtur verndin að starfsemi eins fyrirtækis, sem vinnur vöru sína að stórum hluta úr erlendu hráefni.**

*Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur hjá FA*

Vara við stafrænni mynt:

## Auroracoin úthlutað á Íslandi

Íslensk stjórnvöld sendu í gær frá sér tilkynningar þar sem varað er við hugsanlegri áhættu tengdri kaupum, varðveislu á eða viðskiptum með sýndarfé, í tengslum við fyrirhugaða úthlutun til Íslendinga á tilbúnu stafrænu myntinni Auroracoin. Sýndarfé hefur víða rutt sér til rúms en notkun og viðskipti með það hafa hingað til verið afar takmörkuð hér á landi.

Gildandi lög á Íslandi vernda neytendur ekki gegn tapi á sýndarfé. Að aðvöruninni standa Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn, Neytendastofa, fjármála- og efnahagsráðuneytið og innanríkisráðuneytið. **- fbj**



**SLÁTRAÐ** SS flutti út um 421 tonn af kindakjöti árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagnaður um 466 milljónir:

## Besta afkoma í 107 ára sögu SS

Afkoma Sláturfélags Suðurlands (SS) á árinu 2013 var sú besta í 107 ára sögu félagsins. Hagnaður af rekstri SS var þá 466,2 milljónir króna samanborið við 463,1 milljónir árið 2012, samkvæmt ársskýrslu félagsins.

Eigið fé SS var um 3,578 milljarðar og hækkaði um fjórtán prósent frá fyrra ári og um 440 starfsmenn störfuðu hjá félaginu.

Í ársskýrslunni kemur einnig fram að SS slátraði á árinu 106.504 kindum, 5.879 nautgripum, 4.020 hrossum, 9.404 svínum og 2,1 milljón kjúklingum. **- hg**

Sérstakur saksóknari vill að Hæstiréttur úrskurði hvort ákæran sé óskýr:

# Kæra frávísun í Aserta-málinu

Embætti sérstaks saksóknara hefur ákveðið að kæra frávísun Héraðsdóms í Aserta-málinu svokallaða til Hæstaréttar.

„Við vorum ekki sammála niðurstöðu héraðsdóms og höfum ákveðið að kæra til Hæstaréttar og fá úrskurð þar,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Á föstudaginn vísaði Héraðsdómur Reykjaness frá ákæru embættisins á hendur Karli Löve Jóhannssyni, Gísla Reynissyni, Markúsi Mána Michaelssyni Maute og Ólafi Sigmundssyni sem var gefið að sök að hafa brotið gróflega gegn lögum um gjaldeyrisviðskipti. Málinu var vísað frá vegna óskýrleika í ákæru sérstaks saksóknara.

Fjórmenningarnir voru ákærðir fyrir brot gegn lögum og reglum um gjaldeyrismál og almennum hegningarlögum með því að hafa í sameiningu, á tímabilinu 25. mars til 2. nóvember 2009 haft milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi án lögmætrar heimildar eða leyfis frá Seðlabanka Íslands. Þá var þeim gefið að sök að hafa staðið í ólögmætum gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga á milli landa með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálafyrirtækjum hér á landi. **- fbj, kak**



**ÓSAMMÁLA HÉRAÐSDÓMI** Sérstakur saksóknari hefur kært frávísun í Aserta-málinu til Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Væntanleg bók í sumar:

## Björgólfur Thor í bókaútgáfu

Kaupsýslumaðurinn Björgólfur Thor Björgólfsson mun senda frá sér bókina „Billions to Bust and Back“ þann 26. júní í sumar. Undirtitill bókarinnar er „How I made, lost and rebuilt a fortune“, og útleggst það á íslensku sem „Hvernig ég aflaði, glataði og endurheimti auðæfi mín“.

Í lýsingu bókarinnar á vef Amazon segir að Landsbankinn hafi tekið Björgólf með sér í fallinu þegar hrunið skall á árið 2008. Innan árs hafi hann tapað 98,5 prósentum auðæva sinna og orðið blóraböggull í heimalandinu fyrir að eiga þátt í hruninu. Hann hafi nú staðið í skilum við lánardrottna sína og sé orðinn milljarðamæringur enn á ný. **- hva**


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið




STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

•••••• 20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM ••••••

# TAX FREE DAGAR

## AÐEINS Í 3 DAGA

– FIMMTUDAG – FÖSTUDAG – LAUGARDAG –

**Betra BAK**

Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18  Laugardaga frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Betra Bak.

Hagræðing í skólakerfinu getur skilað launahækkun:

# Kerfisbreyting er bezta tækifærið

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í þættinum Í bítið á Bylgjunni í fyrradag að hægt væri að réttlæta að hækka laun kennara umfram almennar launabreytingar með því að breyta skólakerfinu og stytta nám til stúdentsprófs. Sambærilegar tillögur eru hluti af tilboði ríkisins til lausnar kjaradeilunni við framhaldsskólakennara.

Forystumenn kennara hafa tekið þessum áformum illa. Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, sagði til dæmis í samtali við DV, að það væri „ósæmilegt að bera slíka hluti inn á borð í kjarasamningsviðræðum“.

En af hverju er það ósæmilegt? Er þessi leið ekki einmitt tækifærið til að hækka laun kennara, sem vissulega eru of lág? Staðan á vinnumarkaðnum og í fjármálum hins opinbera bendir ekki til að önnur leið sé fær.

Á almenna vinnumarkaðnum féllust samtök launþega á að semja um hóflegar launahækkanir gegn því að verðbólgunni yrði haldið í skefjum. Ef laun opinberra starfsmanna hækka langt umfram það sem þar var samið um er árangrinum í hættu stefnt.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Hvorki ríkið né sveitarfélög eiga heldur peninga til að hækka laun starfsmanna sinna umfram það sem gerist á almenna markaðnum. Eigi að vera hægt að hækka laun kennara, hvort heldur er í grunn- eða framhaldsskólum, þarf að breyta skólakerfinu, stytta námið og spara peninga.

Einhver kann að spyrja hvort það sé framkvæmanlegt. Já, flest bendir til þess. Ísland rekur dýrara skólakerfi en mörg vestræn ríki, án þess að það skili betri árangri. Grunnskólinn hefur lengzt um ár, auk þess sem skólaárið lengdist, án þess að nemendurnir kunni meira þegar þeir hafa lokið honum. Nám til stúdentsprófs tekur 14 ár í stað 12 eða 13 í flestum OECD-löndum. Við getum ekki leyft okkur slíka sóun á tíma og peningum.

Það er þess vegna hreint ekki ósæmilegt að ræða kjör framhaldsskólakennara í samhengi við breytingar á skólakerfinu. Ef eitthvað er getur þurft að setja málið í enn víðara samhengi, því að það er ekki hægt að ráðast í styttingu framhaldsskólans án þess að taka það með í reikninginn að óskilvirknin er meiri á grunnskólastiginu en í framhaldsskólum.

Raunar er fjöldi fordæma frá almenna vinnumarkaðnum um að hægt hafi verið að hækka laun í einstökum fyrirtækjum eða starfsgreinum umfram almennar launabreytingar með því að semja um breytingar á vinnufyrirkomulagi sem skiluðu aukinni framleiðni. Það er hægt að gera í skólakerfinu líka; þar gilda í grunninn ekki önnur lögmál.

Stytting náms til stúdentsprófs mun aldrei eiga sér stað öðruvísi en í góðu samstarfi stjórnvalda og starfsfólks skólanna, kennara þar með talinna. Vandséð er af hverju þessi kerfisbreyting ætti ekki að vera keppikefli kennarastéttarinnar, sem hlýtur að leggja metnað sinn í að reka hagkvæmt og skilvirkt skólakerfi. Og það ætti að vera alveg sérstakur hvati til samstarfs um kerfisbreytingu að í henni felst bezta tækifærið til að bæta kjör kennara við núverandi aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

BÍLGREINASAMBANDIÐ

**Aðalfundur BGS 2014Icelandair Hótel Reykjavík Natura fimmtudaginn 3. apríl kl. 14:00**

**Kl. 14:00 – 15:30** **Sérgreinafundir**
Almenn verkstæði og varahlutir
Málningar- og réttingarverkstæði
Sölusviðin

**Kl. 15:30 – 15:45** **Kaffihlé**

**Kl. 15:45 – 16:00** Setning fundar:
Jón Trausti Ólafsson
*formaður BGS.*

**Kl. 16:00 – 16:30** **Erindi:**
Bjarni Benediktsson,
*fjármálaráðherra*

**Kl. 16:30 – 17:00** **Venjuleg aðalfundarstörf**
*Dagskrá skv. 8. gr. laga BGS*
1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar skýrðir og bornir upp til samþykktar.
3. Kosning stjórnar.
4. Önnur mál.

***Stjórn BGS***

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þingmaður VG styður Dögun

Ögmundur Jónasson, þingmaður og fyrrverandi ráðherra Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, styður ekki framboð flokks síns í Reykjavík heldur hvetur fólk til að gleyma ekki Dögun með Þorleif Gunnarsson í broddi fylkingar. Ástæða sé fyrir félagslega þenkjandi fólk sem nú horfi til þeirra framboða sem í boði eru á vinstri væng stjórnmálanna, sem vill kenna sig við félagshyggju, að muna eftir Þorleifi. Þetta sagði Ögmundur á heimasíðu sinni í gær. Þar sagði hann mikinn missi fyrir VG að Þorleifi og afleitt væri að missa hann úr borgarpólitíkinni og fá í staðinn meira af Pírötum, Bjartri framtíð, Framsókn eða Samfylkingu. Vinstri grænir hafa nú einn fulltrúa í borgarstjórn, Sóleyju Tómasdóttur, sem býður sig fram til áframhaldandi starfa en hún sigraði Líf Magneudóttur, sem skipar annað sæti listans, í prófkjöri með litlum mun. Má skilja þetta svo að Ögmundur vilji frekar framgang vinar síns Þorleifs en samflokkskvenna sinna?



### Hlustað eftir viljanum

Hvergerðingar munu, samhliða bæjarstjórnarkosningum í vor, greiða atkvæði um könnun um hvort bærinn skuli sameinast öðru sveitarfélagi. Bæjarstjórinn og sjálfstæðiskonan Aldís Hafsteinsdóttir hefur ekki viljað gefa upp afstöðu sína varðandi sameiningu en segir aðalatriðið vera að íbúarnir gefi vísbendingu. Hún segir fólk þurfa að meta hvort Hveragerði sé sjálfstætt sveitarfélag með eigin stjórn eða hvort það telji hag fólks betur borgið í samvinnu og stærra samfélagi. Hún muni bara vinna að því sem bæjarbúar vilja. Því miður hljóta bæjarbúar að spyrja sig hvort nokkuð sé að marka sjálfstæðismenn sem segjast bara vilja hlusta á fjöldann og fara að hans vilja. Það hefur virkað frekar illa hjá þingmönnum flokksins hingað til.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þingmaður heimsækir kjúklingabú

LANDBÚNAÐUR



**Elín Hirst**
alþingismaður

Mér var boðið í heimsókn í kjúklingabú fyrirtækisins Matfugls á Kjalarnesi fyrir skömmu. Ástæðan var skrif mín og ræða á Alþingi þar sem ég bað menn um að gæta að velferð dýra og fara eftir nýjum lögum í þeim efnum. Í kjölfarið höfðu forráðamenn Matfugls samband við mig og buðu mér að skoða fyrirtæki sitt, sem ég þáði með þökkum.

Ég fékk að skoða öll húsin þeirra og fugl á mismunandi aldri til að kanna aðbúnaðinn í heild. Fuglinn hafði nægt rými samkvæmt stöðlum í lögum, lýsing var tempruð eftir því hvaða tími sólarhringsins var, loftskipti góð, gott aðgengi að mat og vatni fyrir fuglinn. Hreinlætiskröfur voru einnig gríðarlegar og engin ammóníakslykt eins og búið var að vara mig við.

Ég ræddi ítarlega við eigendur, framkvæmdastjóra og dýralækni búsins. Eigendurnir sögðu mér að það væri þeim mikið metnaðarmál að gæta að velferð dýranna og allir sem hjá fyrirtækinu störfuðu fengju sömu fyrirmæli. Þetta þótti mér gott að heyra og greinilegt að talað var af einlægni og ég hvatti þá áfram á þessari braut. Áhugaverð þótti mér eftirfarandi saga sem þeir sögðu mér: Eftirlitsmenn frá EFTA komu í heimsókn í kjúklingabúið og báðu um að fá að sjá lyfjaskrána. Dýralæknir búsins svaraði því til að engin slík skrá væri til. Eftirlitsmennirnir urðu mjög þungir á brún og sögðu að það væri ófrávíkjanleg skylda að halda slíka skrá. Dýralæknir búsins svaraði því til að ekki væri hægt að halda lyfjaskrá því kjúklingurinn fengi engin lyf, hann væri alheilbrigður. Þetta höfðu eftirlitsmenn EFTA aldrei heyrt áður og töldu algert einsdæmi.

**➜ Ég ræddi ítarlega við eigendur, framkvæmdastjóra og dýralækni búsins. Eigendurnir sögðu mér að það væri þeim mikið metnaðarmál að gæta að velferð dýranna og allir sem hjá fyrirtækinu störfuðu fengju sömu fyrirmæli.**

# Að vera fatlaður í verkfalli

VELFERÐ



Kristín Guðmundsdóttir
móðir fatlaðs drengs

➜ **Sumir fatlaðir geta t.d. verið einir og að stórum hluta bjargað sér sjálfir. Svo eru líka hinir sem hafa alls enga getu til þess. Þann hóp þurfum við að líta betur á og hlúa betur að.**

Orðið fötlun segir okkur að sá sem hefur hana hefur ekki sömu getu og sá sem hefur hana ekki. Þó er ekki þar með sagt að þeir sem hafa fötlun sem sinn lífsförunaut séu allir með sömu getu eða vangetu. Þ.a.l. megum við ekki festast í þeirri hugsun hver sé þeirra réttur, heldur vinna út frá því hver þörf viðkomandi sé. Gott dæmi um þetta er NPA, notendastýrð persónuleg aðstoð. Sú þjónusta hentar sumum en þó alls ekki öllum.

Sumir fatlaðir geta t.d. verið einir og að stórum hluta bjargað sér sjálfir. Svo eru líka hinir sem hafa alls enga getu til þess. Þann hóp þurfum við að líta betur á og hlúa betur að.

Þegar einstaklingur getur ekki verið einn þýðir það að hann þarf að þiggja aðstoð frá öðrum aðila, ekki bara stundum heldur alltaf.

Hann hættir ekki að vera fatlaður þegar t.d.:

- skammtímavistanir loka á daginn
- frí er í skólum
- hann verður fullorðinn í augum kerfisins
- ófyrirséðir atburðir gerast eins og t.d. verkföll hjá hans umönnunaraðilum
- málefni hans flytjast milli ríkis og sveitarfélaga

Við sem erum svo lánsöm að fá leyfi til að fara í gegnum þetta líf án þess að vera svona gífurlega háð öðrum eigum að sinna þessum þörfum þeirra.

En ábyrgðin liggur fyrst og fremst hjá þeim aðilum sem hafa sína skrifstofu og funda um þessi málefni á fullum launum. Ekki hjá foreldrum þessara einstaklinga né umönnunaraðilum. Þessir aðilar eiga að fá leyfi til að sinna sínu hlutverki eftir bestu getu, þ.e. að létta þeim fatlaða lífið. Það er illframkvæmanlegt ef öll orkan fer alltaf í baráttu við kerfið.

Að loka í sífellu augunum fyrir þessum vanda og lifa í þeirri trú að fötlunin hverfi má líkja við:

- að glæpir hverfi verði fangelsum lokað
- að slys og sjúkdómar hverfi fari læknar í verkfall
- að börnin okkar standist PISA-könnun láti kennarar sig hverfa.

Fötlunin er og mun vera til staðar.

Nú spyr ég formann velferðarráðs Reykjavíkur, Björk Vilhjálmsdóttur, hvað ætlið þið að gera til að leysa þennan vanda? Nú er verkfall og mörg fötluð ungmenni hafa enga þjónustu, a.m.k. hluta úr degi. Þau geta heldur ekki nýtt sér skammtímavistunina sína til fulls.

# Ómöguleikhúsið

EVRÓPUMÁL



Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísindamaður og rithöfundur

➜ **Og ómögulegt væri að bíða eftir fleiri háskólastofnanaskýrslum sem geta ómögulega verið gagnlegar.**

Hvert og eitt okkar sem fylgist með stjórnmálum spyr sig fyrr eða síðar hvort lýðveldið virki eins og vera ber. Hvort þingbundna stjórnin sé jafnan skilvirk, heiðarleg, sanngjörn og hliðholl almenningi. Hvort hátt í sjötíu ára vegferð sem endaði næstum í þjóðargjaldþroti beri vitni um nægilega lýðræðislega stjórnarhætti. Hvort þá þurfi að bæta. Eflaust eru skoðanir harla skiptar og svörin margvísleg.

**Ómöguleikinn er flókinn**

Nú hefur hugtak bæst í lýðræðisumræðuna: Ómöguleiki. Hann á við sumt en ekki annað. Það er til dæmis ekki ómögulegt að líta svo á að tveir flokkar hafi fengið óskorað umboð allra kjósenda sinna til þess að slíta viðræðum um aðildarsamning að Evrópusambandinu. Þar með er ómögulegt að kjósendur hafi kosið flokkana út á stök önnur mál en ekki andstöðu við EB-aðild, í ljósi þess að flokkarnir lofuðu fyrir kosningar (og framámenn þeirra eftir kosningar) að við öll mættum velja hvort viðræðum væri haldið áfram eða ekki. Um leið er ómögulegt að útskýra af hverju óþægilega margir kjósendur sömu flokka eru nú að fjasa um að fá að kjósa um hvort viðræðunum skuli haldið áfram eða ekki.

Auðvitað er ómögulegt að kjósendur sem vilja láta ljúka viðræðunum (eða geyma í salti) geti verið fleiri en þeir sem vilja slíta þeim. Líka er ómögulegt að horfa til nokkurra skoðanakannanna í einu og draga þjóðréttar ályktanir. Enn ómögulegra er að kanna vel vilja landsmanna með þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún gæti farið á ómögulegan veg. Betra er að velja þá skoðanakönnun eina sér til stuðnings sem styður ómöguleikann í því að ljúka langt komnum alþjóðasamningum er varða fyrirsjáanlega framtíð. Enda ómögulegt að nýta sömu samninganefnd og áður, gæta hagsmuna landsins, fylgja næstu samningsatriðum eftir í nefndum og á fundum Alþingis, í ríkisstjórn og með hagsmunasamtökum, stöðva samningsferlið ef allt er í hnút eða klára það ella. Hafa svo aðra þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamning sem þá lægi fyrir. Ómöguleiki myndi blasa við, væri samningur samþykktur með skýrum meirihluta atkvæða, eða honum hafnað.

**...og enn flóknari**

Enn fremur væri ómögulegt að skila stjórnartaumum ef flokkarnir treystu sér ekki til að þjóna meirihluta sem veldi áframhaldandi aðildarviðræður. Lýðræði getur ómögulega falist meðal annars í því að stjórnvöld sinni málum á skjön við upphaflega ætlan sína ef nógu margir vilja það. Stjórnmálamenn geta ómögulega kunnað það; hvað þá sætt sig við slík ósköp.

Samhliða öllu þessu er líka ómögulegt að hlusta á rök forsvarsmanna úr mörgum atvinnugreinum, meðal annars mikilvægra sprotafyrirtækja, sem vilja ekki slíta þessum ómögulegu EB-viðræðum. Og ómögulegt væri að bíða eftir fleiri háskólastofnanaskýrslum sem geta ómögulega verið gagnlegar. Þær er best að merkja sem ómögulegar vegna hlutdrægni enda pantaðar með fyrirfram gefnum niðurstöðum. Fyrirliggjandi skýrslu er síðan ómögulegt að skilja nema á einn veg. Tugþúsundir undirskrifta gegn slitum aðildarviðræðna og með kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu geta loks ómögulega breytt neinu af því að búið er að taka ákvörðun um málslok.

Ómöguleikhúsið er enginn farsi þegar á reynir og leikfléttan kann að verða dýr.

# Hreinleikinn er staðreynd – ekki goðsögn

LANDBÚNAÐUR



Sigurborg Daðadóttir
yfirdýralæknir

➜ **Alifuglabændum hefur tekist svo vel upp að Ísland er fyrirmynd annarra Evrópuþjóða.**

Í leiðara Fréttablaðsins 11. mars sl. „Hreinleikinn reynist goðsögn" er fjallað um niðurstöðu úttektar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á opinberu eftirliti með alifuglasláturhúsum og -afurðastöðvum. Það sem fram kemur í leiðaranum er rétt varðandi úttektina en því miður dregur leiðarahöfundur ranga ályktun í lok leiðarans þegar hann skrifar „Skýrsla ESA er hins vegar enn ein staðfesting þess að hreinleiki íslenzka ofurkjúklingsins er bara goðsögn". Hér að neðan eru færð rök fyrir því að þessi fullyrðing er röng.

Ísland hefur tekið upp matvælalöggjöf ESB og því gilda sömu reglur hér og í ESB um sláturhús og afurðastöðvar. ESA kemur fimm til sex sinnum á ári til Íslands og kannar hvort opinberir aðilar framfylgi matvælareglum ESB. Úttektirnar koma misvel út og ætíð er brugðist við athugasemdum ESA og hefur Matvælastofnun þegar lagt fram aðgerðaráætlun þar um.

Almenn regla við innleiðingar ESB-reglugerða er að landið getur nýtt sér að setja eða viðhalda strangari reglum en ESB-reglurnar kveða á um og það gerði Ísland þegar matvælalöggjöfin var innleidd að fullu 1. nóvember 2011. Varðandi framleiðslu alifuglaafurða gilda hér á landi strangari reglur um salmonellu og kampýlóbakter og stuðla þær að öruggari alifuglaafurðum á markaði en tíðkast hjá ESB.

Þessar séríslensku reglur færa vöktun og varnir vegna súnusjúkdóma (sjúkdómar sem berast milli dýra og manna) framar í framleiðslukeðjuna, þ.e. betur er fylgst með uppeldi kjúklinganna á búunum og harðari viðbrögð eru við uppkomu smits en reglur ESB gera ráð fyrir.

Af þessari ástæðu var minni áhersla lögð á heilbrigðisskoðun kjúklinga hér á landi síðar í framleiðslukeðjunni (alifuglasláturhúsum og –afurðastöðvum), því tekið hefur verið á málum varðandi matvælaöryggi framar í keðjunni. Þetta skýrir flestar athugasemdir sem ESA gerði í sinni úttekt, en afsakar þær ekki. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir hvers vegna það er staðreynd, að íslenskur kjúklingur er öruggari matvara en ESB framleiddur kúklingur, en ekki bara goðsögn.

**Kampýlóbakter**

Hjá ESB gilda engar reglur um kampýlóbakter í kjúklingum sem þó er algengasta orsök iðrasýkinga í fólki í Evrópu, en vitað er að smitaðir kjúklingar eru helsta orsök sýkinga. Á Íslandi eru mjög strangar reglur um kampýlóbakter og sýkingar í fólki hér á landi eru fátíðar. Kampýlóbakter í íslenskum kjúklingum hefur verið vel undir 5% undanfarin ár en er yfirleitt 30–50% og allt upp í 80% í kjúklingum á markaði í Evrópu. Áður en íslensku reglurnar voru settar var íslenskur kjúklingur álíka smitaður og ESB-kjúklingur og mikill fjöldi fólks sýktist, minni í því sambandi á faraldurinn 1999.

Íslensku reglurnar eru einfaldar, allir eldishópar kjúklinga eru rannsakaðir fyrir slátrun, ef hópur reynist smitaður af kampýlóbakter þá verður að frysta allar afurðir þess hóps því frysting fækkar bakteríunni um 90%. Íslendingar vilja hins vegar kaupa ófrysta kjúklinga, því gera alifuglabændur allt sem þeir geta til að framleiða kampýlóbakterfría kjúklinga. Það er erfitt verk. Alifuglabændum hefur tekist svo vel upp að Ísland er fyrirmynd annarra Evrópuþjóða. Leitað er í íslenska smiðju um hvernig í ósköpunum við höfum farið að þessu, okkur er boðið til annarra landa til að kynna íslensku „frystiregluna" sem skilað hefur svo miklum árangri í að fækka sýkingum í fólki.

**Salmonella**

Hjá ESB gilda viðamiklar reglur um salmonellu, í Skandinavíu gilda enn strangari reglur og hér á landi eru reglurnar strangastar hvað varðar kjúklinga. Ísland fylgir sömu sýnatökuáætlunum og ESB-reglur segja til um, en mismunurinn liggur í viðbrögðum við niðurstöðum rannsóknanna. Yfir tvö þúsund tegundir eru þekktar af salmonellu, sumar hættulegri en aðrar. ESB-reglurnar fyrirskipa viðbrögð við aðeins tveimur tegundum í kjúklingum (S. typimurium og S. enteritidis), en þær eru taldar valda um 70% salmonellusýkinga í fólki. Finnist þessar tegundir í ESB-sláturhúsi eða afurðastöð þá ber að leita skýringa, þrífa og sótthreinsa, en finnist þær í kjúklingum á markaði ber að innkalla (nýlega tekið gildi).

Hér á landi er hins vegar brugðist við öllum tegundum salmonellu (ekki bara tveimur) og brugðist hart við á öllum stigum framleiðslunnar. Finnist salmonella í eldishópi hér á landi er óheimilt að senda hann til slátrunar og öllum fuglum í hópnum er fargað og allt urðað. Finnist salmonella í sýnum teknum í sláturhúsi hérlendis eru afurðir hópsins innkallaðar og það sama gildir ef salmonella finnst á markaði.

Svipaðar reglur eru í skandinavísku löndunum en ekkert þeirra bannar þó slátrun salmonellusmitaðra hópa eins og tíðkast hér. Það er rétt að aukning hefur orðið á salmonellu í alifuglum undanfarin ár, en íslensku reglurnar koma að mestu í veg fyrir að hóparnir komist alla leið á markað, en aldrei er hægt að koma algerlega í veg fyrir það.

Með vísan til þess sem að ofan greinir er hreinleiki íslenska kjúklingsins engin goðsögn, það er einfaldlega staðreynd sem Íslendingar ættu að standa vörð um. Að framleiða örugg matvæli sparar þjóðarbúinu kostnað sem til fellur vegna sýkinga í fólki, að ónefndum þjáningum sem fólk verður fyrir. Fyrir áhugasama er nánari upplýsingar að finna í ársskýrslum Matvælastofnunar og ársskýrslum EFSA um súnur (Matvælaöryggisstofnun Evrópu).



# Karlar og krabbamein

HEILBRIGÐISMÁL



Jón H. Guðmundsson
ellilífeyrisþegi

Nú er hinn árlegi mottumars genginn í garð en hann er notaður til fjáröflunar og umræðu um krabbamein. Það hefur oft hvarflað að mér undanfarin misseri að segja smá reynslusögu til að hvetja karlmenn um fimmtugt til að fara sem fyrst í skoðun. Ef þetta getur ýtt við ykkur er tilganginum náð.

Þetta byrjaði allt það herrans ár 2008 þegar ég var ný orðinn 62ja ára. Ég hafði óvart orð á því við fjölskyldu mína hvað það væri óþægilegt að fara tvisvar til þrisvar sinnum að pissa á næturnar og jafnvel fjórum sinnum og þurfa að mæta hálfþreyttur í vinnuna. Mér var þá bent á að fara strax læknis. Eftir að hafa sagt lækninum frá vandamálinu setur hann upp hanska og fer að þreifa upp í afturendann á mér og segir að það séu óeðlilegar bólgur í blöðruhálskirtlinum og hann verði að senda mig strax í blóðprufur og boðar mig aftur eftir viku til tíu daga.

Þegar að því er komið segir hann mér að svokallað PSA-gildi sé of hátt og að hann hafi pantað tíma hjá þvagfæraskurðlækni til frekari rannsókna. Þegar þangað er komið er ég látinn fara í sýnatöku til frekari rannsókna og læknirinn gefur mér tíma tveimur vikum síðar. Eftir tvær vikur fellur stóri dómurinn; þú ert með krabbamein í blöðruhálskirtli.

Síðan upplýsir hann mig um hvað mér standi til boða; lyfjameðferð, geislameðferð og/eða skurðaðgerð. Eftir smá fróðleik og frekari upplýsingar var ákveðið að ég færi í skurðaðgerð. Þegar heim var komið gerði ég mér fyrst grein fyrir alvarleika sjúkdómsins og hvað orðið „krabbamein" væri. Ég vil taka fram að ég hef alltaf talið mig frekar hraustan og hef varla orðið misdægurt og gortað af því að hafa aldrei lagst inn á sjúkrahús. Tók því þessum tíðindum með jafnaðargeði.

**Farið sem fyrst í skoðun**

En þá var komið að því að brjóta odd af oflæti sínu og mæta í aðgerð sem var ákveðin 2. október 2008, þann ágæta mánuð sem líður þjóðinni seint úr minni. Það er skemmst frá því að segja að aðgerðin tókst ekki sem skyldi þar sem krabbameinið var orðið of útbreitt. Ég fór því í aðra aðgerð í desember, síðan 30 sinnum í geislameðferð og svo tvö ár í lyfjameðferð til að ráða niðurlögum eftirstöðva krabbameinsins, þar sem mælingar höfðu sýnt örlítið PSA-gildi. En á seinna árinu í lyfjameðferðinni var það orðið núll. Þá hófst ákveðin ánægja og sigurvíma með árangurinn.

En það stóð ekki lengi því í apríl árið 2012 byrjaði aftur að mælast PSA-gildi (0,7) og hækkaði síðan upp í 5,9 í desember 2012. Var því ákveðið að fara aftur í lyfjameðferð sem hófst í janúar 2013 og yrði út það ár og einnig kom fram að ég yrði með ólæknandi krabbamein það sem eftir lifði. Ég yrði kannski góður í 1-2 ár og svo aftur í lyfjameðferð og svo koll af kolli þar til yfir lýkur.

Ég vil taka fram að ég gerði mér enga grein fyrir því að pissustandið væri eitthvað óeðlilegt, það væri bara hluti af því að eldast og væri því eðlilegt ástand en þar liggur mesta hættan, sérstaklega þegar þekkingin er ekki til staðar en smá þrjóska.

Ágætu karlmenn sem eruð um fimmtugt og jafnvel yngri, hjá þessu hefði verið hægt að komast með því að fara fyrr í rannsóknir svo ekki sé talað um allan andlega og sársaukaþáttinn sem væri efni í aðra grein. Því hvet ég alla karlmenn um fimmtugt og jafnvel yngri að fara sem fyrst í skoðun, þá gæti legið fyrir að allt sé í lagi eða mögulega hægt að grípa strax inn í ef eitthvað væri að.

**➜ Ég vil taka það fram að ég gerði mér enga grein fyrir því að pissustandið væri eitthvað óeðlilegt, það væri bara hluti af því að eldast og væri því eðlilegt ástand en þar liggur mesta hættan, sérstaklega þegar þekkingin er ekki til staðar en smá þrjóska.**

# Um landbúnaðarhagfræði prófessors Þórólfs Matthíassonar

LANDBÚNAÐUR



Jón Þór Helgason
viðskiptafræðingur

Ég hef lesið greinar prófessors Þórólfs Matthíassonar að undanförnu. Þær eru einhæfar, fjalla um eina hlið mála án þess að ræða heildaráhrif. Á árunum 1960-70 ákváðu stjórnvöld að niðurgreiða landbúnaðarafurðir til að falsa neysluvísitöluna. Með þessu var hægt að draga úr launahækkunum, því að hækkun á vísitölu var einfaldlega stöðvuð með meiri niðurgreiðslum til afurðastöðva. Upp úr 1990 var kerfinu breytt þannig að greiðslum til afurðastöðva var hætt og greiðslur fóru að berast beint til bænda. Allt í einu sátu bændur uppi með kerfi sem gert var fyrir launafólk. Þessar breytingar leiddu af sér að afurðastöðvum í mjólkuriðnaði fækkaði úr 25 í fjórar.

Á sama tíma og bændum hefur fækkað hefur afkastageta hvers bús aukist. Greiðslur til greinarinnar hafa lækkað þannig að sífellt stærri hluti tekna búanna koma af söluverði afurða. Það er afar dýrt að byggja fjós og stækka bú en þegar bætist við að kaupa þarf kvóta, til að geta selt á innanlandsmarkaði á 320 kr. lítrann, vandast málið. Að greiða 320 kr. til að fá beingreiðslu upp á 40 kr. per lítra er fjárfestingin algjörlega vonlaus. En með því að lækka beingreiðslur myndi kvótaverð lækka. Síðasta ríkisstjórn framlengdi búvörusamningum tvisvar sinnum án athugasemda frá Þórólfi Matthíassyni og gilda núverandi búvörusamningar í mjólk til 2017.

Á árunum 2004-08 hækkaði kvótaverð verulega úr rúmum 200 kr. og fór hæst í 420 kr. Bankarnir fjármögnuðu kvótann á afar hagstæðum vöxtum. Við hrun bankanna kom í ljós að stór hluti þeirra búa sem fóru í fjárfestingar á þessum tíma voru í alvarlegum greiðsluerfiðleikum.

**Lengt í hengingarólinni**

Við framlenginu á búvörusamningum gátu bankarnir lengt í hengingarólinni hjá yfirskuldsettum bændum og skammtað þeim 200-250 þús. krónur í laun á fjölskyldu. Bændur framleiða sjálfir mat og bíllinn er skráður á búreksturinn, sögðu bankamennirnir. Lækkun á niðurgreiðslum frá ríkinu hefði skaðað bankana mest. Miðað við þá búreikninga sem ég hef séð þá sýnist mér með lækkun beingreiðslna frá ríkinu um 20% hefðu tekjur bænda lækkað um 7% en kvótaverð hefði líklega lækkað um 40-60% með tilheyrandi afskriftum í bankakerfinu. Þá hefði vaxtakostnaður bænda lækkað verulega sem hefði vegið upp tekjulækkunina.

Þórólfur Matthíasson telur að með því að leyfa innflutning á niðurgreiddum landbúnaðarvörum frá öðrum löndum muni hagur okkar sem þjóðar vænkast og hagsæld aukast. Forsendur fyrir þessari niðurstöðu eru að lækkun tekna landbúnaðar hafi ekki áhrif á aðrar forsendur þjóðhagslíkansins. Störfum mun ekki fækka, hvorki í landbúnaði né afleiddum störfum, gjaldeyrisjöfnuður mun ekki breytast og álagning í verslun mun ekki hækka. Heldur hagfræðiprófessorinn að verð á fákeppnismarkaði eins og í matvörugeiranum muni lækka við innflutning á landbúnaðarafurðum?

Hvers vegna hækkuðu innfluttar matvörur um 5,3% frá janúar 2012 til janúar 2014 á sama tíma og krónan styrktist um 0,3% gagnvart evru og rúm 5,5% gagnvart dollar? Er hráefnisverð erlendis alltaf að hækka? Það er sáralítil verðbólga í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Landbúnaður er og verður okkar grunnatvinnuvegur. Prófessor Þórólfur á að hafa skoðanir á efnahagskerfinu og benda á það sem aflaga fer. Vandamál okkar vegna landbúnaðarkerfisins eru smá miðað við önnur vandamál okkar eins og hæsta verðbólga í Vestur-Evrópu áratugum saman, lág laun og framleiðni miðað við samkeppnislönd, ónýtur gjaldmiðill að hans sögn, og verðtrygging sem prófessor Þórólfur telur nauðsynlega þar sem við Íslendingar séum svo einstakir. Öll þessi vandamál eru að því er virðist óleysanleg.

Þessum stóru vandamálum hefur Þórólfi og félögum hans í hagfræðideild Háskóla Íslands mistekist að ráða fram úr. Ég gleðst því yfir ef prófessor Þórólfur er tilbúinn í að einhenda sér í að leysa vandamál íslensks landbúnaðar. Vonandi verður þá einu vandamálinu færra að eiga við.

**➜ Landbúnaður er og verður okkar grunnatvinnuvegur. Prófessor Þórólfur á að hafa skoðanir á efnahagskerfinu og benda á það sem aflaga fer. Vandamál okkar vegna landbúnaðarkerfisins eru smá miðað við önnur vandamál okkar eins og hæsta verðbólga í Vestur-Evrópu árum saman...**

# Skemmtiferðaskipin og Harpa

FERÐAÞJÓNUSTA



Óskar Bergsson
sölufulltrúi

Ein af mörgum leiðum til að fegra mannlíf og efla viðskiptin í miðborg Reykjavíkur er að gera viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip við Hörpu. Með því móti sköpum við möguleikann á því að erlendir ferðamenn geti gengið beint frá borði í miðborgina og notið hennar eins og best verður á kosið. Farið á veitingahús og verslað í frábærum sérverslunum sem miðborgin býður upp á.

Þegar borgarstjórn Reykjavíkur tók þá umdeildu ákvörðun að halda áfram með byggingu Hörpunnar í miðju hruni gerði ég það að skilyrði fyrir samþykki mínu að gerður yrði viðlegukantur fyrir skemmtiferðaskip við Hörpu. Það skilyrði var sett inn í samninginn og sérstaklega tekið fram að þessi viðlegukantur yrði byggður. Þrátt fyrir það ákvæði samningsins var fyllingarefninu úr grunni Hörpu ekið í Sundahöfn í stað þess að nýta það þar. Núverandi borgarstjórn þarf að svara fyrir það hvers vegna ekki var staðið við samkomulagið. Fyrir næstu borgarstjórn liggur að taka málið upp og hefjast strax handa við að ljúka við viðlegukantinn. Sem dæmi má nefna að grjótinu frá Lýsisreitnum sem nú er verið að sprengja er ekið út úr borginni í stað þess að nýta það á þessum stað öllum til hagsbóta.

Fyrir hagsmunaaðila í miðborginni yrði viðlegukantur fyrir skemmtiferðaskip mikil vítamínsprauta sem fæli það í sér að göngufæri væri fyrir tugþúsundir erlendra ferðamanna um allan þann fjölbreytileika sem miðborg Reykjavíkur býður upp á. Þetta er framkvæmd sem búið er að semja um og munu framsóknarmenn í Reykjavík leggja mikla áherslu á að hún verði að veruleika eins og um hefur verið samið. Stöndum við gerðan samning, byggjum viðlegukantinn við Hörpu og glæðum miðborgina enn meira lífi.

**➜ Fyrir hagsmunaaðila í miðborginni yrði viðlegukantur fyrir skemmtiferðaskip mikil vítamínsprauta sem fæli það í sér að göngufæri væri fyrir tugþúsundir erlendra ferðamanna.**

# Meðvitað öryggi í stað breikkunar Hvalfjarðarganga

SAMGÖNGUR



Birna Hreiðarsdóttir
lögfræðingur og framkvæmdastjóri Norm Ráðgjafar ehf.

Hvalfjarðargöngin voru vel heppnuð framkvæmd og mikil samgöngubót á sínum tíma. Spölur, fyrirtækið sem að þessu stóð, á hrós skilið fyrir að gangast í verkefnið og skila því með glæsibrag í samvinnu við stjórnvöld sem greiddu hluta kostnaðarins. Þegar göngin verða að fullu greidd fær ríkið þau til eignar, þó ekki síðar en árið 2018.

Að undanförnu hafa forsvarsmenn Spalar sett fram það sjónarmið í fjölmiðlum að vegna mikillar aukningar á umferð um göngin sé nauðsynlegt að tvöfalda þau til að uppfylla öryggiskröfur. Framkvæmdin muni kosta um 9 milljarða króna, sem hefði í för með sér framlengingu á innheimtu veggjalda næstu áratugina. Jafnframt hefur komið fram af hálfu forsvarsmanna Spalar að málið „sé á herðum stjórnvalda", sem þýðir að samþykki og fjármagn þurfi að koma til frá ríkinu eigi framkvæmdin að verða að veruleika.

Mikilvægt er að stjórnvöld marki skýra stefnu í þessu máli, boltinn er í raun hjá þeim.

**Viðmið um tvöföldun vegganga**

Samkvæmt tölum frá Speli hefur dagleg umferð undanfarin 5 ár um göngin verið að meðaltali um 2.600 ökutæki á hvora akrein. Nokkuð dró úr umferð á árunum 2009-12 en jókst aftur árið 2013. Í ljósi þess að mikil aukning hefur orðið á fjölda ferðamanna til landsins gefa þessar tölur ekki til kynna að vænta megi umtalsverðrar aukningar á umferð um göngin. Í viðauka við reglugerð um öryggiskröfur í jarðgöngum (nr. 992/2007) kemur fram það mat, sem byggt er á samevrópskum viðmiðum, að reisa beri tvö aðskilin gangaröр (væntanlega með tveimur akreinum í hvora átt) ef áætlanir næstu 15 árin sýna að dagsumferðin muni fara yfir 10.000 ökutæki í hvora átt. Þetta er um fjórföld sú umferð sem fer um Hvalfjarðargöng nú. Miðað við framreiknaðar mannfjölda- og ferðamannaspár er útilokað að umferðin um Hvalfjarðargöng aukist svo mikið næstu 15-30 árin.

Hörmuleg slys hafa orðið á undanförnum árum í veggöngum víðs vegar um heim sem hefur leitt til þess að öryggiskröfur hafa verið hertar sem hefur leitt til fækkunar alvarlegra slysa.

Árið 1999 létust 39 manns í hræðilegu slysi í Mont Blanc-veggöngunum milli Frakklands og Ítalíu. Göngin voru endurbyggð frá grunni og eru nú talin ein þau öruggustu í heimi. Þau eru rúmlega tvöfalt lengri en Hvalfjarðargöng en engu að síður aðeins ein akrein í hvora átt. Þar gildir bæði lágmarks- og hámarkshraði (50–70 km/klst.) og áskilin er lágmarksfjarlægð milli ökutækja við akstur í gegnum göngin.

Í Frakklandi og á Ítalíu búa um 130 milljónir manna. Ef göng með einni akrein í hvora átt nægja þeim, er virkilega nauðsynlegt að byggja tvíbreið göng hér á landi? Í Noregi eru hátt í 900 veggöng, flest einbreið.

**➜ Hörmuleg slys hafa orðið á undanförnum árum í veggöngum víðs vegar um heim sem hefur leitt til þess að öryggiskröfur hafa verið hertar sem hefur leitt til fækkunar alvarlegra slysa.**

**Til framtíðar**

Í stað tvöföldunar Hvalfjarðarganga hlýtur meginverkefnið á næstunni að vera aukið öryggi, t.d. þarf að skoða byggingu öryggisganga meðfram göngunum og útgönguleiðir inn í þau á vissu millibili. Þannig geti vegfarendur yfirgefið aðalgöngin ef slys ber að höndum. Einnig virðist loftgæðum vera áfátt í Hvalfjarðargöngum. Það er umhugsunarefni að gangandi vegfarendur og hjólreiðafólk geti ekki notfært sér göngin nú. Vera má að lausn sé finnanleg fyrir þessa vegfarendahópa.

Brýnt er að endurskoða reglur um flutning á hættulegum farmi um göngin, auka eftirlit og hækka sektir við brotum, hvort heldur af hálfu ökumanns eða rekstraraðila. Það er vart til þjóðhagslega betri fjárfesting en skynsamlegar framkvæmdir í vegamálum. Bygging hálendisvegar og Sundabrautar er tvímælalaust dæmi um slíkar framkvæmdir. Mikilvægt er að raunhæft mat á umferðarmagni sé lagt til grundvallar við undirbúning framkvæmda.

Vonandi geta stjórnvöld, sveitarfélög og fjárfestar, eins og lífeyrissjóðirnir, borið gæfu til þess að beina kröftum sínum að slíkum verkefnum og efla þannig innviði samgöngukerfisins til framtíðar.

– KOMDU NÚNA –

# TAXFREE DAGAR

## 20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

– AÐEINS Í 4 DAGA – FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS–

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



BARA

4 DAGAR

OPIÐ ALLA HELGINA

HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OG Dalsbraut 1 • Akureyri

OPIÐ Virka daga 10-18, laugardag 11-17 og sunnudag 13-17 EITT SÍMANÚMER 558 1100

# Jafnlaunaátak stjórnvalda hefur snúist upp í andhverfu sína

KJARAMÁL

**Alma Birgisdóttir**
hjúkrunarfræðingur og hjúkrunarforstjóri Hrafnistuheimilanna
**Arna Garðarsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og aðstoðardeildarstjóri á Hrafnistu, Reykjavík
**Árdís Hulda Eiríksdóttir**
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Hrafnistu, Hafnarfirði
**Bjarney Sigurðardóttir**
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Hrafnistu, Kópavogi
**Harpa Gunnarsdóttir**
fjármálastjóri Hrafnistuheimilanna
**Helga Reynisdóttir**
hjúkrunarfræðingur á Hrafnistu, Hafnarfirði
**Jóhanna Jakobsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og aðstoðardeildarstjóri á Hrafnistu, Kópavogi
**Lucia Lund**
mannauðsstjóri Hrafnistuheimilanna
**Margrét Magnúsdóttir**
hjúkrunarfræðingur á Hrafnistu, Reykjavík
**Pétur Magnússon**
forstjóri Hrafnistuheimilanna
**Soffía Egilsdóttir**
framkvæmdastjóri félags- og þjónustusviðs Hrafnistuheimilanna
**Sigrún Stefánsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Hrafnistu, Reykjavík
**Þóra Gunnlaugsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri á Hrafnistu, Hafnarfirði

Undir lok kjörtímabils síðustu ríkisstjórnar, nánar tiltekið í janúar 2013, samþykkti ríkisstjórnin að ráðast í jafnlaunaátak með aðgerðum sem beindust að því að draga úr kynbundnum launamun á stofnunum í heilbrigðiskerfinu. Átakinu var almennt vel fagnað enda tilefnið ærið eins og komið hefur fram í samfélagsumræðunni. En Adam var ekki lengi í paradís, því fljótlega kom í ljós að þetta svokallaða „jafnlaunaátak" átti eingöngu við um sumar heilbrigðisstofnanir en ekki allar.

Með jafnlaunaátakinu hafa stjórnvöld brotið blað í stefnumótun varðandi launakjör starfsfólks í heilbrigðis- og velferðarstéttum sem við teljum að þingmenn hafi ekki áttað sig á. Öldrunarheimili og ýmsar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstofnanir, líkt og Hrafnista, virðast einhverra hluta vegna ekki verðugar þess að vera hluti af jafnlaunaátakinu.

Það birtist í því að stjórnvöld hafa ekki á síðustu árum hirt um að hækka daggjöld til þessara stofnana í samræmi við raunhækkanir kostnaðarliða við starfsemina, en tekjur öldrunarheimila eru nánast eingöngu daggjöld sem greidd eru úr ríkissjóði og stjórnvöld ákvarða einhliða. Jafnframt hefur tíðkast hingað til að ríkið greiði öldrunarstofnunum sambærilegar hækkanir á daggjöld fái starfsfólk heilbrigðiskerfisins annars staðar launahækkanir frá ríkinu. Nú hefur orðið breyting á því.

Hvorki fulltrúar fyrrverandi né núverandi ríkisstjórnar hafa gefið skýringar á því hvers vegna heilbrigðisstofnunum landsins hefur verið skipt í tvo flokka, hvers vegna t.d. hjúkrunarfræðingar á öldrunarheimilum og öðrum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstofnunum eigi að fá lægri laun en hjúkrunarfræðingar heilbrigðisstofnana, sem heyra beint undir ríkisvaldið. Launakostnaður vegna þeirra sem fá greitt samkvæmt kjarasamningum á öldrunarheimilum nemur nú milli 75 og 80% af heildarkostnaði við rekstur heimilanna.

**➜ Öllum er ljóst að þróun daggjalda á umliðnum árum hefur ekki fylgt raunverulegri þróun á kostnaðarliðum öldrunarheimila og þrátt fyrir umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir á síðustu árum standa daggjöldin ekki lengur undir eðlilegum rekstri.**



Öldrunarheimilin geta ekki hækkað launin nema ríkisvaldið uppfæri daggjaldagreiðslur til heimilanna – ekki nema þá að lögbundin þjónusta verði skert enn frekar frekar sem að okkar mati kemur ekki til greina. Þessari ósk hafa stjórnvöld ítrekað hafnað. Jafnlaunaátakið hefur því snúist uppí andhverfu sína. Myndast hefur launamunur milli hjúkrunarfræðinga og fleiri starfsstétta sem ræðst af því hjá hvaða stofnun heilbrigðisstarfsmennirnir vinna.

### Uppsagnir óumflýjanlegar

Hið svokallaða jafnlaunaátak hefur af þessum sökum skapað mikla óánægju meðal hjúkrunarfræðinga og nú þegar er farið að bera á uppsögnum í stéttinni. Sumir færa sig yfir á ríkisstofnanirnar, aðrir vilja hreinlega skipta um starfsvettvang. Á sama tíma er orðið erfiðara en áður að ráða hjúkrunarfræðinga í stað þeirra sem hverfa á braut. Afleiðingin er enn fremur sú að kjarasamningaviðræður eru í uppnámi.

Öllum er ljóst að þróun daggjalda á umliðnum árum hefur ekki fylgt raunverulegri þróun á kostnaðarliðum öldrunarheimila og þrátt fyrir umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir á síðustu árum standa daggjöldin ekki lengur undir eðlilegum rekstri. Ef fram heldur sem horfir munu hjúkrunarheimilin þurfa að takast á við frekari uppsagnir heilbrigðisstarfsfólks án þess að takist að ráða í þau störf sem losna. Af þeim sökum mun þurfa að loka ákveðnum einingum eða jafnvel heilum deildum. Þessi staða verður líklega að veruleika síðar í vor verði ekkert að gert.

### Það er tækifæri

Fjöldi aldraðra bíður eftir hjúkrunarrými. Bæði er um að ræða einstaklinga í heimahúsum og mikinn fjölda sem situr fastur á Landspítalanum, þar sem um 10% rýma eru teppt vegna þessa. Það er því mjög mikilvæg og sanngjörn krafa að „jafnlaunaátakið" eða sambærilegar kjarabætur verði útfærðar með þeim hætti að fólk í sambærilegum störfum í heilbrigðiskerfinu sitji við sama borð og áður var og verði eins og áður metið að verðleikum.

Hér með skorum við á heilbrigðisráðherra, ríkisstjórn Íslands og alla þingmenn að bretta upp ermar og sýna í verki að veikir aldraðir einstaklingar séu ekki annars flokks þjóðfélagsþegnar heldur jafngildir öðrum þegnum samfélagsins þegar þeir þurfa á heilbrigðis- og velferðarþjónustu að halda.

# Fórnarkostnaður framhaldsskólakennara

KJARAMÁL



**Sigríður Helga Sverrisdóttir**
framhaldsskólakennari

Fyrir 6 árum tilheyrði ég hinni dæmigerðu íslensku millistétt: átti fasteign, nýjan bíl og lifði tiltölulega fjárhagslega áhyggjulausu lífi. Síðan tók ég þá örlagaríku ákvörðun að gerast kennari.

Það hafði lengi blundað í mér að feta þá braut og á þessum tímapunkti í lífi mínu fannst mér það hin eina rétta ákvörðun, þrátt fyrir að þá væri hið fræga hrun skollið á. Ég eyddi því heilu ári til viðbótar til að ná mér í kennsluréttindi með tilheyrandi fórnarkostnaði og launatapi og hóf að því loknu starf sem kennari í framhaldsskóla.

Á þeim 5 árum sem liðin eru hef ég hrapað úr því að vera millistéttarmanneskja í það að vera eignalaus lágstéttarmanneskja. Ástæðan er einföld: mánaðarlaun mín fyrir fullt starf duga engan veginn til nauðsynlegrar framfærslu skv. viðmiðunarstöðlum. Þó bý ég – að því er talið er – í velferðarríki en ekki vanþróuðu ríki. Þá er ég hámenntuð, með 3 háskólagráður og 6 ára háskólanám að baki. Hvernig má þetta vera? Það er ekki nema von að maður velti því fyrir sér hvort þessi mikli fórnarkostnaður hafi verið ómaksins virði.

Ég er hugvísindamanneskja, bókmenntafræðingur og ljóðskáld. Ég valdi mitt fag út frá einskærum áhuga á bókmenntum, menningu og tungu hins enskumælandi heims. Ég sé það núna að það var lúxus. Ég var einfaldlega ekki þannig þenkjandi að velja mér fag út frá mögulegum framtíðartekjum. Það voru hugsanlega mistök. Eða hvað?

Eitt er víst, að kennarastarfið er það mest krefjandi starf sem ég hef sinnt um ævina og hef ég þó víðtæka starfsreynslu á öðrum sviðum. Það er um leið lifandi og ögrandi starf og heldur manni stöðugt á tánum. Einnig eru það mikil forréttindi að vera með svona ungu og frjóu fólki alla daga. Nemendur mínir hafa verið mér endalaus uppspretta og hafa kennt mér margt.

Ég kenni nemendum á náttúrufræðibraut sem hefur verið talsverð áskorun fyrir hugvísindamanneskju. Við hugsum ólíkt. Eitt af því mikilvægasta sem ég hef lært af nemendum mínum er að nálgast viðfangsefnið á vísindalegan, rökfræðilegan hátt. Mæla allt með ákveðinni mælistiku og fá út einhverja fasta útkomu. Nemendur á náttúrufræðibraut lesa m.a. mikið af vísindatextum og fjallar einn kaflinn um hagfræðilegan hugsunarhátt.

### Dýrkeyptasta fjárfestingin

Ef ég hefði lært að tileinka mér hagfræðilegan hugsunarhátt á menntaskólaaldri væri ég líklega ekki kennari í dag. Samkvæmt hagfræðilegum útreikningum er kennarastarfið síst af öllu fjárhagslega arðbært. Sennilega væru fáir til í að skipta á aleigunni fyrir kennarastarfið. Sennilega eru fáar eða engar stéttir, aðrar en kennarastéttin, til í að vinna öll kvöld og allar helgar – launalaust – við að fara yfir próf og verkefni. Lífið er stutt og líður hratt. Líta þarf líka á þann fórnarkostnað fyrir samfélagið sem hlýst af kulnun í starfi vegna ofurálags.

**➜ Á þeim 5 árum sem liðin eru hef ég hrapað úr því að vera millistéttarmanneskja í það að vera eignalaus lágstéttarmanneskja. Ástæðan er einföld: mánaðarlaun mín fyrir fullt starf duga engan veginn til nauðsynlegrar framfærslu skv. viðmiðunarstöðlum.**

Af hverju er þá kennarastarfið svona vanmetið? Hvað er það við kennarastarfið sem stjórnvöld eru ekki að átta sig á? Hvaða stétt, sem krefst þriggja háskólagráða, myndi sætta sig við að vera með laun undir framfærsluviðmiðum? Má orsökina að einhverju leyti rekja til hinnar ævafornu, rómantísku mýtu að maðurinn þurfi helst að svelta til að sýna hvað í honum býr, sbr. gömlu skáldin okkar? En við lifum á öðrum tímum en þessi frægu skáld, sem sultu heilu hungri og skildu ekkert eftir sig nema ódauðleg verk. Í dag eru önnur gildi við lýði, aðrar kröfur um lágmarksviðurværi og lífsstíl. Það er sanngjörn krafa að hægt sé að lifa á launum sínum og að fólk fái greitt samkvæmt menntun og vinnuframlagi.

Vegna skilningsleysis stjórnvalda fyrir kennarastarfinu stend ég nú frammi fyrir enn einum fórnarkostnaðinum, verkfalli, sem ég hef ekki valið mér. Það er því deginum ljósara að sú leið sem ég valdi fyrir 6 árum hefur reynst mér dýrkeyptasta fjárfesting sem ég hef ráðist í til þessa.

# Vatnstjón er heimilunum alltof dýrt

VATNSTJÓN



**dr. Björn Karlsson**
forstjóri Mannvirkjastofnunar

Það kom fram í fréttum nýverið að tryggingafélögunum bárust 6.700 tilkynningar um vatnstjón í fyrra, að langmestu leyti frá heimilum. Tjónið nam vel á þriðja milljarð króna, einnig að langmestu leyti á heimilum. Þá er ótalin röskun á daglegu lífi, óþægindi og jafnvel heilsutjón vegna raka og myglu. Þarf þetta að vera svona? Nei, því við getum gert ýmislegt til að draga úr líkum á að vatn leki og vinni skemmdir á heimilinu og innanstokksmunum.

Tryggingafélögin bæta vatnstjón að miklu leyti en þó er ljóst að heimilin sitja uppi með hundruð milljóna króna tjón á aðeins einu ári. Annars vegar greiða þau um 300 milljónir í eigin áhættu. Á hinn bóginn þurftu heimilin að bera allan kostnað í að minnsta kosti 1.500 tilvikum þar sem tjónið reyndist ekki bótaskylt. Samtals er hér líklega um að ræða kostnað upp á um 750 milljónir króna.

Í hverju og einu tilviki getur verið um fremur lágar upphæðir að ræða. Hins vegar eru fjölmörg dæmi um verulegt tjón. Þannig var í fyrra næstum daglega tilkynnt um vatnstjón sem nam einni milljón króna eða meira. Flest heimili munar um minna.

### Samstarfshópur um varnir

Ellefu fyrirtæki, stofnanir og samtök hafa myndað samstarfshóp um varnir gegn vatnstjóni. Samstarfshópurinn telur að mjög megi draga úr vatnstjóni með fræðslu til almennings og aukinni þekkingu og fagmennsku iðnaðarmanna. Hann hefur gefið út fræðsluefni sem meðal annars er unnt að nálgast á mannvirkjastofnun.is. Þá hefur hópurinn þegar stuðlað að því að auka framboð á endurmenntun fyrir iðnaðarmenn til að bæta frágang í votrýmum, svo sem eldhúsi, þvottahúsi og á baðherbergi.

Að hópnum standa Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara, Félag pípulagningameistara, IÐAN fræðslusetur, Mannvirkjastofnun, Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök um loftgæði, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., TM hf., VÍS hf. og Vörður tryggingar hf.

### Hvernig verjumst við vatnstjóni?

Ég hvet lesendur til að kynna sér fræðsluefni samstarfshópsins þar sem fjallað er um leiðir til að verjast vatnstjóni. Meðal annars má nefna:

- Að láta löggilta fagmenn ávallt annast pípulagnir og frágang í votrýmum (eldhús, bað, þvottahús), svo sem múrverk, flísalögn og dúklögn. Reynslan sýnir að ófagleg vinnubrögð eða fúsk getur orðið fólki afar dýrkeypt. Einnig þarf að hafa fagmenn með í ráðum um val á tækjum og efnum.
- Að fólk sinni umhirðu og eftirliti með lögnum og tækjum og bregðist við til að draga úr líkum á vatnstjóni eða koma í veg fyrir það.
- Að fólk bregðist rétt við þegar vatnsleki verður. Þannig má koma í veg fyrir tjón eða draga úr því.

Nánari upplýsingar eru á mannvirkjastofnun.is.




## ALLT FYRIR FALLEGT FERMINGARBORÐ



**30%**

Papasan stóll **9.093** áður 12.990
Pullur **6.993** áður 9.990 - margar gerðir
Lítill stóll **5.593** áður 7.990
Pullur **1.393** áður 1.990 - margar gerðir



**4.552**
áður 5.690

**20%**
**afsláttur af speglum**

**5.592**
áður 6.990

Speglar 30x30
**1.592** áður 1.990
Fást í mörgum litum



**3.990**

**1.990**

**990**

OMG **1.590**



**20%**
**afsláttur af ljósum**



**6.392**
áður 7.990

**10.392**
áður 12.990

**10.392**
áður 12.990

6 arma
**13.392**
áður 16.990

**7.992**
áður 9.990

**6.392**
áður 7.990

**MIKIÐ ÚRVAL AF LJÓSUM**

the PIER

**TILBOÐ GILDIR 20.-26. MARS**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

DOBIA.IS



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, bróðir, mágur og afi,

**GUÐMUNDUR ÓLAFUR GARÐARSSON**
**Ólafsfirði,**

lést þann 12. mars sl. á Landspítalanum. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 22. mars og hefst klukkan 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hetjurnar, félag langveikra barna á Norðurlandi.

**Þuríður Sigmundsdóttir**
**Garðar Guðmundsson** — **Þ. Kristín Guðmundsdóttir**
**Guðrún Elísabet Guðmundsdóttir** — **Sindri Valdimarsson**
**Halldór Ingvar Guðmundsson** — **Guðbjörg Ýr Viðisdóttir**
**Garðar Guðmundsson** — **Helga Torfadóttir**
**Guðrún Elísabet Víglundsdóttir** — **Sigmundur Agnarsson**
**Halldóra Garðarsdóttir** — **Maron Björnsson**
**Ólöf Garðarsdóttir** — **Barði Jakobsson**
**Hannes Garðarsson** — **Steinunn Aðalbjarnardóttir**
**Salka Björk, Guðmundur Orri, Þuríður Lilja og Kjartan Ólafur**



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA MAGNÚSDÓTTIR**
**Norðurbraut 5, Höfn í Hornafirði,**

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands laugardaginn 16. mars, verður jarðsungin frá Hafnarkirkju, Höfn, laugardaginn 22. mars kl. 14.00.

**Ragnar Arason**
**Magnús Sigmar Aðalsteinsson**
**Guðbjörg Signý Gísladóttir** — **Stefán Bjarni Finnbogason**
**Magnhildur Björk Gísladóttir** — **Þorvaldur Jón Viktorsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri

**EIRÍKUR YNGVI SIGURGEIRSSON**
**Miðteigi 7, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 15. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 24. mars kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Lísa Björk Sigurðardóttir**
**Lára Halldóra Eiríksdóttir** — **Jón Torfi Halldórsson**
**Margrét Eiríksdóttir**
**Hulda Sif Hermannsdóttir** — **Jón Valgeir Halldórsson**
**Berglind Hermannsdóttir** — **Rolf Hauritz**
**og barnabörn.**

✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**SÆVAR ÓSKARSSON**
**sjómaður og útgerðarmaður,**
**Ásabraut 7, Grindavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, mánudaginn 17. mars. Útför hans verður auglýst síðar.

**Khamnuan Phiubaikham Sævarsson**
**Óskar Sævarsson**
**Jóhanna Sævarsdóttir**
**Erlendur Sævarsson**
**Kári Kham Sævarsson**
**Dagbjört Óskarsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**AUÐUR ERLA HÖGNADÓTTIR**
**Króktúni 18, Hvolsvelli,**

sem andaðist á heimili sínu þann 13. mars, verður jarðsungin frá Stóra-Dalskirkju, laugardaginn 22. mars kl. 14.00.

**Ólafur Sigurþórsson**
**Anný Helena Hermansen** — **Kolbeinn Hreinsson**
**Ágúst Þór Ólafsson**
**Anný Ólafsdóttir** — **Róbert Lorenc**
**Sigríður Linda Ólafsdóttir** — **Benedikt Sveinbjörnsson**
**Vigdís Heiða Ólafsdóttir**
**Ólafur Erlingur Ólafsson** — **Camilla Guðmundsdóttir**
**Sindri, Sveinbjörn, Sigurður, Kolbeinn, Kristján, Auður, Kristín, Benedikt, Díana, Sandra og Ísabella.**



**FORMAÐUR FÉLAGS FRÖNSKUKENNARA** „Calvet er mjög skemmtilegur og frægur fyrirlesari,“ segir Jóhanna Björk og hlakkar til morgundagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Franska er svo fjölbreytt

## Félag frönskukennara fagnar fertugsafmæli með því að fá Louis-Jean Calvet, málvísindamann og rithöfund, til að halda fyrirlestur á Háskólatorgi á morgun klukkan 17.

„Þetta er heilmikill viðburður,“ segir Jóhanna Björk Guðjónsdóttir, formaður Félags frönskukennara á Íslandi um fertugsafmæli félagsins með fyrirlestri Louis-Jean Calvet, rithöfundar í stofu 101 á háskólatorgi HÍ.

„Calvet er mjög skemmtilegur og frægur fyrirlesari,“ segir Jóhanna Björk. „Hann hefur skrifað mikið um frönskuna í alþjóðasamhengi og líka innan Frakklands og túlkar allt út frá mannlegu sjónarhorni svo þetta verður ekki bara þurr málvísindafyrirlestur heldur fyrir alla sem skilja frönsku.“

Félagið ætlar svo að halda afmælisfögnuð um kvöldið í húsakynnum Alliance Française þar sem heiðursfélaginn, Vigdís Finnbogadóttir, mætir, frönsku sendiherrahjónin og að sjálfsögðu Louis-Jean Calvet.

Jóhanna Björk segir Félag frönskukennara mjög virkt. „Við erum þrjátíu og fimm í félaginu núna af flestum skólastigum sem hittumst reglulega og ræðum um allt sem viðkemur frönskukennslu vítt og breitt. Mörg okkar hafa þekkst lengi og við erum í góðu samstarfi við Alliance Française og franska sendiráðið, það skiptir máli því allt styður hvað annað. Við fáum fundaraðstöðu í Alliance Française og það er auðvitað klisjukennt en við skálum stundum í rauðvíni til að lifa okkur inn í frönsku stemninguna!“

Jóhanna Björk hefur verið formaður félagsins í tvö ár en er búin að kenna frönsku með hléum síðan 1997. „Ég hef bæði kennt í Háskóla Íslands og í Kvennaskólanum og er bara heima hjá mér núna í verkfalli,“ segir hún.

Hún kveðst hafa búið bæði í Frakklandi og frönskumælandi hluta Kanada. „Franskan er svo fjölbreytt eftir því hvar í heiminum hún er töluð,“ segir Jóhanna, sem kveðst hafa mikil samskipti í sínu daglega lífi á frönsku, bæði faglega og við vini úti um heim.

En finnst henni íslensk ungmenni hafa áhuga á frönsku?

„Já, mér finnst það. Þau eru náttúrulega vön enskri og amerískri menningu og það þarf svolítið að hafa fyrir því að opna fyrir þeim franska heiminn en þá eru þau spennt fyrir að læra tungumálið. Nú er líka farið að kenna frönsku á annan hátt en áður og lögð áhersla á talið en ekki að hamast í einhverri málfræði strax. Þannig brjótum við niður mýtuna um að það sé erfitt að tala frönsku.“

Sjálf lærði Jóhanna Björk frönsku í Menntaskólanum á Laugarvatni. „Mig langaði strax að læra hana,“ segir hún. „Ég fann að þar var leið fyrir mig að stækka minn heim.“ gun@frettabladid.is



✝

Faðir okkar og bróðir,

**AÐALBJÖRN STEINGRÍMSSON**
**húsasmíðameistari**

lést þann 4. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Thelma Aðalbjörnsdóttir**



✝

Okkar ástkæri

**ÓLAFUR PÉTUR EDVARDSSON**

lést á Landspítalanum við Hringbraut 9. mars sl. Jarðarförin fór fram í kyrrþey frá Grafarvogskirkju 19. mars sl. Þökkum öllum sem hafa komið að umönnun hans í gegnum árin.

**Edvard Pétur Ólafsson** — **Pálína Oswald**
**Viktor Gunnar Edvardsson** — **Ingunn Mjöll Birgisdóttir**
**Björn Ingi Edvardsson** — **Hildur Sigurðardóttir**
**Ólafur Pétur Jensen**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**frá Móeiðarhvoli,**

lést á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli sunnudaginn 16. mars. Útförin fer fram frá Oddakirkju föstudaginn 28. mars kl. 15.00.

**Valmundur Einarsson** — **Elísabet Anna Ingimundardóttir**
**Hermann Jón Einarsson**
**María Rósa Einarsdóttir** — **Guðmann Óskar Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**LÁRA SIGURJÓNSDÓTTIR**
**Stapaseli 11, Reykjavík,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þann 6. mars síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir viljum við færa heimahjúkrun Karitas og starfsfólki á deild 11E við Hringbraut.

**Dagþór Haraldsson**
**Jón Gauti Árnason** — **Siv Carlsen**
**Hafsteinn Davíðsson** — **Laufey Friðriksdóttir**
**Óðinn Þór Jónssson** — **Elva Rut Hraundal**
**Ægir Már Jónsson**
**og langömmubörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUNNLAUGUR G. EINARSSON**
**bifreiðasmiður**
**Bjarkarási 21, Garðabæ,**

lést á gjörgæsludeild Borgarspítalans laugardaginn 15. mars. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 26. mars kl. 13.00.

**Jóna Haraldsdóttir**
**Margrét Gunnlaugsdóttir** — **Sigurhans Vignir**
**Halldór Gunnlaugsson** — **Hildur Sveinsdóttir**
**Jóna Rut, Tómas, María, Óttar og Rúrik**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



## LED ZEPPELIN-TÓNLIST Í HÖRPU

**Led Zeppelin-tónleikar verða annað kvöld í Eldborg í Hörpu. Á tónleikunum verða spiluð bestu lög þessarar frábæru hljómsveitar. Um sönginn sjá rokkararnir Eiríkur Hauksson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Stefán Jakobsson. 500 krónur af hverjum seldum miða renna til Mottumars, söfnunarátaks Krabbameinsfélagsins.**

AFSLÁTTARDAGAR
Fimmtudag, föstudag og laugardag 20% afsláttur



- Söfnunar-hnífapör
- Stell
- Glös
- iittala 10%

20% afsláttur
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



**GEGN FLENSU**
Inntaka á Prógastró getur minnkað líkur á kvefi og umgangspestum.

# ERTU MEÐ FLENSU EÐA MELTINGARÓNOT?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Tekur þú inn sýklalyf vegna veikinda? Fékkstu niðurgang eða meltingarónot? Prógastró DDS PLÚS 3 er sannkölluð himnasending fyrir meltinguna sem bætir og byggir upp meltingarflóruna.*

Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur hundruð mismunandi tegunda gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, kaffidrykkju og margra annarra orsaka í umhverfi okkar. Próbíótísku gerlarnir, þar með talið asidófílus, losa okkur við slæmu bakteríurnar og koma á nauðsynlegu jafnvægi í þörmunum ásamt því að styrkja ónæmiskerfið.

### UNDRAVERÐUR ÁRANGUR

Fjölmargar rannsóknir (sjá: www.consumerlab.com) hafa sýnt fram á mikilvægi þess að taka inn blöndu af asídófílus samhliða sýklalyfjum til að koma jafnvægi á þarmaflóruna. Niðurgangur í kjölfar inntöku sýklalyfja er sérstaklega algengur meðal eldri borgara en hafa þarf í huga að ekki má taka inn sýklalyfin og asídófílus á borð við Prógastró DDS Plús 3 samtímis. Gott er að taka asídófílusinn 3 klukkustundum fyrir eða eftir inntöku sýklalyfja til að þau drepi ekki góðgerlana.




Nýleg rannsókn sýndi einnig fram á að asídófílus gæti minnkað líkur á kvefi og dregið úr einkennum og minnkað veikindatímann.

### SÝRU- OG GALLÞOLNIR GERLAR

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. En ekki má gleyma því að maginn á að vera súr. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna.

**Notkun: Best er að taka góðgerlana á fastandi maga, tvö hylki með einu glasi af vatni. Aukið magnið eftir þörfum.**

### HVAR FÆST?

Hægt er að kaupa Prógastró DDS+3 í öllum helstu apótekum, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Krónunni, Hagkaupum og Fjarðarkaupum. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.




TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Fermingartilboð

Svæðisskipt heilsudýna VALHÖLL (eldri gerð)
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun.
Verð með PU-leðurbotni og fótum.
120x200 cm Tilboðsverð kr. 69.900.-
140x200 cm Tilboðsverð kr. 79.900.-
Ath. takmarkað magn

GJÖF FYLGIR
Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald














Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# RÉTTI FYLGIHLUTURINN FULLKOMNAR DRESSIÐ

**LITAGREINING** *Hlín Reykdal verður með litagreiningu á vinnustofu sinni á HönnunarMars og býður gesti velkomna. Hún hugsar mikið um liti og litasamsetningar og getur orðið pirruð ef litir eru ekki rétt paraðir saman.*

Hlín Reykdal er mörgum kunn fyrir skartgripagerð sína en hún hefur undanfarin ár gert litríkar perluhálsfestar og armbönd. Hún og Hallgrímur Stefán Sigurðsson, eiginmaður hennar, ætla að bjóða upp á litagreiningu fyrir gesti á vinnustofu Hlínar á HönnunarMars sem verður síðar í mánuðinum.

**SPÁIR STÖÐUGT Í LITASAMSETNINGU**

„Ég vinn með handmálaðar perlur og spái í liti allan daginn, alla daga," segir Hlín. „Mér finnst gaman að velta fyrir mér af hverju ákveðinn litur klæðir einn en ekki annan. Ég skoða litasamsetningu í klæðnaði, í náttúrunni og meira að segja í matnum þegar ég elda. Litir sem fara ekki saman fara nánast í taugarnar á mér."

**FYLGIHLUTIR GETA GERT DRESSIÐ**

Hún segir þetta allt vera spurningu um samhengi. Það sé hægt að setja fallegan lit í vitlaust samhengi og þá sé hann orðinn ljótur. Eins megi gera ljótan lit fallegan í réttu samhengi. „Það er einmitt það sem ég ætla að reyna að gera í þessari litgreiningu, ég ætla að leiðbeina fólki með hvaða litir fara því og hverjir ekki. Það skiptir máli hvaða fylgihlutur er notaður, rangur fylgihlutur getur eyðilagt klæðnað en fallegur alveg gert dressið. Ég verð með hálsfestarnar mínar og aðra fylgihluti og fólk getur fengið að prófa ólíka liti. Vonandi get ég komið einhverjum skemmtilega á óvart með lit sem hann hefur kannski aldrei pælt í."



**FALLEGAR FESTAR** Hlín Reykdal verður með litagreiningu á vinnustofu sinni á HönnunarMars. Þar verður hugsað og pælt í litum og samsetningum þeirra. MYND/GVA



**ÓÞOL FYRIR FJÓLUBLÁUM**

Uppáhaldslitur Hlínar sjálfrar er bleikur en henni finnst enginn litur ljótur. „Einu sinni fékk ég eitthvert óþol fyrir fjólubláum, fannst hann skrýtinn litur og erfiður. Þá tók ég mig til og ákvað að gera bara skart úr fjólubláum litum. Það gekk mjög vel og seldust fjólubláu fylgihlutirnir upp. Svo elska ég fjólubláan í dag og nota hann mikið."

**LÍFGAÐ UPP Á ÚTLITIÐ**

„Ég sveiflast mikið með hvaða liti ég nota, það fer eftir árstíðum, veðri, skapi og mörgu öðru. Ég vinn skartið eins og listamaður og sé fyrir mér ákveðnar kvenímyndir fyrir hverja festi. Það er svo eitthvað sem gerist þegar kona setur upp festi í litum sem passa henni, bláu augun verða blárri eða einhver ákveðinn kostur dregst fram. Margar íslenskar konur klæðast svörtu en það er alltaf skemmtilegt að lífga upp á útlitið með fallegum fylgihlut í áberandi lit," segir Hlín.

**ENGIN ÁRSTÍÐAGREINING**

Þó að viðburðurinn sem verður í vinnustofu Hlínar úti á Granda fimmtudaginn 27. mars næstkomandi kallist litagreining á hann ekkert skylt við árstíðagreininguna sem var í tísku áður fyrr. „Ég er ekki að fara að segja fólki hvort það sé haust, vetur eða einhver önnur árstíð. Við ætlum bara að fá fólk til að hugsa um liti í öðru samhengi og fara út fyrir boxið. Við bjóðum alla velkomna í létt spjall og huggulega stemningu."

■ liljabjork@365.is

# FALLEG HÚÐ OG SÍTRÓNUSAFI

Það styttist í vorið með fækkandi fötum. Líklegast vilja flestir líta vel út þegar sólin hækkar á lofti en sagt er að mjög gott ráð til að fá betri og fallegri húð sé að kreista sítrónu út í grænt te og drekka. Sítróna er afar holl, enda C-vítamínrík. Margir drekka volgt sítrónuvatn á fastandi maga til að halda meltingunni góðri. Því er jafnvel haldið fram að sítrónusafi geti leitt til þyngdartaps auk þess að minnka þreytu í líkamanum. Sítrónan er sem sagt ódýrt orkumeðal.

Mælt er með því að fólk fái sér grænt te með sítrónusafa í stað þess að þamba kaffi allan daginn. Betri líðan lætur ekki á sér standa. Japanir drekka marga bolla af grænu tei á hverjum degi en það er talið geta komið í veg fyrir hjartaáföll og heilablóðfall. Sítrónusafinn er sagður auka áhrifin enn frekar.



**ALLRA MEINA BÓT** Það er alltaf að koma betur í ljós að sítrónusafi er afar heilsusamlegur.


Flott föt fyrir flottar konur
Nýjar vörur í hverri viku stærðir 38-58



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516





Hagkaup – Heilsuver – Fjarðarkaup – Heimkaup - Lyfsalinn
Glæsibæ – Akureyrarapótek og Apótek Vesturlands




Róló Glæsibæ
Sími 8948060
www.rolo.is
Facebook
RÓLÓ








**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# BETRI KAUP í nokkra daga



## FÆÐUBÓTAREFNI, FATNAÐUR OG SMÁTÆKI

**NÚ ER TÍMI TIL AÐ BIRGJA SIG UPP FYRIR RÆKTINA**

THE PROTEIN WORKS
Alltaf betri kaup!

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| The protein works Kreatine 500 gr | | 1,999 kr. |
| The protein works Protein 80 , 2kg 80 skammtar | | 7,999 kr. |
| The protein works HNETUSMJÖR 1 KG | | 1,799 kr. |
| The protein works Whey smoothie 500g | 3,999 kr. | 2,999 kr. 25% |
| The protein works Whey smoothie 1 kg | 6,999 kr. | 4,899 kr. 30% |
| The protein works Thermopro fatburner 90 hylki | | 3,999 kr. |
| The protein works CLA fitusýra 120 hylki | | 3,999 kr. |
| The protein works Nýtt ! Raspberry Ketones 60 hylki | | 1,799 kr. |
| The protein works Total Mass 2 kg | | 6,999 kr. |

**Pældu í verðinu!**

MAXIMUSCLE

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Maximuscle Nýtt Promax Extreme 1.2 kg | 9,995 kr. | 7,996 kr. 20% |

PhD

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| PHD L-GLUTAMIN 550gr 110 skammtar | 4,995 kr. | 3,996 kr. 20% |
| PHD Pharma Pro-3 protein 1.8 kg | 8,995 kr. | 7,995 kr. |

EAS

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| EAS Recovery 11 sk | 6,995 kr. | 3,498 kr. 50% |
| EAS Phos Force 14 sk | 3,995 kr. | 2,996 kr. 25% |
| EAS Lean 15 25sk | 6,995 kr. | 5,246 kr. 25% |




SLENDERTONE

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Slendertone System+ | 29,995 kr. | 26,995 kr. |

POLAR

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| POLAR púlsmælir FT2 | 11,995 kr. | 9,995 kr. |
| POLAR púlsmælir FT4 | 15,995 kr. | 13,995 kr. |
| POLAR púlsmælir FT7 | 18,995 kr. | 16.995 kr. |



UNDER ARMOUR
**30% afsl.**
af eldri vörum

**VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG AÐ VELJA RÉTTU VÖRURNAR SEM HENTA ÞÉR!**

50% afsl. af Hreysti bómullarbolum
Verð áður kr. 2.990.- Verð nú kr. 1.498.-

50% afsl. af Hreysti hettupeysum renndum/lokuðum
Verð áður kr. 5.995.- Verð nú kr. 2.998.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI í 26 ár
1988 - 2014

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

maxifuel TRX MAXIMUSCLE maximuscle maxitone LifeFitness IRON GYM SLENDERTONE PhD YORK Reebok POLAR BBE SPORTLINE EAS

# Yoek dagar!

Veglegur kaupauki
fylgir öllum keyptum vörum frá Yoek
Á meðan birgðir endast.




Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is






NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM
MEÐ MANNBRODDUNUM

Parísar TÍZKAN
BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770



# Flottar gallabuxur



kr. 14.900.-
7/8 lengd
háar í mittið

Str. 34-46/48
**Litir:**
gallablátt, svart,
dökkblátt

Nýtt kortatímabil

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is




**Í FÖLBLEIKUM LIT** Ákaflega fallegur kjóll með gullskreytingum. Kjóllinn var sýndur á hátískusýningu í París.



**MEÐ SKRAUT Á ÖXLUM** Þessi glæsilegi kjóll var sýndur í París og þykir einstaklega glæsilegur. Skrautið er á öxlunum.



**Í RÓM** Þessi kjóll er afar sérstakur en hann er bæði stuttur og síður. Kjóllinn var sýndur á tískusýningu í Róm.

# HUGMYNDIR FYRIR ÁRSHÁTÍÐINA

**GLÆSILEIKI** *Nú er tími árshátíðanna og margar konur velta fyrir sér hvert sé rétta dressið. Því ekki að velja fallegan síðkjól? Það getur verið spennandi að leita að þeim eina rétta.*

Árshátíðatíminn stendur sem hæst. Síðkjóla er sjálfsagt að nota þegar boðið er til glæsilegrar veislu. Sjaldan hefur verið meira um litríka, fallega síðkjóla en núna. Hægt er að láta sauma á sig eftir ákveðnum fyrirmyndum, kaupa þá hérlendis eða panta á netinu frá útlöndum. Smekkur kvenna er misjafn, sumar vilja frekar vera í stuttum kjól á árshátíðinni og það er að sjálfsögðu leyfilegt. Hver sem smekkurinn er þá verður ekki annað sagt en að síðkjóll geri hverja konu afar glæsilega.

Þegar kjóllinn er valinn þarf að huga að því hvort sniðið henti líkamanum og hvort liturinn passi. Eðlilegast er að velja liti út frá hár- og húðlit. Það geta því miður ekki allar konur gengið í sterkum appelsínugulum eða skærgrænum lit. Nauðsynlegt er að máta nokkra liti til að finna út hvað fer húðinni best. Best er máta kjólinn í dagsbirtu frá glugga verslunarinnar til að sjá rétta litinn.

Ekki vera feimin við að fara í liti, þeir gætu komið á óvart. Oft er sniðugt ráð að taka mynd af sér í kjólnum og skoða þegar heim er komið. Einnig er sjálfsagt að taka einhvern með í verslunarleiðangur til að hafa stuðning.

Svartur kjóll hentar öllum og er alltaf klassískur, hvort sem hann er stuttur eða síður. Einfaldan, svartan kjól er hægt að skreyta með fallegum skartgripum, sjali eða belti. Hvítur kjóll er tákn brúðarinnar, hreinleika og sakleysis. Betra er að velja ljósan kjól, ekki skjannahvítan.

Við svartan kjól er fallegt að vera í rauðum skóm og með rauða handtösku. Ef skórnir eru opnir er rétt að fara í fótsnyrtingu svo glæsileikinn nái alveg fram í tær. Hávaxnar, grannar konur geta gengið í flestöllum gerðum af síðkjólum, til dæmis hafmeyjarkjólum, sem annars fara ekki öllum. Þéttvaxin kona ætti hins vegar að velja sér kjól úr þunnu og léttu blúnduefni og forðast flókna hluti í mitti, hálsmáli og yfir brjóst. Lágvaxin kona ætti að forðast víð pils og ýktar axlir.



**RAUÐUR OG ELEGANT** Síður, rauður kjóll er glæsilegur. Þessi er hvorki fleginn né ber í bakið, eins og margir kjólar um þessar mundir. Rauðir kjólar þykja ákaflega kynþokkafullir en fara ekki öllum. Það er um að gera að prófa rauðan kjól því margar konur eru glæsilegar í þeim lit. Ekki vera hrædd við litrík mynstur, þau geta breytt þreytulegu útliti í frísklegt á svipstundu. Sérstaklega yfir sumartímann þegar sól er hátt á lofti. Litir geta gert mikið fyrir útlitið svo það er þess virði að máta.



**GRÆNBLÁR** Þessi glæsilegi kjóll er í vinsælum túrkislit og er sérlega klæðilegur. Hann var sýndur á tískusýningu í Mexíkóborg fyrr í mánuðinum. Grænblár litur, túrkis, er vinsæll um þessar mundir og sömuleiðis alls kyns bláir litir. Sumir kjólar eru svo fallegir að óþarfi er að bera skartgripi við þá. Falleg, lítil handtaska er þó alltaf nauðsynleg og hana ætti að velja af kostgæfni í stíl við kjólinn og skóna.


ÞÚ ERT EKKI ÞÚ ÞEGAR ÞÚ ERT SVANGUR
SNICKERS
ER MÁLIÐ!

# SAGA KAKALA Á HÖNNUNARMARS

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Saga Kakala er glænýtt tískumerki sem kynnt verður á HönnunarMars. Ingibjörg Gréta Gísladóttir og Helga Björnsson standa á bak við merkið og sýna fyrstu vörurnar í Norræna húsinu.*





**MUNSTUR** Innblásturinn að munstrunum er sóttur til suðuramerískra kachina-brúða.

Fyrsta varan okkar eru silkislæður sem við sýnum á samsýningu FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu. Í framhaldinu munum við senda frá okkur trefla, peysur og fleira, allt úr hágæðaefnum eins og silki og kasmír. Við höfum mikinn metnað fyrir þessu nýja merki," útskýrir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, viðskipta- og nýsköpunarfræðingur, en hún hefur sett á fót glænýtt tískumerki, Saga Kakala, ásamt Helgu Björnsson fatahönnuði.

Slæðurnar eru hönnun Helgu en hún starfaði um árabil sem aðalhönnuður Louis Féraud í París. Innblásturinn að munstrunum í slæðunum sótti Helga til suðuramerískra kachina-brúða. Ingibjörg segir þær hafa fengið góð viðbrögð við fyrstu vörunum og saman séu þær gott teymi.

„Ég sé um viðskiptahliðina og Helga hannar en ég hef unnið við markaðssetningu fyrir fatahönnuði í nokkur ár. Saga Kakala er fyrsta tískumerkið sem ég tek þátt í að skapa. Við höfum fengið frábær viðbrögð og erum spenntar fyrir framhaldinu."

Ingibjörg og Helga sýna slæðurnar í Norræna húsinu á samsýningunni Fjölbreyta, á HönnunarMars. Fjölbreyta verður opnuð miðvikudaginn 26. mars í milli kl. 16 og 19.

Alls taka tuttugu og þrjár konur þátt í Fjölbreytu og sýna meðal annars fatnað, vistvænan arkitektúr, skartgripi, umbúðahönnun, leikefni og fleira.

Þá verður Saga Kakala einnig til sýnis í hönnunarversluninni Insúla á Skólavörðustíg og þar verður slegið upp fögnuði í tilefni sýningarinnar föstudaginn 28. mars.



**GOTT TEYMI** Ingibjörg Gréta Gísladóttir og Helga Björnsson standa á bak við Saga Kakala. MYND/GVA


Lausnin er í **Heilsuborg**



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Heilsulausnir

Hentar einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

Námskeiðin hefjast mánudaginn 24. mars

Mánud., miðvikud. og föstud.
kl. 07:20, 12:00 eða 17:30

Kynningarfundur föstud. 21. mars kl. 16:30
Allir velkomnir

**Gæðin skipta máli**

*„Áður en ég byrjaði í Heilsulausnum þá borðaði ég aldrei morgunmat en þar sem ég fer mjög snemma á fætur þá var hungrið farið að segja verulega til sín í hádeginu og þá var tekið vel á diskinn. Mín skoðun var sú að ég væri ekki að borða neitt mikið, en nú hef ég lært að það eru gæðin og regla sem skipta máli og ég var að borða vitlaust og of sjaldan. Ég borða nú meira en áður, miklu hollari og betri mat.*

*„Ég sef betur, er laus við lyfin og er auk þess skemmtilegri og jákvæðari. Ég hef lést um 29 kíló og er búin að skipta út fataskápnum sem var skemmtilegt. Heilsuborg er frábær staður með fullt af skemmtilegum tímum, þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi."*

*Sigríður Ólafsdóttir*

HEILSUBORG
www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 108 • Reykjavík • Sími 560 1010


## HEIMILISLEGIR RÉTTIR

Nýlega kom út matreiðslubókin Eldhúsið okkar – Íslensku hversdagskræsingarnar, eftir Magnús Inga Magnússon, sjónvarpskokk og veitingamann á Sjávarbarnum. Bókin inniheldur uppskriftir að sígildum og góðum íslenskum heimilismat sem margir eru sólgnir í, til dæmis kjöti í karrí, fiskibollum, plokkfiski og hakkabuffi. Einnig má finna uppskriftir að ýmsu meðlæti og eftirréttum auk fjölmargra gómsæta rétta.




Magnús segir margt í íslenskri matarhefð og matarmenningu þess vert að halda í og halda á lofti. „Með þessu litla matreiðslukveri langar mig að leggja mitt á vogarskálarnar í þeirri viðleitni og vona að uppskriftirnar komi sem flestum að gagni, ekki síst ungu fólki sem er að hefja sinn búskap."

Magnús Ingi mun matreiða eftir uppskriftum úr bókinni í sjónvarpsþætti sínum, Eldhúsi meistaranna, sem sýndur er á ÍNN á mánudagskvöldum. Fimm þættir verða helgaðir réttum úr bókinni og fór sá fyrsti í loftið 10. mars.

Bókin er 68 blaðsíður og í henni eru yfir 80 uppskriftir auk fjölda góðra ráða frá Magnúsi Inga. Það var Halldór Baldursson sem myndskreytti bókina af sinni alkunnu snilld og Ámundi Sigurðsson hannaði útlitið. Bókin fæst í búðum um allt land en einnig er hægt að panta bókina hjá Magnúsi Inga og fá hana senda með póstkröfu. Netfangið er magnusingi@gmail.com og símanúmerið er 696-5900.



**FLOTTAR TEIKNINGAR** Það er Halldór Baldursson, teiknarinn knái, sem myndskreytir bók Magnúsar sjónvarpskokks.




**Laugardaginn 29. mars** kemur út veglegt Brúðkaupsblað með Fréttablaðinu.

Fjallað verður um allt sem viðkemur Brúðkaupum og er blaðinu dreift í **90.000 eintökum.**

**Pantið auglýsingar/kynningar tímanlega** hjá Bryndísi í síma 512 5434 eða á netfangið bryndis@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ







# HANNA MUNSTUR ÚT FRÁ SKARTGRIPUM

*Nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík taka þátt í HönnunarMars og sýna í Aurum.*

Textíldeild Myndlistaskólans í Reykjavík sýnir afrakstur samstarfs nemenda við Aurum og Textílprentun Íslands ehf., á HönnunarMars. Sýningin verður opnuð þriðjudaginn 25. mars í Aurum í Bankastræti 4 klukkan 18.

Nemendur Myndlistaskólans þróuðu munstur og textíl út frá skartgripum Aurum í áfanganum: Þróun hugmynda, hönnun og framleiðsla. Textílprentun Íslands sérhæfir sig í stafrænni prentun á náttúruleg textílefni og unnu nemendur hugmyndir sínar fyrir stafræna prentun. Leiðbeinendur voru Þórunn Árnadóttir, Sigrún Halla Unnarsdóttir og Andrea Fanney Jónsdóttir.

# MJÚKIR MENN MEÐ BLÓM Í HÁRINU

*Patchy Cake Eater hannar fyrir hinn mjúka mann.*

Tískusýning Patchy Cake Eater vakti athygli á Mercedes-Benz tískuvikunni í Japan sem fer fram um þessar mundir, enda fóru kvenleg smáatriði ekki fram hjá neinum í annars herralegri línu þessa japanska framleiðanda.

Blúndum prýddar silkiskyrtur, bleik jakkaföt og skrautleg smáatriði vöktu athygli áhorfenda. Fyrirsæturnar voru auk þess allar með síðan bítlalubba, svartmálaðar um augun og jafnvel með blóm í hárinu.

Þetta var án efa með vilja gert enda er hönnunin hugsuð fyrir hinn ærslafulla, svala en um leið mjúka mann. Patchy Cake Eater gefur sig út fyrir að hanna tímalausan fatnað undir breskum klæðskeraáhrifum með fínlegum smáatriðum og eru einkunnarorðin: „The Ladies Man“.





**KVENLEG SMÁATRIÐI** Tímalaus fatnaður undir breskum klæðskeraáhrifum er einkennandi fyrir Patchy Cake Eater. Fatnaðurinn er gjarnan prýddur kvenlegum smáatriðum.




## tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórna varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

**1.Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 í landi Miðengis. Stækkun frístundabyggðarinnar Bústjórabyggð.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 5. febrúar 2014 tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins í landi Miðengi. Í breytingunni felst að svæði fyrir frístundabyggð stækkar um 2 ha til norðvesturs, meðfram aðkomuvegi að Miðeng. Svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Að mati sveitarstjórnar er breytingin það óveruleg að ekki er þörf á málsmeðferð skv. 30. – 32. gr. skipulagslaga

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**2. Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Lækjarhvamms.**
Smávirkjun. Lýsing breytingar sem felur í sér að gert er ráð fyrir allt að 480 kW rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá í landi Lækjarhvamms. Stífla í Heiðará verður í 115 m.y.s., 50 m breið og 4 m há og lónið um 0,2 ha að stærð. Stífla í Þverá verður í 114 m.y.s., 100 m breið og 5 m há og lónið um 0,5 ha. Frá stíflu við Þverá verður 950 m aðveitulögn að stöðvarhúsi við Grafará.

**3. Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Austureyjar.**
Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað íbúðarsvæðis. Lýsing breytingar sem felur í sér að íbúðarsvæði í landi Austureyjar breytist í svæði fyrir verslun- og þjónustu. Í gildandi deiliskipulagi svæðisins eru afmarkaðar 4 íbúðarhúsalóðir á svæðinu þar sem byggja má allt að 400 fm íbúðarhús. Gert er ráð fyrir að í stað íbúðarhúsalóða verði á svæðinu ein lóð fyrir allt að 1.600 fm gistihús/hótel.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi**

**4.Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Reykholt.**
Breyting á tengingu Lyngbrautar við þjóðveg.
Í breytingunni felst að hluti Lyngbrautar verði botnlangi út frá Biskupstungnabraut sem mun ná inn fyrir núverandi aðkomu að lóðinni Lyngbraut 5. Aðkoma að lóðunum Lyngbraut 1, 2, 3 og 5 verða frá þessum botnlanga, en ekki verður lengur hægt að aka um Lyngbraut að öðrum lóðum innan þéttbýlisins. Þá er einnig gert ráð fyrir að aðkoma að lóðinni Lyngbraut 5 frá Bjarkarbraut verði felld niður.

**5.Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 á spildu úr landi Klausturhóla við Biskupstungnabraut.**
Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað frístundabyggðar.
Um er að ræða um 20 ha spildu úr landi Klausturhóla við Biskipstungnabraut þar sem í dag er í gildi deiliskipulag fyrir 28 frístundahúsalóðir. Gert er ráð fyrir að breyta landnotkun svæðisins í verslunar- og þjónustusvæði þar sem fyrirhugað er að reisa um 50 orlofshús auk þjónustuhúss. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins fylgir með til skýringar.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagstillögum:**

**6. Deiliskipulag smávirkjunar fyrir fjarskiptastöð Neyðarlínunnar við Bláfell í Bláskógabyggð.**
Deiliskipulagið nær til svæðis við fjallið Bláfell á Kili þar sem fyrirhugað er að koma upp 10-20 kW smávirkjun til að sjá Fjarskiptastöð Neyðarlínunnar fyrir rafmagni. Stífla, stöðvarhús og önnur mannvirki verða staðsett í um 620 m hæð.

**7. Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli við Brúará úr landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð.**
Tilllaga að deiliskipulagi fyrir nýtt lögbýli á lóðinni Efri-Reykir lóð 2 sem eru um 2,5 ha að stærð og liggur að Brúará með aðkomu frá Reykjavegi nr. 355. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og skemmu á lögbýlinu.

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi**

**8.Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 á spildu úr landi Kjóastaða. Verslun og þjónusta í stað landbúnaðarsvæðis.**
Breytingartillagan gerir ráð fyrir að um 12 ha svæði úr landi Kjóastaða 1, spilda með lnr. 220934, breytist í svæði fyrir verslun- og þjónustu þar sem fyrirhugað er að byggja upp ferðaþjónustu. Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði auk þess sem heimilt verður að reisa a.m.k. 2 hús fyrir gistingu og aðra þjónustu s.s. veitingasölu. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**9.Deiliskipulag Sjónarhóls í Ásahreppi. Íbúðarhús og skemma.**
Auglýst að nýju deiliskipulag sem tekur til um 2,9 ha spildu sem heitir Sjónarhóll (lnr. 198871) og er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 500 fm skemmu til viðbótar við núverandi íbúðarhús og jarðhýsi. Aðkoma að svæðinu er um Heiðarveg nr. 284.

**10 .Deiliskipulag friðlands við Gullfoss og næsta nágrennis ásamt umhverfisskýrslu, Bláskógabyggð.**
Deiliskipulag fyrir friðlandið við Gullfoss og nánasta umhverfi þess auk verslunar- og þjónustusvæðis (Gullfosskaffi) í landi Brattholts. Markmið tillögunnar er að tryggja verndun friðlýsta svæðisins með uppbyggingu mannvirkja sem falla vel að ásýnd umhverfisins og auðvelda gestum aðgengi um svæðið. Nær tillagan til uppbyggingar stígakerfis svæðisins, útsýnisstaða, aðkomuleiða og bílastæða auk mannvirkja á verslunar- og þjónustusvæði.

**11.Deiliskipulag bæjartorfu Miðdalskots og næsta nágrennis, Bláskógabyggð.**
Skipulagssvæðið er um 13 ha stærð og nær yfir núverandi bæjartorfu auk svæðis til norðvesturs af henni. Gert er ráð fyrir að byggt verði nýtt íbúðarhús, nýtt útihús auk þess sem heimilt verður að stækka þau hús sem þegar eru til staðar. Þá er einnig gert ráð fyrir byggingu allt að 5 útleiguhúsa í tengslum við ferðaþjónustu bænda.

**12.Deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði á spildu úr landi Kjóastaða 1 í Bláskógabyggð (lnr. 220934).**
Deiliskipulagi tæplega 12 ha spildu úr landi Kjóastaða (lnr. 220934), vestan við aðkomuveg að bæjartorfu Kjóastaða. Í tillögunni er gert ráð fyrir að nýta svæðið að hluta fyrir tjaldsvæði auk þess sem heimilt verður að reisa tvö hús fyrir gistingu og veitingarekstur. Breyting á aðalskipulagi svæðisins er auglýst samhlið.

**13.Deiliskipulag fyrir miðsvæði Flúða í Hrunamannahreppi.**
Deiliskipulagssvæðið er um 31 ha að stærð og nær til suðvesturhluta Flúða. Það afmarkast að stórum hluta af þéttbýlismörkum til suðurs, til norðurs af Langholtsvegi, lóð hótels og Akurgerðisreits og til austurs af Hrunamannavegi. Innan skipulagssvæðisins eru í gildi tvær skipulagsáætlanir, fyrir Suðurbrún og Grund, og falla þær úr gildi með nýju skipulagi. Árið 2002 var samþykkt deiliskipulag sem náði yfir stóran hluta miðsvæðis Flúða en það tók aldrei formlega gildi. Markmið nýs deiliskipulags er að marka stefnu um skipulag miðsvæðis með þeirri byggð, stofnunum og þjónustustarfsemi sem þar er að finna s.s. grunn- og leikskóli, félagsheimili, verslun, sundlaug, íþróttahús og íbúðasvæði. Skipulagið nær einnig til svæðis í næsta nágrenni miðsvæðisins, bæði opinna svæða, íbúðar- og atvinnulóða

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórna og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni **www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm.**

Skipulagstillögur nr. 2 - 7 eru í kynningu frá 20.mars til 2. apríl 2014 en tillögur nr. 8-13 frá 20. mars til 2. maí. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 2 - 7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 2. apríl 2014 en 2. maí fyrir tillögur nr. 78- 13. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson , Skipulagsfulltrúi petur@sudurland.is**

Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Garðyrkja







**Geri Gagn ehf**
**í garðverkum**
**S. 897 9724**

## Bókhald

**SKATTFRAMTAL 2014**
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila. Ég er viðskiptafræðingur Cant. Oecon. Með mikla reynslu.

Ódýr og góð þjónusta.

Kíktu á www.skatt.is s:661-3703
**S. 661 3703 / www.skatt.is**

**SKATTFRAMTAL 2014**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Fjarðargata – Hafnarfjörður**
**Verslunarhúsnæði - Til Leigu / sölu**



Glæsilegt verslunarhúsnæði á jarðhæð (áður íslandsbanki) Frá 200 – 300 fermetrar. Í sama húsnæði er m.a. Subway og ísbúð. Einstök staðsetning í miðbæ Hafnarfjarðar. Mikið auglýsingagildi.

**Upplýsingar veitir Helgi Jón sölustjóri s: 893-2233.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**


## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Slökunar nudd og heilun í Garðarbæ tímapantanir í síma 782 4566

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

***HERBERGI TIL LEIGU | SOGAVEGUR>***
Um 30m2 sér+10m2 sam.,sérinng, strætó vid útidyr, garður. Uppl: 8601404.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**

Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.

**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

## ATVINNA

## Viðskiptatækifæri

**SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR**
Viðskiptatækifæri í 101 Rvk. Verslun með ýmsa möguleika. Uppl. í skola@gmail.com

## TILKYNNINGAR

## Einkamál




Gott heilnudd í boði. Símanr. gefið upp. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8590.

Kona um fimmtugt vill kynnast karlmanni um fimmtugt með góða skemmtun í huga. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8107


JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



**TIL LEIGU**
**Bæjarlind 12, 201 Kópavogur**
Skrifstofuhúsnæði, 2. hæð
Stærð **180 fm.**

**Laust strax**
Allar nánari upplýsingar veitir:



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1023 / 824 6703**
**olafur@jofur.is**

Húsnæðið skiptist í fjögur skrifstofurými, eldhús, skjalageymslu og salerni á sameiginlegum gangi. Handlaugar eru til staðar í skrifstofurýmum. Dúkur á gólfi, kerfisloft með lýsingu og lagnastokkar á veggjum. Svalir eru inn af skrifstofugangi. Húsnæðið gæti hentað vel fyrir t.d. lækna, sálfræðinga, tannlækna eða aðra heilbrigðisstarfsemi. Lyfta. Ekki vsk húsnæði.



JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




**TIL LEIGU**
**Suðurlandsbraut, 108 Reykjavík**
Skrifstofuhúsnæði, 2. hæð
Stærð **190 fm.**

**Laust strax**
Allar nánari upplýsingar veitir:



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1023 / 824 6703**
**olafur@jofur.is**

Til leigu 190 fm. skrifstofuhæð á 2. hæð við Suðurlandsbraut (Bláu húsin). Húsnæðið skiptist í 4 lokaðar skrifstofur, stórt fundarherbergi, móttöku, miðjurými, eldhús og salerni. Með eigninni fylgir aukalega 50 fm. risloft en þar er jafnframt salerni með sturtu. Óskráð geymslurými er undir súð. Dúkur og parket á gólfi. Lagnastokkar með veggjum.



JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




**TIL LEIGU**
**Laugavegur 77, 101 Reykjavík**
Skrifstofuhúsnæði
Stærð **207 fm.**

**Laust strax**
Allar nánari upplýsingar veitir:



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1023 / 824 6703**
**olafur@jofur.is**

Til leigu vandað skrifstofuhúsnæði sem skiptist í tvö opin vinnurými og fundarherbergi. Möguleiki að setja upp stakar skrifstofur. Eldhúskrókur og salerni innan rýmis. Gluggar snúa út að Laugavegi og Barónsstíg. Geymslurými laust í kjallara.


## til sölu

**Til sölu**

**Munir úr þrotabúi Hátækni verða til sýnis og sölu á Köllunarklettsvegi 3, laugardaginn 22. mars milli kl. 10-14. Um er að ræða ýmisskonar skrifstofubúnað og húsgögn, notaðan tölvu- og símabúnað, ýmis smátæki o.fl.**

**Nánari uppl. veitir Gylfi í s. 897-2727**
**Eiríkur Gunnsteinsson hrl. skiptastjóri**

## til sölu







HRAUSTIR MENN
MOTTU
MARS
TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA
Hvert sem markmiðið er þá hefur Philips hágæða snyrtitæki fyrir höfuð, andlit og líkama!
1000 krónur af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins
PHILIPS
sense and simplicity
Heimilistæki
ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



KL. 21:05
**The Blacklist**
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



KL. 19:50
**Life's Too Short**
Breskir gamanþættir úr smiðju húmoristanna Rickys Gervais og Stephens Merchant.



KL. 20:20
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



KL. 21:50
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



KL. 19:30
**Lífsstíll**
Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.




KL. 20:00
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | | 8 | 1 | | | 3 | |
| | | 9 | | 4 | | | | |
| | | | | | 2 | | | 7 |
| 9 | | 3 | | | | 5 | | |
| 8 | 2 | | 3 | | 4 | | | 1 |
| 1 | | | 9 | | 6 | 2 | 8 | |
| 4 | 1 | | | | | 9 | 2 | 6 |
| 5 | | | | | 9 | | 7 | |
| | | 7 | | | 8 | | 4 | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | | | 1 | | | | |
| | 9 | 2 | | 8 | 3 | 7 | 1 | |
| 7 | | 1 | | 9 | | | | |
| | | | | | | 3 | 9 | |
| 2 | 3 | | | | | | | 1 |
| | 7 | 9 | | 4 | 1 | 8 | | 6 |
| 9 | | | | 7 | | | 6 | |
| 4 | | | 2 | 3 | | | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | 6 | 9 | |
| 3 | | | 1 | 7 | | 5 | | |
| 8 | 2 | | | 4 | | | 7 | |
| | 8 | 2 | | | 9 | | | 4 |
| | | | | 1 | | | | 6 |
| 1 | | 3 | | | | 8 | | 9 |
| 9 | 4 | | 8 | | | | | 1 |
| | | | | | | | | |
| 2 | 1 | 8 | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 8 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 1 |
| 1 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 | 7 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 1 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 7 | 4 |
| 5 | 2 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 6 | 7 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 3 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 |
| 1 | 2 | 8 | 4 | 3 | 9 | 6 | 5 | 7 |
| 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 5 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 4 | 5 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 8 | 6 | 1 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 9 | 1 | 8 | 7 | 3 | 4 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 9 | 1 | 4 | 3 | 2 | 8 | 5 |
| 5 | 1 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 4 | 9 |
| 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 9 | 6 | 1 | 7 |
| 7 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 8 | 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 1 | 9 | 7 | 8 | 4 | 5 | 2 |
| 9 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 5 | 6 | 4 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 2 | 9 | 7 | 8 |
| 4 | 8 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

**„Það er betri ástæða til að segja sannleikann þegar það er góð ástæða til að ljúga.“**

*Bo Bennett*

### KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** berjast, **6.** hróp, **8.** vefnaðarvara, **9.** fæðu, **11.** tveir eins, **12.** erfiði, **14.** dans, **16.** fíngerð líkamshár, **17.** skjön, **18.** annríki, **20.** tónlistarmaður, **21.** eggja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mats, **3.** Tveir eins, **4.** asfalt, **5.** for, **7.** skothylki, **10.** hyggja, **13.** bókstafur, **15.** sót, **16.** hjör, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** óp, **8.** tau, **9.** mat, **11.** rr, **12.** streð, **14.** rúmba, **16.** ló, **17.** mis, **18.** önn, **20.** kk, **21.** mana.
**LÓÐRÉTT: 1.** dóms, **3.** tt, **4.** jarðbik, **5.** aur, **7.** patróna, **10.** trú, **13.** emm, **15.** aska, **16.** löm, **19.** nn.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Mamedyarov (2757) vann sína aðra skák í röð þegar hann vann Svidler (2758) í áskorendamótinu í skák í gær.
**Hvítur á leik**



**28. Bf7+! Dxf7 29. Hxf7 Hxe3 30. Hxg7+ Kf8 31. Hg5! Falllegur** lokahnykkur. Ef 31...hxg5 32. Bxe3 hefur hvítur frípeð á báðum köntum sem verða ekki svo gjörla stöðvuð. Í stað þess að tefla áfram gafst Svidler upp. Anand er enn efstur á mótinu.
**www.skak.is:** Henrik að tafli á Indlandi.



FERMINGAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR
3JA LITA LED LÝSING
FORCEK7
Fullkomið og öflugt leikjalyklaborð með 3ja lita LED upplýstu og ábrenndu íslensku letri, hlaðið nýjungum
9.990
HÁGÆÐA LEIKJALYKLABORÐ
FULLKOMIN FERMINGARGJÖF ÓTRÚLEGUR HLJÓMUR
THONET & VANDER
VERTRAG
Glæsilegt 2.0 hljóðkerfi frá Thonet & Vander með hágæða 4" Lignin Polymer bassakeilu
19.900
FRÁBÆRT 2.0 HLJÓÐKERFI
10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
packard bell
TE69 FARTÖLVA
Öflugri, þynnri og léttari fartölva með Quad Core Kabini AMD örgjöva og einum magnaðasta skjákjarna í heimi
89.900
ÖFLUG QUAD CORE FARTÖLVA
8BLS BÆKLINGUR
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
FERMINGAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
Framúrskarandi
NR40 RISA PÁSKAEGG
FRÍTT
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Vilja efla vitund um vistvæna hönnun

**Tvær sýningar verða opnaðar í Hafnarborg á laugardag klukkan 15. Annars vegar Hnallþóra í sólinni með úrvali prent- og bókverka eftir Dieter Roth og hins vegar Shop Show, norræn samtímahönnun með áherslu á umhverfismál og sjálfbærni.**

„Hugmyndin með sýningunni Shop Show er sú að efla vitund um vistvæna hönnun fyrir framtíðina. Þar eru valdar vörur úr efniviði sem gjarnan er að finna í heimahögum hönnuðanna,“ segir Róshildur Jónsdóttir. Hún er einn þeirra norrænu hönnuða sem eiga muni á sýningunni Shop Show sem opnuð verður á efri hæð Hafnarborgar í Hafnarfirði á laugardaginn. Hún segir sýninguna líka eiga að opna augun fyrir ábyrgð neytenda þegar þeir velja vörur. „Ef allir hefðu sömu neysluvenjur og Íslendingar núna þyrftum við sjö hnetti. Við Vesturlandabúar munum ekki geta haldið svona áfram,“ segir hún ákveðin.

Róshildur er þekkt fyrir hönnun og vöruþróun leikfanga og skrautmuna úr fiskibeinum. „Ég nota fiskhausa sem ekki eru nýttir hér á landi í dag nema í mjöl og ég er að margfalda virði þeirra,“ bendir hún á. Hún segir ótrúlega stutt síðan við virtum skepnuna mun meira en nú. Bara 50-100 ár. „Beinin voru leikföng og smíðaefni, dýrmætur efniviður af því við áttum ekki mikið, en nú eru öll bein grafin í jörð í þúsunda tonna vís. Við misstum tenginguna við þetta efni í nærumhverfinu með tilkomu fjöldaframleiðslu úr plasti,“ segir hún. Minnist líka á offramleiðslu heimsins á fatnaði með ódýru vinnuafli við stórvarasamar aðstæður. „Við erum komin út á ystu nöf og verðum að fara að breyta hugsunarhættinum,“ segir Róshildur sem er með vefsíðuna hugdetta.com þar sem hún kynnir vörur sínar og heimssýn.

Ásamt Róshildi sýnir hönnunarteymið Vík Prjónsdóttir á Shop Show. Það hannar vörur úr íslenskri ull sem notið hafa mikilla vinsælda.



**VISTVÆN HÖNNUN** Vörurnar á Shop Show eru gerðar úr vistvænum efniviði og gjarnan úr heimahögum hönnuðanna. MYND/HELGA STEPPAN

Sýningin er unnin af Form Design Center í Malmö og ferðast um Norðurlöndin. Í Hafnarborg er henni fylgt úr hlaði með veglegri dagskrá þar sem viðfangsefni hennar eru krufin, meðal annars með samtölum við hönnuðina Petru Lilju, Brynhildi Pálsdóttur og Róshildi.

Bæði Shop Show og Hnallþóra í sólinni eru hluti af HönnunarMars 2014, enda liggur líka áhugaverð hönnun eftir listamanninn svissneska Dieter Roth.

gun@frettabladid.is



**LISTAVERK** Róshildur segir ekki aðeins um leikföng að ræða úr fiskbeinunum heldur höfði efnið til fólks á öllum aldri.



**RÓSHILDUR** „Ég hef ekki fundið neinn í heiminum sem vinnur með beinin á sama hátt og ég, sem betur fer,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR
Í BAKKALÁR- OG MEISTARANÁM TIL

21. MARS

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

# Þetta verður vonandi öfgakennt

**Meðgönguljóð og Fríyrkjan standa fyrir ljóðaslammi á Lofti Hosteli í kvöld. Yfirskriftin er Ljóðlympíuleikar 2014 og þar keppa skáld til sigurs fyrir besta slammið og áhorfendur eru hvattir til að láta hressilega í sér heyra.**

„Við vonumst til að þetta verði alvöruljóðaslamm með aktífum áhorfendum og vonandi verða mikil læti og mikið stuð,“ segir Megan Auður Grímsdóttir, einn skipuleggjanda Ljóðlympíuleika sem haldnir verða á Loft Hosteli í kvöld. Þar munu skáldsystur og skáldbræður Reykjavíkur keppa til sigurs og aðeins eitt þeirra standa uppi sem sigurvegari.

Borgarbókasafnið hefur á undanförnum árum staðið fyrir ljóðaslammi en Megan segir meininguna að taka þetta lengra í kvöld. „Þetta á að vera öfgakennt og við hvetjum áhorfendur til að láta hressilega í sér heyra.“

Það eru forlagið Meðgönguljóð og ungskáldahópurinn Fríyrkjan sem standa fyrir slamminu. Megan er þátttakandi í Fríyrkjunni, sem gaf út safnrit með ljóðum skálda á aldrinum 17 til 25 ára í fyrra, og hún segir hópinn hafa verið duglegan að koma fram og lesa ljóð, þá gjarnan með tónlistarívafi. Á því verður ekki breyting í kvöld því rapphópurinn Reykjavíkurdætur mun spila í dómarahléi.

Dómnefnd skipa skáldin Hallgrímur Helgason, Sigurbjörg Þrastardóttir, Bergrún Anna Hallsteinsdóttir, fyrir hönd Meðgönguljóða, og Stefán Ingvar Vigfússon, fyrir hönd Fríyrkjunnar.

Boðið verður upp á tíu atriði og er búið að velja þau. Megan segir meininguna að halda slík slömm oftar og hvetur áhugasama til að skrá sig í slömm framtíðarinnar á netfanginu friyrkjan@gmail.com. „Það er öllum velkomið að sækja um þátttöku og væri mjög gaman ef sem flestir skráðu sig.“

Hverjir munu keppa í kvöld er algjört leyndarmál og því eiga forvitnir ekki annan kost en að vera mættir á Loft Hostel klukkan 20 í kvöld og bíða spenntir eftir að fyrsta skáldið stígi á svið.

- fsb



**MEGAN AUÐUR** „Vonandi verða mikil læti og mikið stuð.“ FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**➜ Megan er þátttakandi í Fríyrkjunni, sem gaf út safnrit með ljóðum skálda á aldrinum 17 til 25 ára í fyrra.**


Nú fæst Merrild
í Senseo kaffipúðum
nýtt
MERRILD
DOUWE EGBERTS
DE
ANNO 1753
Mellemristet kaffe
16 kaffepuder
Alltaf í aðalhlutverki

Heilsurúm Húsgögn Svampur Gluggatjöld Fataefni Gjafavara

# 20-50% AFSLÁTTUR

AF VÖLDUM VÖRUM

TIL 1. APRÍL 2014

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Tilboð gilda til 1. apríl 2014, eða á meðan birgðir endast.

Allir vita hvernig börnin verða til.
Kíktu til okkar og sjáðu hvernig
rúmin verða til.

*Íslenskt hugvit, íslensk framleiðsla síðan 1952*

Síðumúla 30
108 Reykjavík

Sími 533 3500
www.vogue.is

# Frábær
# OPNUNARTILBOÐ

## Lystadún - Vogue

hefur flutt verslun og verksmiðju sína í glæsilegt húsnæði að **Síðumúla 30** og sameinast undir einu nafni:

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Höfðagafl fylgir | Fæst í mörgum stærðum

**NAPCO** Heilsurúm
160x200 m/rafmagni.
**Tilboð: 299.012.-**
Fullt verð: 467.206.-



Frábær í stofuna eða sjónvarpsherbergið

**MALTA** Tungusófi
290x95/155cm.
**Tilboð: 299.000.-**
Fullt verð: 374.900.-



Mjög þægilegur og glæsilegur svefnsófi

**CAMA** Svefnsófi
198x100 - Stærð dýnu 140x185cm
**Tilboð: 217.425-**
Fullt verð: 289.900.-



Frábært úrval af gardínum og gardínuefnum

**Gardínudeild**
Frí mæling og ráðgjöf.
**Tilboð: 0.-**
Fullt verð: 6.990.-



**LISTAMENNIRNIR** „Þessir listamenn skapa verk sem fylla okkur samtímis af von og vonleysi,“ Ragnar Kjartansson.

# Lystisemdir, Efasemdir, Heimsendir

## Fimm ungir myndlistarmenn opna sýningu í Kling & Bang á laugardaginn. Öll verkin eru unnin sérstaklega fyrir sýninguna og taka mið af rýminu.

Lystisemdir, Efasemdir, Heimsendir nefnist sýning sem opnuð verður í Kling og Bang galleríi á laugardaginn klukkan 17. Þar sýna Emma Heiðarsdóttir, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Loji Höskuldsson, Margrét Helga Sesseljudóttir og Sigurður Ámundason ný verk. Sýningarstjóri er Anna Hrund Másdóttir og það var hún sem valdi verkin á sýninguna.

„Ég lét tilfinninguna algjörlega ráða valinu,“ segir hún. „Ég hef þekkt til þessara listamanna og fylgst með verkum þeirra í nokkur ár og þau gera alltaf eitthvað sem snertir mig mjög mikið. Þótt þau vinni ólík verk á ólíkan hátt og í ólíka miðla þá er í þeim öllum einhver neisti sem fær mann til þess að hugsa og skynja á nýjan hátt.“

Allir listamennirnir eru tiltölulega nýútskrifaðir úr myndlistarnámi en Anna Hrund segir þau öll hafa sterk höfundareinkenni. Á sýningunni kennir ýmissa grasa og verkin eru afar ólík. „Þar eru performans, innsetning, skúlptúrar og veggverk, allt verk sem eru sérstaklega unnin fyrir þessa sýningu og taka flest mið af rýminu í Kling & Bang,“ segir Anna Hrund.

Ragnar Kjartansson myndlistarmaður fylgir sýningunni úr hlaði með nokkrum orðum í sýningarskrá og segir þar meðal annars: „Á þessum tímum vonleysis, máttleysis og laskaðrar réttlætiskenndar sjáum við verk sem vinna með fagurfræði á einhvern dularfullan hátt. Rýmiskennd, innri ólgu, endalausan einmanaleika og þrá. Þessir listamenn skapa verk sem fylla okkur samtímis af von og vonleysi. Kynslóðin í tóminu.“ - fsb



**GRADUALE NOBILI** „Það er átak að byrja að syngja eins og fimmtíu manna karlakór eftir að hafa sungið eins og smástelpur í áratugi,“ segir Eygló Höskuldsdóttir, ein úr hópnum. MYND/GUÐRÚN MATTHILDUR

# Fórum á æfingu hjá Fóstbræðrum

## Dömukórinn Graduale Nobili tekst á við helstu karlrembulög íslenskra tónbókmennta í Langholtskirkju á sunnudag klukkan 20. Hann styður líka Mottumars.

„Við tökum öll þessi helstu karlakórslög, Hrausta menn, Brennið þið vitar, Ísland, Ísland, eg vil syngja og Fóstbræðralag,“ segir Eygló Höskuldsdóttir Viborg, ein stúlknanna í Graduale Nobili, um tónleika kórsins í Langholtskirkju næsta sunnudag klukkan 20. Hún segir það rótgróið í þjóðina að fyrrnefnd lög skuli einungis sungin af karlmönnum og viðurkennir líka að það sé krefjandi fyrir dömukór að takast á við þau. „Það þurfti að „kalla“ aðeins upp í okkur röddina, enda átak að byrja að syngja eins og fimmtíu manna karlakór eftir að hafa sungið eins og smástelpur í áratugi. En við hituðum okkur upp með því að fara á æfingar hjá Fóstbræðrum og Karlakór Reykjavíkur og taka lagið með þeim. Þeir stríddu okkur svolítið fyrst en svo held ég að við höfum fengið grænt ljós hjá þeim þegar við vorum búnar að syngja nokkur lög.“

Hvernig skyldi hugmyndin að tónleikunum hafa orðið til? „Þegar við vorum í barna-og unglingakórunum hér í Langholtskirkju lærðum við bók með íslenskum lögum utan að. Ef við vorum að bíða eftir strætó á erlendri grundu sungum við Þú álfu vorrar yngsta land og fleiri karlakórslög – sem barnakór. Þetta er því búið að búa með okkur lengi,“ lýsir Eygló og heldur áfram. „Eitt sinn vantaði okkur aukalag á tónleikum og þá datt Jóni Stefánssyni, stjórnanda okkar, í hug að láta okkur syngja Brennið þið vitar. Síðan er reyndar búið að vera svolítil barátta að fá hann til að æfa með okkur fleiri karlakórslög en það endaði með að lukkast svo nú eru heilir tónleikar með þeim. Það er líka gaman að tengja þá Mottumars sem við styðjum fullkomlega og höfum stofnað styrktarsíðu til að taka þetta alla leið.“

Almennt miðaverð á tónleikana á sunnudag er 2000 krónur en meðlimir Listafélags Langholtskirkju auk allra félaga í karlakórum nær og fjær, að ógleymdu fátæku námsfólki fá aðgöngumiða á 1.500.

gun@frettabladid.is

### ➜ Um Graduale Nobili

Graduale Nobili er úrvalskór stúlkna sem hafa sungið með Gradualekórnum í Langholtskirkju. Hann hefur verið starfandi í fjórtán ár. Á þeim tíma hefur hann margoft glatt hjörtu tónleikagesta í Langholtinu og unnið til fjölda verðlauna. Einnig hefur hann gefið út geislaplötur og ferðast um heimsbyggðina, meðal annarra með Björk í tengslum við verkefnið Biophilia.

Fjöldi kórfélaga er bundinn við tuttugu og fjóra. Stjórnandi kórsins er Jón Stefánsson.








**ALADDÍN** Nokkrar sýningar verða á Aladdín og sú fyrsta er á laugardaginn. MYND/EDDI

# Aladdín og félagar eru mættir aftur

## Sýning Bernd Ogrodnik á Aladdín verður sýnd á Brúðuloftinu nokkrum sinnum á næstu vikum.

Brúðuleiksýningin Aladdín er aftur komin á Brúðuloft Þjóðleikhússins og mætir Aladdín galvaskur til leiks á laugardaginn ásamt Salímu vinkonu sinni og fleiri furðufuglum til að skemmta fólki frá fimm ára upp í 105 ára.

Hætta þurfti sýningum fyrir jól fyrir fullu húsi en Bernd Ogrodnik brúðulistamaður er nýkominn heim úr langri sýningarferð og hefur tækifæri til að sýna Aladdín í nokkur skipti áður en haldið verður á ný út í hinn stóra heim.

Sýningin um Aladdín hefur hlotið frábæra dóma leiklistargagnrýnenda og góðar viðtökur áhorfenda.

Handrit, brúðugerð, leikmynd og tónlist eru eftir Bernd Ogrodnik og Ágústa Skúladóttir leikstýrir.




GRIFFILL

STÆRRI VERSLUN!

GRIFFILL SÍMI: 533-1010 – WWW.GRIFFILL.IS – SKEIFUNNI 11
OPIÐ TIL KL. 18.00 ALLA DAGA



Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Tilboð gilda á meðan birgðir endast.

# FIMMTUDAGUR



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Leiklist

**20.00** Leiksýningin Stóru börnin, eftir Lilju Sigurðardóttur, sem frumsýnt var 2. nóvember síðastliðinn og naut gríðarlega vinsælda gagnrýnenda sem áhorfenda, snýr aftur í Tjarnarbíó í mars vegna mikillar eftirspurnar. Stóru börnin er líflegt og skemmtilegt sviðsverk sem hreyfir við tilfinningunum og hugsuninni. Í uppsetningu Lab Loka fer úrvalslið leikara með hlutverkin undir stjórn Rúnars Guðbrandssonar: Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein og Stefán Hallur Stefánsson.

### Fræðsla

**17.15** Annað erindið af þremur um Nýtni og nægjusemi verður flutt. Þá talar Margrét Sigfúsdóttir húsmæðrakennari um hvernig við getum sparað í heimilishaldinu. Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir.

### Sýningar

**12.10** Grafíski hönnuðurinn Lance Wyman heldur erindið A Design Career í dag kl. 12.10 í húsnæði hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskólans að Þverholti 11. Allir velkomnir.

**19.30** Margrómuð verðlaunaleiksýning sem hefur farið sigurför um allan heim. Byggt á hinum frábæru sjónvarpsþáttum Fawlty Towers. Þú kemur í mat í leikhússal Iðnó og færð frábæran þriggja rétta málsverð ásamt því að kitla hláturtaugarnar allsvakalega, því á meðan á borðhaldi stendur mun hinn stórskrýtni Basil, ásamt konu sinni, Sybil og þjóninum frá Barcelona, Manuel þjóna gestum á sinn einstaka hátt. Miðasala á midi.is.

### Hátíðir

**21.00** Friðarsúlan verður tendruð í Viðey. Ljós hennar mun skína öll kvöld vikuna þar á eftir, til 26. mars. Yoko Ono valdi dagsetninguna 20. mars því þann dag árið 1969 gengu þau John Lennon í hjónaband.

### Dansleikir

**12.00** Skelltu þér í Edinborg í hádeginu þar sem þér gefst tækifæri á að dansa af gleði yfir vetrinum sem er og vorinu sem er á næsta leiti. Kennari er Annska Arndal sem er einn af tveimur kennurum í 5Rytma dansi á Íslandi. Dansinn hefst kl. 12:00 og stendur til kl. 13:00.

### Leikrit

**19.30** Bróðir minn Ljónshjarta í uppsetningu Leikfélags Selfoss eftir Astrid Lindgren. Sýnt fimmtudaginn 20. mars kl. 19.30 í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi. Miðaverð 2.000 kr.

### Tónlist

**19.30** Brunnur snilldarverka Mozarts er nær ótæmandi. Hrífandi flautukonsert hans einkennist af yfirlætislausum þokka og tækifærum einleikarans til að sýna snilli sína umbúðalaust. Tilhlökkunarefni verður að heyra konsertinn í flutningi Hallfríðar Ólafsdóttur, fyrsta flautuleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en Hallfríður hefur til margra ára verið leiðandi afl í íslensku tónlistarlífi. Tónleikarnir fara fram kl 19.30 í Eldborg í Hörpu. Miðasala fer fram á midi.is.

**19.30** Sálmari spilar á tónleikum í Háteigskirkju fimmtudaginn 20. mars kl 20:00. Húsið opnar kl 19:30 og er miðasala við inngang. Miðaverð er 1.500 kr. Sálmari er tónlistarhópur ungs fólks sem áður var þekktur sem hljómsveitin Tilviljun?. Markmið hópsins er að styðja við og styrkja kristilegt starf á Íslandi með áherslu á ungt fólk. Hópurinn er því ekki bundinn neinum söfnuði né samtökum, en flestir meðlimir hópsins tilheyra Þjóðkirkjunni og tengjast mörg okkar starfsemi KFUM og KFUK.

**20.00** Sætabrauðsdrengirnir Garðar Thór Cortes, Gissur Páll Gissurarson, Bergþór Pálsson og Viðar Gunnarsson, ásamt Jóhanni G. Jóhannssyni, píanóleikara, slógu rækilega í gegn í Hörpu á Menningarnótt með bráðskemmtilegri dagskrá og glæsilegum flutningi. Það er því mikið tilhlökkunarefni að þeir munu halda tónleika í Salnum í kvöld. Þeir hefjast klukkan 20.00 og fer miðasala fram á midi.is.

**20.00** Hlómveitinni Bellstop heldur tónleika á Hlemmur Square, Hjónin Elín og Rúnar fara fyrir sveitinni, en þau hafa spilað saman svo árum skiptir. Platan þeirra Karma kom út á Íslandi sumarið 2013 og munu þau flytja lög af henni í bland við önnur eldri lög sveitarinnar og jafnvel einhver brakandi ný. Tónlist Bellstop flokkast undir þjóðlagaskotið rokk.

**20.00** Tónleikaferð Friðriks Ómars hefst í Grafarvogskirkju í kvöld. Sálmar og saknaðarsöngvar af plötunni Kveðja fluttir í kirkjum landsins. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30, nema annað sé tekið fram, en húsið opnar kl. 20.00. Miðaverð er aðeins 2.500 krónur en miðasala er einungis við innganginn.

**21.00** Hits&Tits halda uppi hinu margrómaða og víðfræga brjálæðisstuði á Harlem 20. mars. Konfettirigning, búningar, props, vindvél og allt samkvæmt stuðbókinni. Vegna mikilla anna hjá stöllunum mun þetta vera síðasta syngjóið í örlítinn tíma. Það er því um að gera að sækja dívubúninginn og byrja að hita raddböndin. Hits&Tits nota youtube svo það er best að athuga sjálfur hvort að lagið sé til í karókíútgáfu þar. Síðast komust MUN færri að en vildu og því hvetjum við ykkur til þess að mæta snemma.

**21.00** Styrktartónleikar fara fram á Gauknum í kvöld. Þar koma fram Morðingjarnir, Strigaskór nr. 42, For a Minor Reflection, Smári Tarfur, LITH og Pandemic Addiction. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og kostar 1.000 krónur inn. Kristinn Arinbjörn Guðmundsson lenti í þeirri hræðilegu lífsreynslu fyrir stuttu að fá heilablóðfall í kjölfar flókinnar heilaskurðaðgerðar. Hann er nú lamaður í öðrum helmingi líkamans eftir heilablóðfallið og því hafa vinir hans ákveðið að efna til styrktartónleika.

**21.00** Tónlistarveisla á Víkinni. Víkin Sjóminjasafnið Í Reykjavík ÍRiS - Útgáfutónleikar PENUMBRA, ásamt Árna Guðjónssyni, Frank Aarnink og Söndru Ósk Snæbjörnsdóttur. Einnig spila Hymnalaya og Minor Times. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00. 1000 kr inn.

**21.00** Listakonan Lilja Birgisdóttir heldur tónleika í Mengi ásamt Steindóri G. Kristinssyni raftónlistarmanni. Tónleikarnir verða allsherjar tónlistarupplifun þar sem öll skilningarvit verða virkjuð. Mengi, Óðinsgötu 2. Aðgangseyrir er 2.000 kr.

**21.30** Magnús R Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Fimmtudagskvöld á Dillon eru góðir tónleikadagar. Fram koma, Pungsig og Black Desert Sun. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og það er frítt inn.

**22.00** Hljómsveitirnar Hudson Wayne og Knife Fights koma fram á tónleikum á Café Ray Liotta (áður Celtic Cross) að Hverfisgötu 26, 101 Reykjavík. Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 22 og það kostar litlar 500 kr. inn.

### Fyrirlestrar

**12.00** Opinn fyrirlestur sem fjallar um þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Í erindinu verður endurmótunarferlið skoðað og þær hugmyndir um hvað taka skuli við af markmiðunum eftir árið 2015. Guðrún Helga Jóhannsdóttir, doktorsnemi í þróunarfræðum við Háskóla Íslands Fundarstjóri: Svanhvít Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Fyrirlesturinn fer fram í Oddi 101 í Háskóla Íslands og hefst klukkan 12.00.

**12.00** Málstofan Hælisleitendur segja frá verður haldin í dag kl.12:00-13:00 í stofu 101, Lögbergi í Háskóla Íslands. Málstofan mun fara fram á ensku og aðgangur er öllum opinn. Á málstofunni segja tveir hælisleitendur frá reynslu sinni af því að vera hælisleitandi á Íslandi.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**KOMA FRAM Í KVÖLD** Hljómsveitin Strigaskór nr. 42 kemur meðal annars fram í kvöld. MYND/EINKASAFN

# Styrkja vin sinn í kvöld

**Frábærir listamenn koma fram á tónleikum á Gauknum í kvöld til að styrkja vin sinn og fjölskyldu hans.**

Kristinn Arinbjörn Guðmundsson lenti í þeirri hræðilegu lífsreynslu fyrir stuttu að fá heilablóðfall í kjölfar flókinnar heilaskurðaðgerðar. Hann er nú lamaður öðrum megin í líkamanum eftir heilablóðfallið og hafa því vinir hans ákveðið að efna til styrktartónleika á Gauknum í kvöld, til að létta undir með Kristni, Helgu Gunnarsdóttur konu hans og Kristjönu Bellu dóttur þeirra í þessum erfiðleikum. Áður hafði hann lengi átt við mjög erfið veikindi að stríða.

Á tónleikunum í kvöld koma fram hljómsveitirnar Morðingjarnir, Strigaskór nr. 42, For a Minor Reflection, Smári Tarfur, LITH og Pandemic Addiction.

> ➜ Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 á Gauknum og það kostar 1.000 kr. inn.

Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur og mun allur ágóði af tónleikunum renna beint til Kristins og fjölskyldu hans. Einnig verða til sölu diskar með hljómsveitinni KAbear, en þar syngur Kristinn og semur hann einnig öll lögin. Plata hans er einnig fáanleg á gogoyoko.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og eru eins og fyrr segir á Gauknum.

- glp

# Friðrik kveður í kirkjum landsins

**Friðrik Ómar Hjörleifsson heldur í dag í tónleikaferðalag, þar sem hann heimsækir fimmtán kirkjur um allt land. Syngur hann þar sálma og saknaðarsöngva.**

Platan Kveðja með Friðriki Ómari Hjörleifssyni kom út í nóvember og varð hún ein sú mest selda á landinu fyrir jólin.

Á henni eru sálmar og saknaðarsöngvar fluttir af Friðriki Ómari í frábærum útsetningum hans sjálfs og Þóris Úlfarssonar píanóleikara. Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið ákveðið að fylgja velgengni plötunnar eftir í kirkjum víðs vegar um landið í mars og apríl.

Til að auka á upplifun gesta hefur grafíski hönnuðurinn Ólöf Erla Einarsdóttir hannað hreyfimyndir sem sýndar verða meðan á tónleikunum stendur. Ólöf Erla hefur hlotið ýmsar viðurkenningar hérlendis og erlendis fyrir draumkennda og ævintýralega grafík sína.

Saman munu þau sjá til þess að gestirnir upplifi tilfinningaríka stund þegar lög eins og Hærra minn guð til þín, Heyr mína bæn, Kveðja, Söknuður, Í bljúgri bæn og Ave Maria verða flutt af Friðriki Ómari og félögum. Tónleikaferð Friðriks Ómars um kirkjur landsins hefst í Grafarvogskirkju í kvöld klukkan 20.30 og er miðasala við innganginn.

- glp



**SÁLMAR OG SAKNAÐARSÖNGVAR** Friðrik Ómar Hjörleifsson kemur fram á fimmtán tónleikum í fimmtán kirkjum út um land allt.

MYND/GASSI

### FERÐALAG FRIÐRIKS

**Allir tónleikarnir hefjast kl. 20.30 en húsið er opnað kl. 20.00:**

**20. mars** Grafarvogskirkja
**26. mars** Keflavíkurkirkja
**27. mars** Hafnarfjarðarkirkja
**2. apríl** Laugarneskirkja
**3. apríl** Lágafellskirkja
**8. apríl** Blönduóskirkja
**9. apríl** Siglufjarðarkirkja
**10. apríl** Dalvíkurkirkja
**11. apríl** Húsavíkurkirkja
**12. apríl** Vopnafjarðarkirkja (kl. 16.00)
**12. apríl** Þórshafnarkirkja
**13. apríl** Norðfjarðarkirkja
**14. apríl** Seyðisfjarðarkirkja
**16. apríl** Hafnarkirkja

ego dekor

# NÝ SENDING AF SÓFUM



DICE 4ra sæta leðursófi
Breidd: 300cm
Verð: 278.000,-

SKEMILL
Stærð: 87x70cm
Verð: 49.900,-



MODESTO leðursófi
Stærð: 300x210cm
Verð: 398.000,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 290x165cm
Verð: 199.750,-



KUND tungusófi
Stærð: 303x168cm
Verð: 238.500,-



HAMPTON tungusófi
Stærð: 318x197cm
Verð: 248.400,-



CANYON horntungusófi
Stærð: 318x223/152cm
Verð: 239.700,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is



## TÓNNINN GEFINN

Gunnar Leó Pálsson

# Eitt sinn aðdáandi, alltaf aðdáandi

Í síðustu viku tjáði blaðamaður sig í vikulegum tónlistarpistli Fréttablaðsins um að allt hefði ætlað um koll að keyra þegar heiftarlegur ágreiningur kom upp á fréttastofunni. Ágreiningurinn snerist þó í raun um að ákveðnir aðilar þorðu að standa á sínu og styðja sína menn, í blíðu og stríðu.

Því miður hefur það tíðkast að ákveðnum nöfnum í tónlistarheiminum, eða tónlistarmönnum öllu heldur, er útskúfað og þykja bara ekki töff. Það að tónlistarmaðurinn sé ekki töff þarf þó ekki að endurspegla hæfileikaleysi eða slæma músík úr hans framleiðslu. Þetta hefur oft misskilist og þurfa margir mætir einstaklingar alloft að bíta í hið súra epli og hreinlega ljúga svo þeim verði ekki strítt fyrir það eitt að fíla ákveðna tónlistarmenn.



Svo dæmi séu tekin þá þykja Chad Kroeger úr Nickelback, Scott Stapp úr Creed, Fred Durst úr Limp Bizkit ekki töff tónlistarmenn. Þeir hafa svo sem ekki gert neinum neitt, heldur er þetta bara svona, því miður. Þeir eiga það allir sameiginlegt að vera frontmenn sinna sveita og þar af leiðandi nokkurs konar andlit hljómsveitarinnar.

Hins vegar, þegar rýnt er í vinsældir sveitanna, kemur í ljós að Creed hefur selt yfir 40 milljónir platna, Limp Bizkit yfir 40 milljónir platna og mínir menn í Nickelback yfir 50 milljónir platna. Tölurnar tala sínu máli en ég held að það sé ekki tónlist þessara hljómsveita sem ræður úrslitum um skoðanir manna á ofangreindum mönnum. Ég geri ráð fyrir að skoðanir fólks á þessum mætu sveitum séu að mestu leyti bundnar við útlit mannanna og jú, kannski að ákveðnu leyti byggð á raddbeitingu þeirra. Það er erfitt að mæla á móti ágæti þessara þriggja sveita því þær hafa allar farið sigurför um heiminn og eru að mínu mati ansi sprækar. Það má þó deila um frontmennina.

Scott Stapp í Creed er ekki kúl og varð nett hallærislegur þegar hann reyndi á röddina með sínum hallærislega hreimi. Chad Kroeger er gullbarki, því er ekki hægt að neita, en hann er því miður pínu hallærislegur með permanentið og kleinuhringjaskeggið, tónlistarkonan Avril Lavigne féll þó kylliflöt fyrir kappanum. Fred Durst er nettur gaur. Þó svo að hann sé enginn Pavarotti þegar kemur að söng, þá er hann samt töff.

Ég er ánægður með þá aðila sem standa með sínum sveitum og tónlistarmönnum, þó svo að heimurinn hafi fyrirfram ákveðið að aðilinn sé ekki kúl. Eitt sinn aðdáandi, alltaf aðdáandi.

## Í spilaranum







**Ýmsir** - SG hljómplötur
**George Michael** - Symphonica
**Kylie Minogue** - Kiss Me Once








**Í TOPPMÁLUM** Hljómsveitin Agent Fresco hefur skrifað undir samning við þýskt útgáfufyrirtæki. Ný plata kemur út undir lok sumars. MYND/MAGNÚS ANDERSEN

# Agent Fresco landar plötusamningi ytra

Hljómsveitin Agent Fresco hefur skrifuð undir plötusamning við þýskt útgáfufyrirtæki. Um er að ræða samning upp á þrjár plötur en ný plata er væntanleg í sumar.

„Við erum mjög sáttir við samninginn og það er gaman að geta loksins tilkynnt þetta, það lá fyrir í sumar að við myndum semja við þá,“ segir Arnór Dan Arnarson, söngvari hljómsveitarinnar Agent Fresco, en sveitin hefur skrifað undir plötusamning við þýska útgáfufyrirtækið Long Branch Records, sem er undirútgáfa SPV GmbH fyrirtækisins. Um er að ræða þriggja platna samning og koma þær út um heim allan. „Þetta er eina fyrirtækið sem setti aldrei spurningamerki við tónlistarstefnuna okkar og hefur fylgst með okkur í langan tíma. Þeir ætla líka að gefa fyrstu plötuna okkar út, A Long Time Listening,“ bætir Arnór Dan við.

Eins og fyrr segir hefur í langan tíma legið fyrir að sveitin myndi semja við fyrirtækið. „Þetta hefur verið hálfs árs ferli. Það tekur svo langan tíma að fara í gegnum þetta ferli, það þarf að láta lögfræðinga fara yfir þetta og svona. Það eina sem við viljum er bara að fá tækifæri til þess að leyfa fleira fólki að heyra músíkina okkar,“ útskýrir Arnór Dan.

Agent Fresco sem skipuð er auk Arnórs Dans, Þórarni Guðnasyni, gítar- og píanóleikara, Hrafnkeli Erni Guðjónssyni trommuleikara og Vigni Rafni Hilmarssyni bassaleikara, fagnaði í síðasta mánuði sex ára afmæli. Hún gaf út sína fyrstu plötu árið 2010 og fékk hún frábærar viðtökur, þá var sveitin einnig valin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2008.

„Við erum mjög spenntir að gefa út nýtt efni,“ segir Arnór Dan spurður út í nýja efnið. Fyrsta smáskífulagið, Dark Water, af nýrri plötu kemur líklega út í byrjun maí. „Við stefnum á að gefa út fyrsta singúlinn í maí og gefum þá einnig út myndband. Við gerum svo ráð fyrir að platan komi út undir lok sumars.“ Fyrsta platan, A Long Time Listening, kemur út á sama tíma og nýja platan.

Sveitin hefur eins og fyrr segir ekki gefið út efni síðan árið 2010 og leggur mikið í að vinna sitt efni vel. „Þetta hefur verið eitt erfiðasta verkefni sem ég hef verið í og platan er mjög persónuleg líkt og fyrri platan. Við byrjuðum í ágúst að taka upp grunna en það tekur bara tíma að finna sándið,“ segir Arnór Dan en nýja platan mun verða eitt heildarverk líkt og fyrri platan.

> **Við stefnum á að gefa út fyrsta singulinn í maí og gefum þá einnig út myndband. Við gerum svo ráð fyrir að platan komi út undir lok sumars.**

Allir meðlimir sveitarinnar hafa verið önnum kafnir í öðrum verkefnum. Arnór Dan hefur mikið unnið með Ólafi Arnalds og verið á tónleikaferðalagi með honum. Þórarinn hefur lagt stund á nám við Listaháskólann, Hrafnkell hefur leikið með sveitum á borð við Sign og Highlands og Vignir hefur leikið með Ultra Mega Technobandinu Stefáni og verið að kenna. „Maður þarf að fjarlægjast tilfinningar og hlutina til þess að finna út hvað megi betur fara. Þetta var bara eðlilegt ferli hjá okkur, maður þarf tíma til að melta tilfinningar sínar og verða endurnærður,“ bætir Arnór Dan við. gunnarleo@frettabladid.is

## 13.3.2014 → 19.3.2014



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | **Pharrell** | ***Happy*** |
| 2 | ▼ | Ed Sheeran | *I See Fire* |
| 3 | ▶ | Pollapönk | *Enga fordóma* |
| 4 | ▲ | John Legend | *All Of Me* |
| 5 | ▶ | Baggalútur | *Ég fell bara fyrir flugfreyjum* |
| 6 | ▲ | Mono Town | *Peacemaker* |
| 7 | ▲ | Aloe Blacc | *The Man* |
| 8 | ▼ | Greta Mjöll | *Eftir eitt lag* |
| 9 | ▲ | U2 | *Ordinary Love* |
| 10 | ✱ | Coldplay | *Magic* |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ✱ | Ýmsir | *SG hljómplötur* |
| 2 | ▲ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 3 | ▲ | Mono Town | *In The Eye Of The Storm* |
| 4 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 5 | ▼ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 6 | ▼ | Skálmöld og Sinfó | *Skálmöld og Sinfó* |
| 7 | ▼ | Ásgeir | *In The Silence* |
| 8 | ▲ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| 9 | ▼ | Ýmsir | *Söngvakeppnin 2014* |
| 10 | ▲ | Pink Floyd | *The Wall* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL ***NÝTT*** **KORTATÍMABIL** NÝTT KORTATÍMABIL

**Libero Comfort**

4 4-7 kg **54 stk.**
5 10-16 kg. **50 stk.**
6 12-22 kg. **46 stk.**
7 15-30 kg. **42 stk.**

**1598** krónur pakkinn

**always dailies**

61 krónu lækkun

**598** kr. pakkinn
Always large **52 stk.**
Always normal **60 stk.**

**1298** krónur kg.
Ali **Bayonne-skinka** 1.flokkur

**Diletto kaffi**
81 krónu lækkun
**498** kr. 400gr

2013 SLÁTRAÐ
KJARNAFÆÐI
**1398** krónur kg.
*Kjarnafæði* **ÍSLENSKT HEIÐALAMB** *Íslenskar kryddjurtir*

## Ali Grísabógur

**598** krónur kg
Ferskur Ali **Grísabógur**

**GEVALIA**
80 króna lækkun
**659** kr. 500gr

2013 SLÁTRAÐ
**1259** krónur kg.
Kaupfél. Skagf. **Heilt lambalæri** *FROSIÐ*

## Frosinn Þorskur

100 krónu lækkun
**898** krónur kg
Norðanfiskur roð og beinlaus
**Þorskur í bitum** Frosinn

**Weetos**
350g + 150g FREE 500g
**479** kr. 500gr

2013 SLÁTRAÐ
**1498** krónur kg.
Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** *FROSIÐ*

## Ferskt Trippagúllas

**798** krónur kg

ROSE
**1359** kr. 700gr
Úrbeinuð frosin **Dönsk kjúklingalæri** 700g

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikkonan Holly Hunter er 56 ára.**

Helstu myndir: The Piano, O Brother, Where Art Thou?, Raising Arizona, The Incredibles.

# Ókeypis fyrir börn á skólasýningar í bíó

Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð í Reykjavík hefst í Bíó Paradís á morgun og stendur til 30. mars.

Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð í Reykjavík hefst á morgun og stendur til 30. mars í Bíó Paradís. Í kvikmyndahúsinu verður boðið upp á endurgjaldslausar sýningar á skólatíma fyrir grunnskóla- og leikskólabörn. Þær sýningar slógu í gegn þegar hátíðin var haldin í fyrra og komu um þrjú þúsund börn á skólasýningarnar.

Meðal mynda sem sýndar eru á hátíðinni er margverðlaunaða, danska myndin Antboy, Benjamín dúfa, Skýjahöllin og ýmsar erlendar og íslenskar stuttmyndir. - lkg



**MAURASTRÁKUR** Palli öðlast ofurhetjukrafta.

### ➜ Antboy

**Land** Danmörk
**Aldur** 5+
**Lengd** 77 mínútur

Hinn tólf ára gamli Palli er bitinn af maur og öðlast við það ofurhetjukrafta. Með hjálp vinar síns Vilhjálms lærir hann að beita þessum kröftum. Eins og í sannri ofurhetjumynd líður ekki á löngu þar til illmennið Flóin stígur fram á sjónarsviðið og hefst þá barátta góðs og ills fyrir alvöru. Myndin var valin besta barna- og unglingamyndin á Robert-verðlaunahátíðinni í Danmörku árið 2014 og var einnig tilnefnd sem besta barnamyndin á kvikmyndahátíðinni í Tallinn.

## FRUMSÝNINGAR

**Trufluð tvenna**

### Need for Speed

hasar

**AÐALLEIKARAR** Aaron Paul, Dominic Cooper, Scott Mescudi, Dakota Johnson, Imogen Poots, Michael Keaton og Rami Malek.

**BÖNNUÐ INNAN 12 ÁRA**



IMDb 7,3/10
Metacritic 40/100
Rotten Tomatoes 23/100

### Muppets Most Wanted

gaman

**AÐALLEIKARAR** Ricky Gervais, Tina Fey, Ty Burrell, Steve Whitmire, Tom Hiddleston, Eric Jacobson, Salma Hayek og Christoph Waltz.

Metacritic 57/100
Rotten Tomatoes 74/100



# Fluttu heilt hús á milli staða

Norska sombímyndin Dead Snow: Red vs. Dead verður frumsýnd á Íslandi á morgun. Myndin fjallar um illskeyttan her nasistauppvakninga. Myndin var tekin upp á Íslandi í fyrrasumar og er samframleidd af Sagafilm.

„Ísland á að vera Noregur í myndinni en landið nýtur sín samt sem áður mjög vel," segir Ragnar Agnarsson, forstjóri framleiðslufyrirtækisins Sagafilm. Fyrirtækið samframleiddi norsku kvikmyndina Dead Snow: Red vs. Dead, sem var tekin upp hér á landi í fyrrasumar. Myndin verður frumsýnd á Íslandi á morgun.

„Það var ódýrara fyrir aðstandendur myndarinnar að gera myndina hér. Gjaldmiðillinn er hagstæður og þeir fá tuttugu prósenta endurgreiðslu af framleiðslukostnaði frá íslenska ríkinu. Að auki er íslenskt starfsfólk í kvikmyndabransanum frábært – á heimsmælikvarða," bætir Ragnar við.

> **„Við sáum tækifæri í þessari mynd og teljum að hún eigi eftir að fara víða.**

„Við sáum tækifæri í þessari mynd og teljum að hún eigi eftir að fara víða. Við höfum trú á verkefninu en myndinni hefur verið vel tekið alls staðar og aðsóknin í Noregi hefur verið mjög góð," segir Ragnar um ástæðuna að baki því að Sagafilm framleiddi myndina. Myndin hefur nú þegar verið sýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í Bandaríkjunum og var frumsýnd í Noregi fyrir stuttu.

Myndin var tekin upp víðs vegar um landið – þar á meðal í stúdíói Sagafilm á Laugavegi, í Hvalfirði, Hafnarfirði, á Eyrarbakka og Stokkseyri. Ýmislegt gekk á í tökum og þurfti meðal annars að ferja heilt hús á milli staða.

„Við fengum lánað hús á Selfossi og fluttum það á Eyrarbakka. Það var meiri háttar vesen og við þurftum að loka götum. En það var algjörlega þess virði."

Um fjögur hundruð manns alls staðar að úr heiminum komu að framleiðslunni en myndin fjallar um Martin sem lifir af árás nasistauppvakninga. Hann vaknar á sjúkrahúsi og lögreglan trúir ekki sögu hans um þessar blóðþyrstu verur og telur að Martin hafi myrt vini sína. Hann missti annan handlegginn en hægt var að græða á hann nýjan handlegg. Fljótlega kemur þó í ljós að handleggurinn er af aðalmanninum í hersveit nasistauppvakninga, Herzog, og býr mikið ofurafl í handleggnum.

Norska fyrirtækið Tappeluft framleiðir myndina ásamt Sagafilm og hugsanlegt er að þessi tvö fyrirtæki haldi samstarfinu áfram.

„Við vorum öll mjög ánægð með samstarfið. Við erum að skoða nokkur verkefni en ekkert sem ég get sagt frá á þessari stundu," segir Ragnar.

Leikstjóri myndarinnar er Tommy Wirkola sem leikstýrði einnig fyrstu myndinni, Dead Snow, sem sló óvænt í gegn. Í kjölfarið leikstýrði hann Hollywood-myndinni Hansel & Gretel: Witch Hunters og vinnur nú að myndinni What Happened to Monday? með sænsku leikkonunni Noomi Rapace í aðalhlutverki.

Með helstu hlutverk í Dead Snow: Red vs. Dead fara Amrita Acharia, Jocelyn DeBoer, Ørjan Gamst, Vegar Hoel og Martin Starr.

liljakatrin@frettabladid.is




**HRIKALEGUR** Herzog er ekkert lamb að leika sér við.

### ÓSKAÐI EFTIR BLÓÐI

Leikstjórinn Tommy Wirkola sendi frá sér myndband á Vimeo á meðan á tökum á Dead Snow: Red vs. Dead stóð þar sem hann óskaði eftir blóðgjöfum frá aðdáendum sínum. Wirkola vildi ekki raunverulegt blóð aðdáenda sinna heldur einungis peningagjafir fyrir gerviblóði sem hann hugðist nota í lokaatriði myndarinnar en hundruð lítra af gerviblóði voru notuð við gerð myndarinnar.



**HEFUR TRÚ Á VERKEFNINU** Ragnar segir allt ferlið hafa verið afar ánægjulegt.





SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989

BRJÁLUÐ...

# LAGERSALA NTC

Faxafeni 10



# LOKADAGAR

jakkar - buxur - kjólar - skyrtur - bolir - peysur - úlpur - skór - fylgihlutir

Ekki missa af þessu !

flott merki frá verslunum NTC :

gallerisautján Kultur menn gs skór focus KARAKTER KONUR Kultur

COMPANYS Deres SMASH Sparkz URBAN eva

## Opið frá kl. 11-18




Lagersala NTC í Outlet 10 Faxafeni 10 - s. 578 7977

# 5 naglalakkslitir sem verða heitir í vor


















**HRESSANDI** Kristján er sérfræðingur á fjármálasviði Landsvirkjunar. MYND/ÚR EINKASAFNI



**Í GÓÐU STUÐI** Eyjólfur er sérfræðingur hjá Íslandsbanka.

# Erfitt að halda andlitinu í bubblebolta

**Kristján Valgeir Þórarinsson og Eyjólfur Berg Axelsson bjóða upp á nýjung í skemmtun á Íslandi – fótbolta sem leikmenn spila fastir inni í plastkúlu.**

„Félagi minn sýndi mér myndband af þessu. Okkur fannst þetta svo sniðugt að við fórum á fullt að skoða hvernig þessir boltar væru og út á hvað þetta gengi. Við skoðuðum líka hverjar öryggiskröfurnar væru, hvar væri best að kaupa boltana og annað í þeim dúr. Við pöntuðum prufubolta til landsins til að athuga hvort þetta væri í lagi og öruggt. Okkur fannst þetta svo fáránlega skemmtilegt að við ákváðum að kýla á þetta,“ segir Kristján Valgeir Þórarinsson. Hann stofnaði fyrirtæki fyrir stuttu með félaga sínum Eyjólfi Berg Axelssyni í kringum skemmtun sem heitir bubblebolti. Í bubblebolta klæðast leikmenn plastkúlu og spila fótbolta.

„Leikmenn eru bundnir inn í boltana í öryggisbelti og því óhætt að gera allan fjandann í þessu. Auk þess að spila fótbolta er hægt að fara í alls kyns leiki í boltunum,“ segir Kristján og ítrekar að fyllsta öryggis sé gætt þegar íþróttin er spiluð.

Á ensku kallast þetta grínsport Zorb Football en ekki eru stífar reglur í íþróttinni eins og í hefðbundnum fótbolta.

„Það eru engar reglur um tæklingar eða slíkt enda er ekki hægt að tækla hinn andstæðinginn klæddur í þessar kúlur. Ég myndi segja að þetta væri fótbolti með „súmóglímueðli“. Ég held að þetta sport komi upprunalega frá Bretlandi þar sem upphafsmaður íþróttarinnar var búinn að ganga með þessa hugmynd í maganum í langan tíma. Á síðustu tveimur til þremur árum hefur þetta breiðst út til flestra landa. Þetta er mjög skemmtilegt í steggjanir og hópeflisleiki til dæmis,“ bætir Kristján við. Hann viðurkennir að það sé erfitt að halda andlitinu þegar íþróttin er spiluð.

„Það er mjög erfitt að hlæja ekki enda er þetta skemmtileg íþrótt,“ segir Kristján. Hann og Eyjólfur hófu starfsemi á sunnudag þegar þeir buðu vinum sínum í prufubolta.

„Þá fór þetta á fullt. Þetta breiddist út hraðar en við bjuggumst við og við erum byrjaðir að taka niður bókanir. Markhópurinn er fyrst og fremst þeir sem vilja skemmta sér. Þetta er meira gaman en keppni.“

liljakatrin@frettabladid.is



**ÞRUSUSTEMNING** Vinir Kristjáns og Eyjólfs prófuðu íþróttina á sunnudag.

> **Það er mjög erfitt að hlæja ekki enda er þetta skemmtileg íþrótt.**
>
> *Kristján Valgeir Þórarinsson*

## → Hvað kostar bubblebolti?

**60 mínútna spilatími kostar:**

- **25.000 kr. fyrir 5 á móti 5**
- **20.000 kr. fyrir 4 á móti 4.**
- **Lágmarksfjöldi er 8 keppendur.**

**Innifalið í verðinu er**

*Starfsmaður er á svæðinu allan tímann. Starfsmenn bubblebolta koma á staðinn hálftíma áður, setja upp boltana og fara yfir leikreglur.*

*Það eina sem viðskiptavinir þurfa er aðstaða til að spila. Ef þeir hafa ekki aðstöðu er hægt að spila í almenningsgörðum yfir sumartímann eða á sparkvöllum. Annars geta starfsmenn aðstoðað við að finna aðstöðu sem hentar hverju sinni.*

*Verðið miðast við að spilað sé á höfuðborgarsvæðinu. Ef spilað er úti á landi bætist ferðakostnaður við verðið.* ***www.bubblebolti.is***

## APPIÐ KOMDU ÞÉR UNDAN MEÐ CLOAK VIÐ HÖNDINA

Smáforritið Cloak njósnar um þá sem þér er í nöp við.

Sumir þola ekki að rekast á fólk sem þeim er illa við og stundum er maður hreinlega ekki í skapi til að hitta vissar manneskjur.

Smáforritið Cloak leysir þennan vanda á augabragði. Smáforritið finnur alla vini þína sem tengdir eru Instagram og Foursquare og lætur þig vita hvar þeir eru staddir.

Notendur geta einnig stillt það þannig að þeir fái tilkynningar þegar vissar manneskjur eru í nálægum götum í tæka tíð til að geta forðað sér.






**GRÆNT OG VÆNT** Cloak hjálpar þér að fela þig eins og nafnið gefur til kynna.

### Í HNOTSKURN

- **Frítt**
- **Notendur gefa forritinu 4 stjörnur**
- **Stærð: 8,2 MB**
- **Fáanlegt í App Store**
- **Hægt að nota á iPhone, iPad og iPod touch. Forritið nýtur sín best á iPhone 5**
- **Heimasíða: usecloak.com/**

## FÖRÐUN GLOSS ÁRSINS

Tímaritið Teen Vogue velur förðunarvörur ársins 2014.

Tímaritið Teen Vogue birti fyrir stuttu lista yfir bestu förðunarvörur ársins 2014 og veitti þeim svokölluð Beauty Awards, eða fegurðarverðlaun.

Besta glossið að mati tímaritsins er Rouge Pur Couture Vernis à Lèvres Glossy Stain frá tískurisanum Yves Saint Laurent. Ef nafnið flækist fyrir ykkur getið þið einfaldlega klippt út meðfylgjandi mynd og skundað beint í næstu verslun.

Meðal annarra förðunarvara sem hljóta verðlaun hjá Teen Vogue er eldrauður varalitur frá Mac og ljósbleikur varalitur frá Estée Lauder. Þá ná maskarar frá merkjunum Rimmel, COVERGIRL og Dior einnig á listann sem og hyljari frá Bobbi Brown og sólarpúður frá CHANEL.

Alls eru um fimmtíu vörur á listanum og geta þeir sem eiga sand af seðlum til að eyða í förðunarvörur séð hann í heild sinni á vefsíðunni teenvogue.com.



**ALGJÖR NAUÐSYN** Þetta ku vera besta gloss þessa árs.

# KONUKVÖLD Í SMÁRALIND



TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGUR

Í DAG 20. MARS AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT* AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM.** EINGÖNGU Í

Smáralind

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Gildir eingöngu í Smáralind.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð





# Þungavigtarhljómsveit með Justin

## Mikið fagfólk er á leið til landsins með einni skærustu poppstjörnu heims, Justin Timberlake. Hljómsveitin á bak við hann er ekkert slor

Eins og alþjóð veit er ein skærasta poppstjarna samtímans, Justin Timberlake, á leið til landsins. Gott og vel með það, en ég held almennt að fólk viti ekki hversu stórkostlegir listamenn koma með honum, því að við vitum að á bak við svona yfirgengilegt „show“ stendur ekki bara einn maður. Í fylgd með Justin Timberlake er fagfólk á öllum sviðum og þeir sem eiga miða á þennan viðburð verða vitni að einum merkilegasta menningarviðburði sögunnar hér á landi.

Á bak við Justin Timberlake er fyrst og fremst stórhljómsveit skipuð vel völdum hljóðfæraleikurum sem eru allir vel kunnir í bransanum og hafa komið fram með hinum ýmsu listamönnum í gegnum tíðina.

Fréttablaðið grennslaðist fyrir um feril fjögurra meðlima hljómsveitar Justins sem eru engir nýgræðingar í tónlistarbransanum. Fyrir utan þá skipa sveitina fleiri snillingar, blásarasveit og frábærir bakraddarsöngvarar. Þar fyrir utan gera færir dansara tónleikana að alvöru „showi“. Tónleikarnir fara fram 24. ágúst í Kórnum og þar lýkur hluta af tónleikaferðalagi Justins. Justin fær þá smá frí en heldur svo til vinnu á ný í september. Næstu bókuðu tónleikar eru í Melbourne í Ástralíu 18. september.

gunnarleo@frettabladid.is



**ADAM BLACKSTONE** er maðurinn á bak við Justin Timberlake en hann er hljómsveitar- og tónlistarstjóri Justins.
Adam Blackstone hefur spilað á hljóðfæri frá blautu barnsbeini. Hann var upphaflega píanóleikari og trommuleikari, en sex ára gamall var hann farinn að spila með hljómsveitum í kirkjunni sinni. Hann byrjaði þó ekki að spila á bassa, sem er hans aðalhljóðfæri í dag, fyrr en hann var kominn í framhaldsskóla. Í dag er hann einn uppteknasti og virtasti bassaleikarinn í popp- og r&b-senunni í heiminum. Blackstone hafði til að mynda í nægu að snúast á síðustu Grammyverðlaunahátíð þegar hann kom ekki bara fram með Justin Timberlake og stýrði hljómsveit hans, heldur spilaði hann einnig með Rihönnu og Aliciu Keys og stýrði hljómsveitum þeirra. Hann hefur til dæmis komið fram með, spilað inn á plötur og verið hljómsveitar- og tónlistarstjóri hjá listamönnum á borð við **Justin Timberlake, Jay Z, Rihanna, Eminem, Chris Brown, Nicki Minaj, The Roots, Janet Jackson, Kanye West, Drake, LL Cool J** og **Maroon 5**.



**BRIAN FRASIER-MOORE** er trommuleikarinn í hljómsveit Justins Timberlake. Hann hefur spilað á trommur frá því hann var fimm ára gamall. Hann er einn eftirsóttasti trommuleikari heims í popp- og r&b-geiranum og byrjaði að túra með stórum nöfnum ungur að aldri. Hann var í mörg ár trommari söngkonunnar Aaliyah, sem lést langt um aldur fram. Hann hefur komið fram með og spilað inn á plötur með listamönnum á borð við **Justin Timberlake, Janet Jackson, Aaliyah, Christina Aguilera, Usher, Madonna** og mörgum fleirum.



**ELLIOT IVES** er hinn gítarleikarinn í hljómsveit Justins Timberlake. Hann er, eins og Justin, frá Memphis. Hann byrjaði ekki að spila á gítar fyrr en hann var 17 ára gamall. Hann var einn af þeim sem pródúseruðu 20/20 experience-plötur Justins sem komu út í fyrra. Hann fékk djobbið í gegnum hljómsveitina sína FreeSol sem Justin uppgötvaði árið 2006. Elliott hefur einnig unnið með **Timberland, Beyonce, Keri Hilson, Jay-Z** og mörgum fleirum.



**MIKE SCOTT** er annar af gítarleikurum Justins Timberlake. Hann er svokallaður sólógítarleikari sveitarinnar og fer á kostum. Hann hefur frá þrettán ára aldri leikið á gítar úti um allt og með öllum. Hann hefur komið fram með og spilað inn á plötur með listamönnum á borð við **Justin Timberlake, m.a. á FutureSex/LoveShow tónleikunum árið 2007, Prince, Lenny Kravitz, Jimmy Jam & Terry Lewis, Timbaland, Janet Jackson, Mariah Carey, New Edition, Mary J. Blige, Lionel Richie, Rihanna, Leona Lewis, Maroon 5, Jermaine Jackson** og **Alicia Keys.**

# Börn Loka styrkja Barnaspítala Hringsins

Aðdáendaklúbbur Skálmaldar bauð upp mjög sjaldgæfan bol og rann öll summan til Barnaspítala Hringsins.

„Bolurinn var sleginn hæstbjóðanda á 50.000 krónur en sá sem bauð hæst heitir Ragnar Jóhannesson, hann er líklega aðdáandi númer eitt. Aðrir sem buðu ákváðu að leggja upphæðina sem þeir buðu í bolinn í söfnunina og svo hefur eitthvað bæst við og nú stendur söfnunin í rúmlega 250.000 krónum,“ segir Guðrún Finns, klúbbstýra Barna Loka, sem er aðdáendaklúbbur Skálmaldar. Bolurinn sem var prótótýpa af meðlimabolnum í fyrra er algert safnaraeintak og ákaflega sjaldgæfur. „Valdimar Örn Matthíasson sem hannaði bolinn fékk hugmyndina að gera góðverk út frá bjóráskoruninni sem tröllreið öllu hérna um daginn.

Hann valdi að setja bolinn á uppboð til styrktar Barnaspítala Hringsins, en hann hefur sterk tengsl þangað. Bolurinn var upprunaleg hugmynd Valdimars að meðlimabolum fyrir klúbbinn en reyndist svo of dýr í framleiðslu. Hins vegar var gerð ein prótótýpa þannig að um algjörlega einstaka flík er að ræða,“ útskýrir Guðrún.

Börn Loka er opinber aðdáendaklúbbur Skálmaldar og eru í honum 244 meðlimir á öllum aldri.



„Flestir eru íslenskir en einnig eru þeir frá Frakklandi, Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu, Noregi, Þýskalandi og Kanada. Þetta er einstakur hópur af eðalmanneskjum með stórt hjarta,“ segir Guðrún.

Bolurinn verður afhentur Ragnari á generalprufunni á Baldri í Borgarleikhúsinu þann 3. apríl næstkomandi.

Við sama tækifæri verður fulltrúum frá Barnaspítala Hringsins boðið með Börnunum á sýninguna og söfnunarféð formlega afhent. - glp



**FLOTTUR BOLUR** Hér eru þau Valdimar Örn Matthíasson, sem hannaði bolinn, og Guðrún Finns, klúbbstýra Barna Loka. MYND/GUÐNÝ ÁSA GUÐMUNDSDÓTTIR



**MICKEY OG ANASTASSIJA** VÍSIR/GETTY

## Rourke dekrar kærustuna

Mickey Rourke er orðinn nánast óþekkjanlegur eftir lýtaaðgerðir, en hann sást fyrir skömmu í West-Hollywood þar sem hann eyddi gæðastund með rússnesku kærustunni, Anastassiju Makarenko. Þá kom hann við á húðflúrstofunni Shamrock Tattoo og keypti skartgripi fyrir elskuna sína.

Þrátt fyrir rúmlega þrjátíu ára aldursmun hefur parið nú verið saman í fjögur ár en hin fagra Makarenko starfar sem fyrirsæta og hefur einnig leikið rússneska fyrirsætu í kvikmynd Bruce Willis, A Good Day To Die Hard.

Rourke sýnir gjarnan sínar mjúku hliðar í návist kærustunnar þótt hann sé þekktur fyrir miklar skapsveiflur. - eá



**SOFIA COPPOLA**

## Litla hafmeyjan að kvikmynd

Leikstjórinn Sofia Coppola er í viðræðum um að leikstýra mynd byggðri á ævintýrinu um Litlu hafmeyjuna.

Myndin hefur verið í burðarliðnum lengi og hefur leikstjórinn Jo Wright verið orðaður við verkefnið.

Um ævintýramynd fyrir unga áhorfendur er að ræða og því ansi langt frá fyrri verkefnum Coppola eins og myndinni Lost in Translation og nú síðast The Bling Ring sem skartaði leikkonunni Emmu Watson í aðalhlutverki. - lkg





**KEMUR SÉR VEL** Pau Björk, Aronofsky og Patti Smith hljóta að vera ánægð með söfnunina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Söfnuðu 35 milljónum

Um 35 milljónir söfnuðust til styrktar Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands á tónleikunum Stopp, gætum garðsins sem fóru fram í Hörpu á þriðjudagskvöldið. Uppselt var á tónleikana en söfnuninni barst veglegur liðsauki frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups. Sjóðurinn lagði til 24 milljónir. Patti Smith, Björk, Lykke Li, Of Monsters and Men og Retro Stefson voru meðal þeirra sem komu fram á tónleikunum. Markmiðið var að vekja athygli á náttúruvernd og verkefnum sem henni tengjast.

# Heróínneysla til fyrirmyndar

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Charles Barkley var hetjan mín þegar ég var lítill strákur á Selfossi. Ég spilaði körfubolta, lét snoða á mér höfuðið, keypti bolina hans og setti Phoenix Suns-derhúfu á hausinn, þrátt fyrir að vera augljóslega með allt of lágt enni til að bera slíka húfu sómasamlega. Barkley var enginn engill og fór óhefðbundnar leiðir, innan vallar sem utan. Hann pantaði pitsur á varamannabekkinn í háskólaboltanum, reif kjaft, lamdi menn á börum og tapaði háum fjárhæðum í spilavítum.

**ÞEGAR** körfuboltaáhuginn dofnaði kom áhugi á tónlist í staðinn. Þá byrjaði ég að líta upp til Philips Anselmo, söngvara þungarokkssveitarinnar Pantera. Ég lét mig dreyma um húðflúr á hausinn og klæddist snjáðum Converse-skóm. Á leiðinni í skólann hlustaði ég á frábærar plötur á borð við The Great Southern Trendkill og Vulgar Display of Power. Ég skildi ekki af hverju skólafélagar mínir vildu ekki hlusta á þessa stórkostlegu tónlist í stærðfræðitímum enda fannst mér fátt meira töff en þegar Anselmo rak upp eitt af sínum mögnuðu öskrum.

**ANSELMO** var djúpt sokkinn eiturlyfjafíkill. Svo djúpt sokkinn að hann lést einu sinni úr of stórum skammti heróíns áður en hann var endurlífgaður nokkrum mínútum síðar. Hann hvatti aðdáendur sína beinlínis til að reykja gras og bráðskemmtileg heimamyndbönd hljómsveitarinnar sýndu taumlausa áfengis- og fíkniefnaneyslu í bland við uppátæki sem engin móðir yrði stolt af.

**ÉG** hefði betur valið mér aðrar fyrirmyndir því þökk sé þeim þá nýti ég hvert tækifæri sem gefst til að rífa kjaft. Ég get ekki fundið lyktina af spilastokki án þess að leggja allt mitt undir, tapa því og skuldsetja fjölskyldu mína í leiðinni – kenni óhóflegri áfengisneyslunni um það. Hnefa mína nota ég ekki í annað en að endurraða andlitum óvina minna. Og reyndar annarra sem verða á vegi mínum og fíkniefni stenst ég ekki. Það er fátt betra en að sprauta sig með góðum skammti af heróíni. Helst vil ég sprauta mig til ólífis.

# HOPPANDI STUÐ Í HÖRPU

Uppselt var á stórtónleikana í Hörpu á þriðjudagskvöldið þar sem listamenn á borð við Björk, Patti Smith, Lykke Li, Of Monsters and Men og Retro Stefson tóku sig saman í fjáröflun fyrir Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands. Björk var fyrst á svið á tónleikunum og stuðsveitin Retro Stefson fékk gesti Eldborgarsalsins til að dilla sér við lokalagið Sabotage með Beastie Boys þar sem allir listamennirnir komu fram á svið og dönsuðu.



**FRÁBÆR** Björk tróð upp með kór og strengjasveit við mikinn fögnuð áhorfenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FLOTT** Dagur B. Eggertsson og Arna Dögg Einarsdóttir.



**REFFILEGIR** Högni Egilsson og Björn Steinbekk.



**ÞRÍEYKI** Vigdís Finnbogadóttir lét sig ekki vanta.



**SÆT SAMAN** Árni Finnsson og Karítas.



**MÆTTI HRESS** Páll Steingrímsson var kátur.


SAMbio.is













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE VIP | KL. 8 - 10:20 | |
| SAVING MR. BANKS | KL. 8 - 10:40 | L |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:20 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 8 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:40 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:30 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5.40 - 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ROBOCOP | KL. 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL. 3.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL. 6 - 9 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D / 3D | KL. 5.50 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 10.30 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 10 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | KL. 6 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ





| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE BAG MAN | 10:25 | 16 |
| 3 DAYS TO KILL | 8, 10:20 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | 10:10 | 12 |
| RIDE ALONG | 6, 8 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | 6 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS





SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# KRINGLUKAST

# 25%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BUXUM

**OPIÐ**

| | |
|---|---|
| mán. - mið. | 10:00 - 18:30 |
| fimmtudaga | 10:00 - 21:00 |
| föstudaga | 10:00 - 19:00 |
| laugadaga | 10:00 - 18:00 |
| sunnudaga | 13:00 - 18:00 |

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Fylgstu með okkur á Facebook

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

## Andri kominn í gult í Grindavík



**FÓTBOLTI** Eyjamaðurinn Andri Ólafsson er genginn í raðir 1. deildarliðs Grindavíkur en hann gerði eins árs samning við félagið í gær. Hann kemur frá KR þar sem hann var síðastliðið sumar án þess að hafa spilað eina einustu mínútu vegna þrálátra meiðsla.

„Ég komst að samkomulagi við KR-inga um að fá mig lausan [undan þriggja ára samningi hans] og var það gert í mesta bróðerni,“ sagði Andri sem er nýbyrjaður að æfa á nýjan leik. „Ég veit ekki enn hvað var að hrjá mig – læknar hafa ekki getað útskýrt það,“ útskýrir Andri sem fer sér hægt þessa dagana.

„Ég er nú búinn að vera frá í tvö ár og tek enga áhættu. En ég vona að ég haldist góður úr þessu,“ segir Andri sem verður 29 ára á árinu. Hann á að baki tæplega 200 leiki í deild og bikar með ÍBV á ferlinum. - esá

## Þrenna Van Persie kom Moyes og Man. United til bjargar

**FÓTBOLTI** Hollendingurinn Robin van Persie sá til þess að David Moyes, knattspyrnustjóri Manchester United, heldur starfinu eitthvað lengur en hann skoraði öll þrjú mörk liðsins í 3-0 sigri á Olympiakos í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Þar með komst United áfram, 3-2 samanlagt.

Dortmund er einnig komið áfram þrátt fyrir tap á heimavelli í gær. - esá

**visir.is**

Meira um leiki gærkvöldsins



**MAGNAÐUR** Robin van Persie og félagar fagna einu marka hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR**

**SNÆFELL - VALUR 81-67 (47-30)**

**Snæfell:** Hildur Björg Kjartansdóttir 25/9 fráköst, Chynna Unique Brown 16/12 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 15/6 fráköst/9 stoðsendingar, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 10/11 fráköst, Eva Margrét Kristjánsdóttir 7, Alda Leif Jónsdóttir 5, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 3.

**Valur:** Anna Alys Martin 21, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 13, Ragnheiður Benónísdóttir 8/5 fráköst, María Björnsdóttir 6, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 6/8 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 5, Hallveig Jónsdóttir 5, Guðbjörg Sverrisdóttir 3/5 fráköst/6 stoðsendingar, Þórunn Bjarnadóttir 0/5 fráköst.

**Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Snæfelli.**

**HAUKAR - KEFLAVÍK 88-58 (48-32)**

**Haukar:** Lele Hardy 32/17 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 16/5 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13, Lovísa Björt Henningsdóttir 12/4 fráköst/5 varin skot, Dagbjört Samúelsdóttir 8/5 fráköst, Íris Sverrisdóttir 3, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 2, Inga Rún Svansdóttir 2, Auður Íris Ólafsd. 0/4 fráköst/6 stoðs.

**Keflavík:** Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 15/4 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 12/4 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 9/6 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 8/7 fráköst, Lovísa Falsdóttir 6, Diamber Johnson 5/8 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 3.

**Haukar unnu einvígið, 3-0.**

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**16-LIÐA ÚRSLIT, SÍÐARI LEIKUR**

**MAN. UNITED - OLYMPIAKOS 3-0**

1-0 Robin van Persie, víti (25.), 2-0 Van Persie (45.), 3-0 Van Persie (51.).

*Manchester United vann samanlagt, 3-2.*

**DORTMUND - ZENIT 1-2**

0-1 Hulk (16.), 1-1 Sebastian Kehl (38.)., 1-2 Salomon Rondon (73.).

*Dortmund vann samanlagt, 5-4.*

# Nýtur fulls trausts Kristjáns

Aron Rafn Eðvarðsson hefur verið í miklum ham með Guif frá Eskilstuna í sænsku úrvalsdeildinni í handbolta að undanförnu. Liðið er á góðu skriði og á deildarmeistaratitilinn vísan. Hann verður áfram hjá liðinu.

**HANDBOLTI** „Við byrjuðum að spila meira sem lið,“ segir Aron Rafn Eðvarðsson, landsliðsmarkvörður í handbolta, í viðtali við Fréttablaðið um ástæðu þess að lið hans, Guif frá Eskilstuna, í sænsku úrvalsdeildinni hefur tekið á jafnmikinn sprett og raun ber vitni. Liðið hefur unnið ellefu leiki af tólf eftir EM-hléið, er á toppnum og getur tryggt sér deildarmeistaratitilinn með sigri í lokaumferðinni.

„Við erum með ungt lið. Þegar ég er einn af elstu mönnum liðsins, 25 ára, þá er liðið ekki gamalt. Okkur vantaði stöðugleika til að byrja með. Við vorum að vinna leiki með tíu mörkum og tapa svo næsta kannski með átta.“

Haukamaðurinn er á sínu fyrsta tímabili í atvinnumennsku og hann skammast sín ekki fyrir að viðurkenna að hafa gengið illa að fóta sig til að byrja með.

### Erfitt að átta sig á hlutunum í byrjun

„Það var ýmislegt sem ég gekk í gegnum. Maður var kominn í nýtt land og að læra nýtt tungumál auk þess sem maður var að læra nýja hluti frá markmannsþjálfaranum. Svo er sænski boltinn svo ótrúlega hraður. Ég átti erfitt með að átta mig á hlutunum til að byrja með en ég þurfti bara að taka eitt skref afturábak til að taka tvö skref áfram,“ segir Aron sem hefur vaxið með hverjum leiknum og varði t.a.m. þrjú víti í síðasta leik.

„Þetta datt aðeins í gang í desember þar sem ég var valinn maður leiksins þrisvar í röð. Í heildina er ég búinn að vera sáttur við mína frammistöðu en það koma alltaf leikir þar sem maður er ekki upp á sitt besta. Þeir hafa verið kannski aðeins of margir fyrir minn smekk en ég nýt fulls trausts hjá Kristjáni þjálfara. Hann keypti mig til að vera númer eitt og vill að ég spili. Það er gott að vita að manni sé ekki kippt út af þótt maður fái á sig nokkur drullumörk,“ segir Aron Rafn.

### Geta orðið meistarar

Landsliðsmarkvörðurinn nýtur leiðsagnar Finnans Jans Ekmans sem búið hefur í Svíþjóð nær alla sína ævi og var einn besti markvörður sænsku deildarinnar um árabil.

„Hann er góður vinur Tomasar Svensson. Hann er alveg frábær markmannsþjálfari sem sér ásamt öðrum manni, Tomasi Forsberg, um alla grunnþjálfun markmanna í yngri flokkum Svíþjóðar,“ segir Aron Rafn sem hefur bætt sig undir handleiðslu Svíans.

Aron er spenntur fyrir úrslitakeppninni og telur Guif geta farið alla leið. „Þótt við séum með ungt lið erum við líka með gott lið. Ég hef fulla trú á því að við getum allavega komist í úrslitaleikinn.“

Eskilstuna er 100.000 manna borg á austurströnd Svíþjóðar. Aron segir þar gott að búa enda stutt til Stokkhólms auk þess sem hann eyðir miklum tíma með vini sínum úr Haukum og línumanni Guif, Heimi Óla Heimissyni.

„Maður eyðir kannski of miklum tíma með honum. Maður væri kannski kominn aðeins betur inn í sænskuna ef við værum ekki alltaf saman,“ segir Aron og hlær við.

### Leikmennirnir vinsælir

Hann segir handboltaliðið það stærsta í bænum og leikmennina vinsæla. Það er til Twitter-síða þar sem fólk í borginni hendir inn myndum af leikmönnum Guif sjáist þeir í bænum, einna helst ef þeir eru jafnvel að stelast í bjór.



**GÓÐUR** Aron Rafn Eðvarðsson stendur sig vel í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Ég hef aldrei verið gripinn enda verið mjög lélegur í þessu. Meira að segja í fríunum sem ég hef fengið hef ég nýtt tímann frekar í að sofa,“ segir Aron Rafn Eðvarðsson sem ætlar sér að vera áfram hjá Guif á næstu leiktíð.

„Ég fer ekki fet í sumar. Hér verð ég allavega í ár til viðbótar.“ tom@frettabladid.is






UTAN VALLAR
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is

## ÁSKORUN

Fyrirkomulag á úrslitakeppnum í boltaíþróttum á Íslandi er mjög hefðbundið og hefur verið lengi. Efsta lið í deildarkeppni spilar við neðsta liðið sem tryggir sér sæti í úrslitakeppninni og svo koll af kolli.

Hingað til hefur ekkert verið viðrað að breyta þessu fyrirkomulagi á einhvern hátt en ég persónulega væri til í að sjá ákveðnar breytingar í þessum efnum.

Það verður að viðurkennast að margt upphitunarefni í fjölmiðlum fyrir svona leiki er frekar þurrt.

Þjálfarar og leikmenn tala um hvað það sé gott að vera á heimavelli, það megi ekki vanmeta andstæðinginn, það sé aðeins hugsað um einn leik í einu og þar fram eftir í klisjunum. Gott og blessað að sýna virðingu og hógværð en það má stundum sýna meiri lit.

Ég er sannfærður um að það myndi gefa þessari umræðu mikið líf ef fyrirkomulagið væri í líkingu við það sem við höfum séð í sænsku íþróttalífi.

Tökum sem dæmi að um sé að ræða átta liða úrslitakeppni eins og í Dominos-deild karla. Þá myndu forráðamenn allra liðanna mæta á blaðamannafund þar sem þeir myndu hreinlega velja sér andstæðing.

Deildarmeistarar KR hefðu þá valið sér andstæðing og síðan þurft að færa rök fyrir því af hverju þeir vilji mæta einhverju ákveðnu liði fyrir framan forráðamenn þess félags og annarra.

Það gefur andstæðingnum eldsneyti og fyrir vikið er kominn grundvöllur fyrir miklu meira fjöri og líflegri umræðum. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að efsta liðið vilji endilega mæta því sem endaði í áttunda sæti. Svo fengi liðið í öðru sæti að velja sér andstæðing og svo koll af kolli.

Slíkt fyrirkomulag væri mjög fjölmiðlavænt og myndi vekja enn meiri áhuga en ella á viðkomandi rimmum og allri úrslitakeppninni. Það myndi líka kveikja enn frekar í áhorfendum liðanna. Þar af leiðandi fengjum við færri klisjur og fleiri áhugaverð viðtöl.

Ég er sannfærður um að þetta yrði vel heppnað fyrirkomulag og myndi mælast vel fyrir. Ég vil því nota tækifærið og skora á samböndin að taka upp slíkt fyrirkomulag við fyrsta tækifæri. Úrslitakeppnirnar eru vissulega mjög skemmtilegar í dag en það þýðir ekki að það megi ekki gera þær enn skemmtilegri.



# SNJALLSJÓNVARP FRÁ

# Panasonic




Fæst hvítt eða silfurlitað!

39"

42"

## GLÆSILEG HÖNNUN

**Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+**

**Panasonic TXL39E6**

**119.990**

VERÐ ÁÐUR **149.990**

**Panasonic TXL42E6**

**129.990**

VERÐ ÁÐUR **169.990**

**Framúrskarandi myndgæði**
100Hz Backlight Blinking tryggir flöktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

**Viera Connect WiFi snjallsjónvarp**
Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen" getur notandinn aðlagað að sínum þörfum hvað birtist á skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.

FULL HD 1920X1080 · 100Hz Back Light Blinking · my Home Screen · HIGH CONTRAST · SWIPE & SHARE · VIERA Connect · Wireless LAN built-in · SLIM LED

AVForums HIGHLY RECOMMENDED AWARD · Trusted Reviews RECOMMENDED · HDTVtest HIGHLY RECOMMENDED · EDITORS' CHOICE MAR 2013 cnet

„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an atrractively slim design" cnet – Editors choice

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

# DOMINOS-DEILD KARLA



**ÁSKRIFT Í GRINDAVÍK?** Þorleifur Ólafsson lyftir hér Íslandsbikarnum síðasta vor en hann hefur verið í Grindavík í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Þessi tími ársins

Úrslitakeppni Dominos-deildar karla hefst í kvöld og mun eiga sviðsljósið á íslenska íþróttasviðinu næstu sex vikurnar. Fréttablaðið fer yfir einvígin í átta liða úrslitunum og fékk Örvar Þór Kristjánsson, þjálfara ÍR, til að spá í hvernig þetta spilast.



*Örvar Þór Kristjánsson er aðalspámaður Fréttablaðsins fyrir átta liða úrslitin í karlakörfunni.*

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is





Deildarmeistarar KR taka á móti Snæfelli sem endaði í áttunda sæti deildarinnar og hefur ekki endað neðar í ellefu ár. Þessi tvö lið hafa bæði unnið Íslandsmeistaratitilinn á síðustu fjórum árum, Snæfell árið 2010 og KR árið 2011. KR vann tíu síðustu leiki sína í deildinni og tapaði bara einum deildarleik allt tímabilið. Snæfell tapaði hins vegar fjórum síðustu leikjum sínum á móti liðum í úrslitakeppninni.

KLUKKAN 19.15
**DHL-höllinni**
**Mætast í fyrsta leik í kvöld**

## KR VINNUR 3-1

Getumunurinn á liðunum er einfaldlega of mikill. Snæfell er með flottan mannskap en liðið hefur ekki verið að spila nógu vel. Það mun selja sig dýrt á móti KR en það er ekki nóg til að sigra KR sem er besta liðið á Íslandi í dag.

Jón Ólafur hefur verið meiddur og ekki verið nema skugginn af sjálfum sér. Sigurður Þorvaldsson spilar frábærlega og Snæfell mun veita KR alvöru keppni og vinna eina í Hólminum. En KR er langsterkasta liðið í dag. Taflan lýgur ekki.

***Örvar Þór Kristjánsson***

## Aðrir spá

| | |
|---|---|
| **Pálmi Þór Sævarsson,** þjálfari Skallagríms | **KR VINNUR 3-1** |
| **Birgir Örn Birgisson,** þjálfari KFÍ | **KR VINNUR 3-0** |
| **Ágúst Björgvinsson,** þjálfari Vals | **KR VINNUR 3-0** |
| **Hjalti Þór Vilhjálmsson,** þjálfari Fjölnis | **KR VINNUR 3-0** |

### Vissir þú að ...

Pavel Ermolinski var með þrefalda tvennu í báðum leikjunum á móti Snæfelli í vetur og meðaltal hans í leikjunum tveimur gegn Snæfelli var 24,0 stig, 17,0 fráköst og 12,5 stoðsendingar í leik.

KR og Snæfell hafa mæst fjórum sinnum áður og í öll skiptin hefur einvígið unnist í oddaleik. KR vann oddaleikinn í undanúrslitum 2007 og átta liða úrslitunum 2005 en Snæfell vann oddaleikinn í undanúrslitunum 2010 og átta liða úrslitunum 2006.



Grindvíkingar hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn tvö ár í röð, bæði árin sem deildarmeistarar. Þeir enduðu nú í þriðja sætinu og mæta Þór sem varð í sjötta sæti. Grindvíkingar eru eina liðið sem hefur unnið KR á þessu ári og liðið kemur inn í úrslitakeppnina á níu leikja sigurgöngu í deild og bikar. Þórsliðið tapaði tveimur síðustu deildarleikjum sínum en eru ásamt KR eina liðið sem hefur unnið í Röstinni í Grindavík í vetur.

KLUKKAN 19.15
**í Grindavík**
**Mætast í fyrsta leik í kvöld**

## GRINDAVÍK VINNUR 3-1

Rimma liðanna í 3. og 6. sæti ætti að vera jafnari en mér finnst Grindavík hafa verið besta liðið eftir áramót. Það hefur aðeins tapað einum leik og unnið bikarinn. Samt hefur það siglt undir radar. Þetta er rosalega flott og vel þjálfað lið sem er meistari síðustu tveggja ára. Það skyldi enginn vanmeta hjarta meistarans. Þórsarar mega vera sáttir við sitt. Þeir eru með minni hóp og minni reynslu en hafa staðið sig vel á tímabilinu.

***Örvar Þór Kristjánsson***

## Aðrir spá

| | |
|---|---|
| **Pálmi Þór Sævarsson,** þjálfari Skallagríms | **GRINDAVÍK VINNUR 3-2** |
| **Birgir Örn Birgisson,** þjálfari KFÍ | **GRINDAVÍK VINNUR 3-1** |
| **Ágúst Björgvinsson,** þjálfari Vals | **GRINDAVÍK VINNUR 3-1** |
| **Hjalti Þór Vilhjálmsson,** þjálfari Fjölnis | **GRINDAVÍK VINNUR 3-0** |

### Vissir þú að ...

Grindvíkingar hafa unnið sex seríur í röð í úrslitakeppni eða allar síðan þeir töpuðu fyrir Stjörnunni í átta liða úrslitunum 2011. Grindavík hefur komist í 1-0 í öllum seríunum og í 2-0 í fjórum af sex. Ein seríanna var á móti Þór úr Þorlákshöfn en liðin mættust í lokaúrslitunum árið 2012.

Ragnar Nathanaelsson tók 25 fráköst í sigri Þórs í Grindavík en engum tókst að taka fleiri fráköst í einum leik í vetur. Ragnar var með 18,0 stig og 18,5 fráköst að meðaltali í leikjunum á móti Grindavík.

SPORT HD **Í KVÖLD KL. 19.15**



Keflvíkingar, sem enduðu í 2. sæti í deildinni, mæta góðkunningjum sínum úr Stjörnunni en Garðbæingar urðu í 7. sæti. Stjarnan hefur tvisvar komist í lokaúrslitin á síðustu þremur árum en fengið silfur í bæði skiptin og Keflvíkingar hafa ekki orðið Íslandsmeistarar síðan 2008. Keflvíkingar töpuðu þremur síðustu fimm deildarleikjum sínum en héldu samt öðru sætinu á meðan Stjörnumenn tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni með þremur sigrum í röð á lokasprettinum.

KLUKKAN 19.15
**í Ásgarði**
**Mætast í fyrsta leik á morgun**

## KEFLAVÍK VINNUR 3-1

Þetta verður forvitnileg sería og ég veit að Teitur hefur fulla trú á að Stjarnan geti unnið. En Keflavík er með frábæran sjö manna kjarna og mér finnst það betra liðið. Stjarnan hefur verið að hiksta og rétt slefar inn í úrslitakeppnina þrátt fyrir að vera með ágætis lið. Svo á það engan mann á Craion frekar en aðrir. Keflavík fer líka langt á því að vilja hefna fyrir seríuna í fyrra. Ef það verða óvænt úrslit í 8 liða úrslitum verður það þarna.

***Örvar Þór Kristjánsson***

## Aðrir spá

| | |
|---|---|
| **Pálmi Þór Sævarsson,** þjálfari Skallagríms | **STJARNAN VINNUR 3-2** |
| **Birgir Örn Birgisson,** þjálfari KFÍ | **KEFLAVÍK VINNUR 3-2** |
| **Ágúst Björgvinsson,** þjálfari Vals | **KEFLAVÍK VINNUR 3-1** |
| **Hjalti Þór Vilhjálmsson,** þjálfari Fjölnis | **KEFLAVÍK VINNUR 3-1** |

### Vissir þú að ...

Keflavík og Stjarnan eru að mætast í fyrstu umferð úrslitakeppninnar þriðja árið í röð en Stjörnumenn unnu bæði hin skiptin í oddaleik í Garðabænum þar af fyrra árið í framlengingu.

Andy Johnston getur orðið fyrsti erlendi þjálfarinn í 24 ár til þess að gera lið að Íslandsmeisturum eða síðan Ungverjinn Lazlo Nemeth vann með KR-liðið árið 1990. Geof Kotila komst næst því þegar hann fór með Snæfellsliðið í lokaúrslitin árið 2008.

SPORT HD **Á MÁNUDAGINN KL 19.15**



Njarðvíkingar urðu í 4. sæti og hafa heimavallarréttinn á móti Haukum en nýliðarnir úr Hafnarfirði enduðu í 5. sætinu sem er einn besti árangur nýliða á síðustu árum. Njarðvík, sigursælasta lið í sögu úrslitakeppninnar, hefur ekki komist í gegnum átta liða úrslitin þrjú undanfarin tímabil og ekki verið í lokaúrslitum í sjö ár. Haukarnir eru aftur á móti aðeins að taka þátt í sinni annarri úrslitakeppni á síðustu tíu árum en liðið varð Íslandsmeistari í fyrsta og eina skiptið fyrir 26 árum.

KLUKKAN 19.15
**í Njarðvík**
**Mætast í fyrsta leik á morgun**

## NJARÐVÍK VINNUR 3-1

Fyrirfram á þetta að vera jafnasta serían. Ég er hrifinn af Haukaliðinu sem gefur orðinu seigla nýja merkingu. Þeir eru ekkert „fansí“ en þeir eru rólegir og ótrúlega flottir. Njarðvík er sterkara liðið. Það hefur farið upp og niður í vetur en ég hef trú á að menn þar séu hungraðir í meira og vilji kveðja Einar Árna á góðum nótum. Það sem ræður úrslitum er einvígi bakvarðanna: Logi Gunnars og Elvar Már á móti Emil Barja og Hauki Óskars.

***Örvar Þór Kristjánsson***

## Aðrir spá

| | |
|---|---|
| **Pálmi Þór Sævarsson,** þjálfari Skallagríms | **NJARÐVÍK VINNUR 3-1** |
| **Birgir Örn Birgisson,** þjálfari KFÍ | **NJARÐVÍK VINNUR 3-2** |
| **Ágúst Björgvinsson,** þjálfari Vals | **NJARÐVÍK VINNUR 3-1** |
| **Hjalti Þór Vilhjálmsson,** þjálfari Fjölnis | **NJARÐVÍK VINNUR 3-2** |

### Vissir þú að ...

Það var gríðarlegur munur á innbyrðisleikjum liðanna. Njarðvíkingar unnu fyrri leikinn í Ljónagryfjunni með 22 stigum, 105-83, en Haukarnir unnu seinni leikinn á Ásvöllum með 11 stigum, 86-75. Logi Gunnarsson skoraði 41 stig í leiknum í Njarðvík og Emil Barja var með þrennu í þeim síðari.

Haukarnir hafa ekki unnið seríu í úrslitakeppni síðan Ívar Ásgrímsson þjálfaði þá síðast og fór með liðið í undanúrslitin vorið 2000. Frá þeim tíma hafa Haukarnir tapað fimm seríum í röð. Njarðvíkingar hafa tapað fjórum seríum í röð þannig að eitthvað verður undan að láta núna.

SPORT HD **FÖSTUDAGINN 28. MARS KL 19.15**


SKIL
Vnr. 74097000
SKIL háþrýstidæla, 1400W, 100 bör.
9.995kr.
SKIL
Vnr. 74092400
SKIL rafhlöðuborvél, 10,8V, 2 rafhlöður.
16.995kr.
STIGLAUS HRAÐABREYTING
TASKA FYLGIR
BOSCH
Vnr. 74860500
BOSCH 500-RE borvél, 500W, 13 mm sjálfherðandi patróna.
9.995kr.
BOSCH
Vnr. 74862195
BOSCH multisög PMF 190 E.
Aukahlutir fylgja.
KLÚBB verð
13.995kr.
Almennt verð 18.995 kr.
BOSCH
Vnr. 74864114
BOSCH PSR 14,4V rafhlöðuborvél, 2 lithium rafhlöður fylgja með, 1,5 Ah.
24.995kr.
BOSCH
Vnr. 74864005
BOSCH IXO III Basic rafhlöðuskrúfvél, 3,6V, hleðslutæki og skrúfbitar fylgja.
8.795kr.
SKIL
Vnr. 74092390
SKIL 1470AA multisög, 200W, slípi- og skurðarfylgihlutir.
11.995kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
Einhell
Vnr. 74801026
Einhell juðari BT-OS 150, nettur og þægilegur í alls kyns slípivinnu.
3.495kr.
Einhell
Vnr. 74801610
EINHELL slípirokkur BT-AG 500. Nettur og léttur slípirokkur. Aðeins 1,68 kg.
3.995kr.
Einhell
Vnr. 74802250
EINHELL stingsög BT-JS, 650W, sagar 80 mm þykkan við, 20 mm plast og 10 mm stál.
4.995kr.
Einhell
Vnr. 74804114
EINHELL rafhlöðuborvél 14,4V. Ódýr og góð borvél sem hentar vel fyrir heimilið, taska og aukarafhlaða.
5.995kr.
Vnr. 68575450
ELLIX hallamál, 40 cm.
995kr.
Vnr. 68570874
ELLIX klaufhamar með stálskaft.
895kr.
Vnr. 70210023
BYKO trésög SPEC-22-F7.
1.445kr.
BYKO TEKUR ÞÁTT Í ÁTAKI KRABBAMEINSFÉLAGSINS
HRAUSTIR MENN
MOTTU MARS
Af því tilefni renna 10% af söluandvirði af völdum vörum til Krabbameinsfélagsins.
38 CM
Vnr. 68393973
LUX PROMO verkfærabox, 38 cm.
895kr.
Vnr. 68573524
ELLIX málband, 5 m.
465kr.
Vnr. 68574160
ELLIX smíðablýantur.
255kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
facebook.com/BYKO.is
www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

## Stöð 2 kl. 20.20
### Masterchef USA



Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna dómnefndarmeðlimina yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.

## Í KVÖLD



### Eldað með Ebbu
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.



### Tekinn 2
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Önnur sería hinnar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn, þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutcher og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt.



### Dominos-deild karla
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá leik Grindavíkur og Þórs Þorlákshafnar í Dominos-deild karla í körfubolta.

## Bylgjan kl. 13.00
### Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér væn-an skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.



SIXTIES LÍNAN



Ami borðstofustóll kr. 24.900



YUMI
Sófaborð
130x65
kr. 55.800

YUMI
Hringborð
2 saman í setti
50 cm / 40 cm
kr. 28.700



GINA
stólar
kr. 19.900



OSLO
Eikarskenkur
160x45x63
kr. 159.800



RETRO
Sófi
170 cm
kr. 169.800

Litir: Grásvartur / Fjólublár / Sand

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Suits**
**11.45 Nashville**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Anger Management**
**14.45 The O.C.**
**15.40 Loonatics Unleashed**
**16.05 Tasmanía**
**16.30 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Fóstbræður**
**19.50 Life's Too Short** *(4:7)* Breskir gamanþættir úr smiðju húmoristanna Ricky Gervais og Stephen Merchant. Aðalsöguhetjan er dvergurinn Warwick Davis sem leikur í raun sjálfan sig og bæði Gervais og Merchant leika sjálfa sig í þáttunum.
**20.20 Masterchef USA** *(12:25)*
**21.05 The Blacklist** *(16:22)*
**21.50 NCIS** *(6:24)*
**22.35 Person of Interest** *(9:23)*
**23.20 Survival of the Dead**
**00.55 Spaugstofan**
**01.20 Mr. Selfridge**
**02.05 The Following**
**02.50 Banshee**
**03.40 Anger Management**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**12.10 Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Olympiakos**
**13.50 Meistaradeildin - meistaramörk**
**14.35 Valur - Snæfell**
**16.05 Dominos deildin - Upphitun**
**16.55 Anzhi - AZ Alkmaar** *(B)*
**19.00 Grindavík - Þór Þ.** *(B)*
**21.00 Dominos deildin - Upphitun**
**21.50 Benfica - Tottenham**
**23.30 Napoli - Porto**
**01.10 UFC Fight Night**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**12.15 Southampton - Norwich**
**14.00 Messan**
**15.45 Everton - Cardiff**
**17.25 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**18.20 Stoke - West Ham**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Tottenham - Arsenal**
**22.10 Football League Show 2013/14**
**22.40 Aston Villa - Chelsea**
**00.20 Messan**

### INN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

### STÖÐ 3

**17.05 H8R**
**17.45 How To Make it in America**
**18.10 1600 Penn**
**18.35 Game tíví**
**19.05 Ben and Kate**
**19.30 Lífsstíll**
**20.00 American Idol** *(20:37)*
**21.20 Hawthorne** *(4:10)*
**22.05 Shameless**
**23.50 Supernatural**
**00.35 Game tíví**
**01.05 Ben and Kate**
**01.25 American Idol**
**02.45 Lífsstíll**
**03.05 Hawthorne**
**03.50 Supernatural**
**04.35 Tónlistarmyndbönd**

### Krakkastöðin

**07.00** Ljóti andarunginn og ég **07.23** Latibær **07.34** Ævintýraferðin **07.47** Tom and Jerry **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.19** Svampur Sveinsson **09.45** Gulla og grænjaxlarnir **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Brunabílarnir **10.47** Ávaxtakarfan **11.00** Ljóti andarunginn og ég **11.23** Latibær **11.34** Ævintýraferðin **11.47** Tom and Jerry **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.19** Svampur Sveinsson **13.45** Gulla og grænjaxlarnir **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.25** Brunabílarnir **14.47** Ávaxtakarfan **15.00** Ljóti andarunginn og ég **15.23** Latibær **15.34** Ævintýraferðin **15.47** Tom and Jerry **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.19** Svampur Sveinsson **17.45** Gulla og grænjaxlarnir **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.25** Brunabílarnir **18.47** Ávaxtakarfan **19.00** Algjör Sveppur - Dagur í lífi stráks **20.40** Sögur fyrir svefninn

### GULL

**17.50 Strákarnir**
**18.20 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Tekinn 2** *(4:14)*
**20.30 Weeds** *(4:13)*
**21.00 Game of Thrones** *(8:10)*
**21.55 Without a Trace** *(3:24)*
**22.40 Curb Your Enthusiasm**
**23.10 Twenty Four**
**23.55 Tekinn 2**
**00.20 Weeds**
**00.50 Game of Thrones**
**01.45 Without a Trace**
**02.30 Curb Your Enthusiasm**
**03.00 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓ

**11.10 Glee - The 3D Concert Movie**
**12.35 October Sky**
**14.20 The Bourne Legacy**
**16.35 Glee - The 3D Concert Movie**
**18.00 October Sky**
**19.45 The Bourne Legacy**
**22.00 Boys Don't Cry**
**23.55 Safe House**
**01.50 Lawless**
**03.45 Boys Don't Cry**

### RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Einar Áskell**
**17.33 Verðlaunafé**
**17.35 Stundin okkar**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Kiljan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.05 Eldað með Ebbu** *(3:8)* Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.
**20.40 Martin læknir** *(2:6) (Doc Martin)* Læknirinn Martin Ellingham býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga. Hann er fær læknir en með afbrigðum klaufalegur í mannlegum samskiptum.
**21.30 Best í Brooklyn** *(9:22) (Brooklyn Nine-Nine)* Þátturinn var valinn besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
**21.50 Svipmyndir frá Noregi** *(3:7) (Norge rundt)* Fylgst er með konu með einstakt hjartalag sem vinnur hörðum höndum að því að aðstoða þá sem minna mega sín.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(14:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.00 Stundin** *(1:6) (The Hour II)*
**23.55 Kastljós**
**00.15 Fréttir**
**00.25 Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.50 The Voice**
**17.05 90210**
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Parenthood**
**19.10 Cheers**
**19.35 Trophy Wife** *(11:22)*
**20.00 Svali&Svavar** *(11:12)*
**20.40 The Biggest Loser - Ísland** *(9:11)* Stærsta framleiðsla sem SkjárEinn hefur ráðist í frá upphafi. Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla sér að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl og tileinka sér hollt mataræði og hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir
**21.40 Scandal** *(10:22)*
**22.25 The Tonight Show**
**23.10 CSI**
**23.55 Franklin & Bash**
**00.40 The Good Wife**
**01.30 The Tonight Show**
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.30** PGA Tour 2014 **13.30** Golfing World 2014**14.20** Champions Tour 2014 **16.20** Champions Tour 2014 - Highlig **17.15** PGA Tour Latinoamerica **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Inside The PGA Tour 2014 **23.15** Feherty

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

www.n1.is facebook.com/enneinn




Punktur er punkts gaman!

Komdu í partí N1

BÍÓMYNDIN



**„Cinema Paradiso. Hún er svo óendanlega falleg og snertir alla strengi í hjartanu, fyndin og átakanleg í senn. Hún dekkar alla liti tilfinningaregnbogans.“**

Hallveig Rúnarsdóttir söngkona

# Sirkusinn leitar til landsmanna

Sirkus Íslands vantar nafn á glænýja sirkustjaldið sem er á leiðinni til landsins.

„Ég er að tryllast úr spenningi. Tjaldið er ótrúlega flott og er á litinn eins og eldfjall með hraun rennandi niður hlíðarnar. Við vildum að það myndi passa inn í íslenskt landslag án þess að tapa sirkusfílingnum,“ segir Margrét Erla Maack hjá Sirkus Íslands. Sirkusinn efndi til söfnunar fyrir tjaldinu á hópfjármögnunarvefnum Karolinafund síðasta haust. Þar söfnuðust sex og hálf milljón og sirkusinn lagði fram meira en tvöfalda þá upphæð til að kaupa tjaldið. Nú er tjaldið tilbúið og lagði af stað til landsins frá Ítalíu í gær.

„Það kemur í byrjun apríl. Það er mikið vesen að flytja það – ekki aðeins til landsins heldur líka á milli landshluta. Þegar það kemur þurfum við að æfa okkur að setja tjaldið upp og taka það aftur niður. Þetta verður alvöru farandsirkus,“ segir Margrét en sirkusinn ætlar í ferðalag um landið næsta sumar.

„Við höfum aldrei staðið undir nafni sem Sirkus Íslands því sýningarnar okkar hafa verið bundnar af því hvar er nógu stórt hús og öðrum tæknilegum atriðum. Nú getum við boðið upp á sýningar um land allt og ég hlakka mikið til að geta ekki farið í bað nema ég hafi tíma til að fara í sund,“ segir Margrét á léttu nótunum. Sirkusinn leitar nú aftur til þjóðarinnar og óskar eftir tillögum að nafni á nýja tjaldið. Hugmyndir skulu sendar á tjald@sirkusislands.is.

„Það er komið fullt af skemmtilegum hugmyndum í púkk sem ég vil ekki segja frá. Þegar tjaldið kemur til landsins ætlum við að kasta í það kampavíni og skíra það.“ - lkg



**Í SKÝJUNUM** Margrét er að vonum afar spennt yfir komu tjaldsins.

# Kom fram á milli tveggja goðsagna

Highlands kom fram í þriðja sinn á ferlinum á eftir Björk og á undan Patti Smith í Hörpu á þriðjudag.

„Þetta var ótrúlega mikill heiður að fá að spila á tónleikum með svona stórum nöfnum,“ segir Karin Sveinsdóttir, söngkona sveitarinnar Highlands, sem hún skipar ásamt Loga Pedro Stefánssyni, en þau spiluðu á Stopp – Gætum garðsins tónleikunum í Hörpu á þriðjudag.

Highlands komu fram á eftir Björk og áður en Patti Smith steig á svið. „Þetta voru bara þriðju tónleikarnir okkar þannig að það var stress að vera að spila þarna mitt á milli Bjarkar og Patti Smith, en það gekk vel. Þessir tónleikar voru þeir stærstu sem við höfum spilað á,“ segir Karin jafnframt og heldur áfram. „Þeir voru frábærir rétt eins og önnur gigg sem við höfum verið á, við skemmtum okkur alltaf jafn vel.“

Á tónleikunum kom fjöldinn allur af listamönnum fram, ásamt Patti Smith og Björk, komu fram Lykke Li, Retro Stefson, Of Monsters and Men, Samaris, Mammút og Highlands. Náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd stóðu fyrir tónleikunum, en allir listamenn gáfu vinnu sína.

Highlands spilar í Fönkþættinum á X-inu í dag og spilar svo á Ak extreme fyrstu helgina í apríl. „Við erum líka alltaf að vinna í nýrri tónlist þannig það er alveg nóg að gera,“ segir hún.

Fyrsta smáskífa Highlands kom út á þessu ári, en tónlistarveitan iTunes í Bandaríkjunum mælti með henni á dögunum. „Við höfum fengið gríðarlega góðar viðtökur og það er ekkert nema gaman að iTunes mæli með tónlistinni okkar.“

olof@frettabladid.is




**HIGHLANDS** Karin Sveinsdóttir og Logi Pedro komu fram í þriðja sinn opinberlega á tónleikunum í Hörpu.

# Er alls enginn perri

Þýski ljósmyndarinn Mirko Kraefts sem auglýsti eftir konum til þess að sitja fyrir naktar hefur fengið góð viðbrögð. Hann fangar náttúrulega fegurð þeirra.

„Það hafa mjög margar stelpur haft samband við mig eftir að viðtalið við mig birtist í Fréttablaðinu um daginn,“ segir þýski ljósmyndarinn Mirko Kraeft, sem er hér á landi til þess að mynda lokaverkefni sitt við Berliner Technische Kunsthochschul. Hann auglýsti eftir íslenskum konum sem væru til í að sitja fyrir naktar í lokaverkefni hans.

„Ég hef verið að aðstoða hann allan þann tíma sem hann hefur verið hér á landi og höfum við þurft að segja oftar nei en já við þær stelpur sem hafa sóst eftir því að sitja fyrir hjá honum vegna þess að hann er að leita að þessari náttúrulegu íslenskri fegurð og er hann með mjög ákveðna hugmynd í huga. Hann er mjög fágaður í sinni vinnu,“ segir Anna Kristín Arnardóttir, sem er nemi í Ljósmyndaskólanum og aðstoðarkona þýska ljósmyndarans Mirko Kraeft.

**„Það er erfiðast að sannfæra stelpurnar um að þær þurfi ekkert að óttast.**



Mirko er með ákveðnir hugmyndir fyrir verkefnið sitt og sækist ekki eftir því að mynda hvaða konu sem er, til að mynda hafa ákveðnar stúlkur sem sótt hafa um að sitja fyrir hjá honum ekki hentað, því sumar hafa verið með of alþjóðlegt útlit, aðrar of kynþokkafullar og enn fleiri of venjulegar.

„Helstu vandræðin hafa verið hversu margar stelpur eru feimnar, þær eru oft hræddar um að myndirnar fari fyrir allra augu. Það er erfiðast að sannfæra stelpurnar um að þær þurfi ekkert að óttast. Ég mun gera skriflegan samning við þær þar sem samið er um birtingu myndanna, ef þær til dæmis vilja ekki að myndirnar séu birtar á Íslandi eða á internetinu þá er það ekkert mál,“ segir Mirko.

Hann segir ferlið ekki vera þannig að hann hitti stelpu, biðji hana um að fara úr fötunum og taki svo myndir, heldur að þetta sé mun lengra og flóknara ferli. „Ég fer hægt og rólega í þetta með stelpurnar. Ég hitti þær fyrst og þá ræðum við myndatökuna, við búum til gott og þægilegt andrúmsloft. Þetta á frekar að vera skemmtilegt heldur en alvarlegt og frábært tækifæri fyrir stelpurnar að sjá sig frá öðru sjónarhorni,“ útskýrir Mirko.

Hann er búinn að mynda eina stelpu og gekk það mjög vel og í vikunni mun hann síðan mynda fjórar aðrar. „Ég myndaði rosalega fallega stúlku, hún var ólétt og geislaði öll. Hún var gráti næst þegar hún sá myndirnar. Hún var svo óvön að sjá sig svona náttúrulega. Hún var mjög hugrökk.“ Mirko segir margar fallegar stúlkur mála sig of mikið og fela sig bak við þá náttúrulegu fegurð sem hann leitar að. „Þessi sería á að láta konur fá meira sjálfstraust og sýna þeim hversu fallegar þær eru, náttúrulegar.“

Verkefnið hans er styrkt af fyrirtækinu Leica sem er mjög framarlega í ljósmyndageiranum. Hann er einnig styrktur af Bílaleigu Akureyrar, Höldi. „Það voru margir Íslendingar sem ég hitti, sem hlógu að mér því ég var ekki á bíl og fór allt fótgangandi, nú er ég kominn með bíl,“ segir Mirko léttur í lundu.

Mirko, sem yfirgefur landið undir lok mánaðarins, segist ætla að koma aftur til þess að klára verkefnið sitt. „Ég vil mynda náttúrulega fegurð íslenskra kvenna og einnig landslag sem hentar viðkomandi kvenmanni. Hvert verk er í raun tvær myndir, ein af konu og hin af landslagi sem minnir mig á hverja konu fyrir sig. Ég hef ekki náð að klára verkið sökum veðurs og ætla að koma aftur í maí og klára verkefnið.“

gunnarleo@frettabladid.is



# Sony Center

www.sonycenter.is

NÝ VERSLUN
**smá**
SONY CENTER
Í KRINGLUNNI




# Spennandi framtíð

## FERMING 2014

### ACTIONCAM - SMÍÐUÐ FYRIR ÆVINTÝRI

HDRAS30VB

- Full HD upptökuvél með Carl Zeiss Tessar linsu
- Sterkbyggð og vatnsheld (í köfunarhylki)
- Mögnuð hristivörn og GPS
- Bike eða Wearable Kit fylgir

VERÐ 64.990.-



Fermingartilboð
**79.990.-**

### POTTÞÉTTUR OG VATNSHELDUR XPERIA

SONY XPERIA Z GSM ANDROID 5" SNJALLSÍMI

- 5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

TILBOÐ 79.990.- VERÐ ÁÐUR 139.990.-




Fermingartilboð
**99.990.-**

### EINN SÁ SNJALLASTI Í HEIMI

SONY XPERIA Z1 COMPACT GSM ANDROID 4.3" SNJALLSÍMI

- 4.3" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 20.7 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

TILBOÐ 99.990.- VERÐ ÁÐUR 109.990.-




### FULLKOMIN FARTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ

SVF1521D2EB

- I3-3217U Intel örgjörvi
- 15,5" Flat LED skjár
- 4GB innra minni, 500GB diskur

VERÐ 159.990.-



Fermingartilboð
**9.990.-**

### HÁRFÍN HLJÓMGÆÐI MEÐ NOICE CANCEL

MDRNC8

- 30mm hátalarar
- Noice Cancel þurrkar út utanaðkomandi hljóð
- Lengd kapals 1.2m

TILBOÐ 9.990.- VERÐ ÁÐUR 12.990.-



Fermingartilboð
**15.190.-**

### FRÁBÆR HLJÓMTÆKI Á SNILLDAR VERÐI

SRSBTM8B

- Flott hljómtæki fyrir snjallsíma og fleira
- Bass Reflex kerfi
- Bluetooth tenging

TILBOÐ 15.190.- VERÐ ÁÐUR 18.990.-




Fermingartilboð
**119.990.-**

### EIN ÖFLUGASTA SMÁMYNDAVÉL VERALDAR

DSC-RX100

- 20,2 Megapixlar, EXMOR R CMOS myndflaga
- Full HD 1080 videotaka
- Carl Zeiss linsa

TILBOÐ 119.990.- VERÐ ÁÐUR 149.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Kringlunni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri
569 7645

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN VISA***
*3,5% lántökugjald og 340 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Samningur vegna Noah

Stórmyndin Noah var heimsfrumsýnd í Sambíóunum Egilshöll á miðvikudagskvöld að viðstöddum leikstjóranum **Darren Aronofsky** og Patti Smith, sem samdi lag sem hljómar í myndinni. Russell Crowe leikur aðalhlutverkið í Noah, sem fer í almennar sýningar í Bandaríkjunum og hér á landi 28. mars. Framleiðendurnir lögðu því mikla áherslu á að gestirnir í Egilshöll skrifuðu ekkert um innihald myndarinnar í fjölmiðlum þangað til, þar á meðal gagnrýni. Voru þeir látnir skrifa undir samning þess efnis og gætu átt yfir höfði sér lögsókn ef hann verður brotinn. **- fb**



### Lykke Li hélt upp á afmælið á Íslandi

Tónleikarnir Stopp – gætum garðsins voru haldnir í Hörpu á þriðjudag en meðal þeirra sem komu fram voru Lykke Li, Patti Smith, Björk og Retro Stefson. Eftir tónleikana fékk Lykke Li afmælisköku í búningsherbergið í Hörpu, og þaðan hélt hópurinn á Boston til að skála fyrir afmælisbarninu. Þar mátti sjá fjölda fólks, auk tónlistarmannanna sem komu fram, til dæmis Egil Sæbjörnsson myndlistarmann, Andra Snæ Magnason rithöfund, Krumma í Mínus og hljómsveitarmeðlimi íslensku sveitarinnar Mammút, Ásu Dýradóttur og Katrínu Mogensen. **- ósk**



## Mest lesið Vísir

1. „Kokkurinn sagðist ekki hafa tíma fyrir svona vitleysu“
2. Íslenskir álfar svöruðu flöskuskeyti ensks drengs
3. Meintir innbrotsþjófar náðust á mynd
4. Föst í fátæktargildru í félagslegum leiguíbúðum
5. Bóndi reiður og sár út í Bændasamtökin




